





SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
8. júní 2005 - 153. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR



### Fersk tónlist úr nýjum hráefnum

Hiphop-aðdáendur ættu að flykkjast á Pravda í kvöld þar sem tónlistarmennirnir Beatmakin Troopa, PTH, Dj B-Ruff og Diddi Fel láta ljós sitt skína..

TÓNLIST 23

### Enn fleiri forföll hjá íslenska liðinu



Heiðar Helguson er tæpur vegna veikinda fyrir landsleik Íslands og Möltu í kvöld. Það gætu orðið enn ein forföllin í liðinu en tveir menn meiddust gegn Ungverjum í síðasta leik og þrír fóru í leikbann.

ÍÞRÓTTIR 20-21

### Ástand fiskistofnanna



Sjávarútvegurinn bíður enn eftir að spá um auknar þorskveiðar rætist en nokkuð virðist í land með það.

360° 14

VEÐRIÐ Í DAG




**ÞAÐ STYTTIR UPP SYÐRA Í DAG EN ÁFRAM** verða lítilsháttar skúrir fyrir norðan. Kólnandi veður um tíma, en áfram nokkuð hlýtt fyrir austan.

VEÐUR 4




# Landlæknir átelur lækna fyrir ávísanir á morfín

Landlæknisembættið hefur átalið hóp lækna fyrir óeðlilegar ávísanir á morfínlyf og önnur ávanabindandi lyf. Sumir þeirra hafa fengið áminningu. Sérstaklega er tekið í lurginn á þeim læknum sem hagnast með þessum hætti. Nýr lyfjagagnagrunnur sannar gildi sitt.

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknisembættið hefur á undanförnum vikum og mánuðum haft samband við hóp lækna og átalið þá fyrir óeðlilegar ávísanir á morfínlyf og önnur ávanabindandi lyf að sögn Sigurðar Guðmundssonar landlæknis.

Ýmist fá þeir tiltal eða ádrepur, jafnvel áminningar. Síðastnefnda úrræðinu er ekki beitt nema læknirinn sjálfur sé í vímuefnaneyslu af einhverju tagi eða hann fari langt út fyrir velsæmismörk í starfi sínu. Það sem af er þessu ári hefur embættið veitt allt að fjórar áminningar.

„Við höfum haft samband við lækna sem hafa eitthvað misst stjórn á sér,“ sagði landlæknir. „Það verður rætt við fleiri á næstu dögum og vikum. Við erum að vinna með gögn sem við höfum undir höndum úr lyfjagagnagrunni, til að staðfesta eða afsanna orðróm.“



**MORFÍNFÍKN** Fíklar sækjast mjög eftir contalgin forðatöflum, verkjatöflum sem innihalda morfín. Þeir leysa þær upp og sprauta morfíninu í sig. Myndin er sviðsett

Landlæknir kvaðst ekki geta gefið upp hve marga lækna hefði verið rætt við né hversu margir hefðu reynst fara fram úr hófi í tilvísunum á verkjalyf og önnur ávanabindandi lyf. Málið væri á því stigi þessa dagana, að starfsmenn embættisins skiptu með sér að ræða við lækna og því lægju ekki fyrir samræmdar tölur enn sem komið er.

Lyfjagagnagrunnur landlæknisembættisins hefur nú að hluta til verið tekinn í notkun. Landlæknir sagði, að gagnsemi hans væri strax farin að skila sér. Með tilkomu hans yrði mun auðveldara að leita uppi frávik í lyfjaávísunum lækna til fólks.

„Þetta tæki breytir miklu varðandi eftirlit, þótt það ráði ekki við að breyta grunnorsökinni, það er að segja af hverju læknar skrifa út lyf til fíkla,“ sagði landlæknir. „Oft er það þannig að menn gera þetta af einhvers konar miskunnsemi, því þeir vorkenna fíklinum. Í öðru lagi geta fíklarnir talið fólki trú um hluti sem öðrum tekst ekki. Læknar geta verið móttækilegir fyrir því eins og annað fólk. En það er sem betur fer mjög lítið um verstu ástæðuna, að læknar séu að gera þetta til að auka tekjur sínar beinlínis. Ég get ekki sagt hversu stór sá hópur er, en hann er til. Sá hópur þarf mest á því að halda, að tekið sé í lurginn á honum.“

jss@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**JÁRNJÓMFRÚIN TRYLLIR LÝÐINN** Tónleikar þungarokkshljómsveitarinnar Iron Maiden í Egilshöll með Íslandsvininn Bruce Dickinson í broddi fylkingar gengu framar vonum. Ekkert alvarlegt bjátaði á hjá tónleikagestum sem skiptu þúsundum. Lögregla sagði umferð við höllina hafa gengið vel fyrir sig enda er hún reynslunni ríkari eftir síðustu stórtónleika þegar talsverðar umferðartafir urðu.

Atlantic Petroleum í Kauphöll:

## Færeyskt félag skráð

**VIÐSKIPTI** Atlantic Petroleum verður skráð í Kauphöll Íslands 15. júní að öllum líkindum. Félagið verður þar með fyrsta erlenda fyrirtækið sem skráir sig á íslenskan hlutabréfamarkað og fyrsta færeyska félagið sem fer á hlutabréfamarkað. Atlantic Petroleum er olíuleitarfélag sem stundar boranir við Bretland og innan færeysku lögsögunnar.

Talið er að verðmæti félagsins sé um tveir milljarðar króna en um þrjú þúsund hluthafar eiga hluti í því. Meðal hluthafa eru helstu fyrirtæki og stofnanir í Færeyjum.

- eþa / Sjá Markaðinn

Leiðtogafundur Washington í aðdraganda fundar G8-ríkjanna:

# Blair leitar stuðnings Bush

**BRETLAND, AP** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, flaug til fundar við George W. Bush Bandaríkjaforseta í gær. Meðal þess sem efst verður á dagskrá viðræðna þeirra eru útgjöld til þróunarmála í Austur-Afríku, en Blair er í mikið í mun að eyða ágreiningi um það mál áður en leiðtogafundur G8-hópsins hefst í Skotlandi síðar í þessum mánuði.

Bandaríkjastjórn hét í gær að veita 674 milljónum Bandaríkjadala, andvirði um 43 milljarða króna, til matvælahjálpar í Erítreu og Eþíópíu, en það breytir ekki þeirri andstöðu sem Bush forseti hefur sýnt viðleitni Blairs til stóraukinna útgjalda til þróunaraðstoðar í Afríku. Blair lét hafa eftir sér í gær að matvælaaðstoðarátak sem þetta væri velkomið sem slíkt, en



**TONY BLAIR OG GEORGE W. BUSH**

það væri aðeins brot af því sem ráðast yrði í. Sem forysturíki G8-hóps helstu iðnríkja heims næsta árið hafa Blair og nýendurkjörin ríkisstjórn hans sett á oddinn stefnu sem miðar að stórefldri aðstoð við Afríku og átaki í baráttunni gegn loftslagsbreytingum af mannavöldum.

Enn frekar en Afríkuaðstoðin er loftmengunarátakið til þess fallið að skapa núning við ráðamenn í Washington. Ef Blair skyldi takast að telja Bush á að leggja þessum oddamálum lið yrði það til þess fallið að varpa jákvæðara ljósi á pólitískan orðstír Blairs eftir þann skell sem hann mátti þola vegna þess hve sú ákvörðun hans að gera innrás í Írak við hlið Bandaríkjamanna hefur reynst óvinsæl meðal breskra kjósenda. Að mati stjórnmálaskýrenda fer Blair nú til fundar við Bush í vissu um að eiga hönk upp í bakið á honum, en þetta er í fyrsta sinn sem leiðtogarnir tveir hittast eftir naumt endurkjör Blairs fyrir mánuði. ■

sérpantanir afgreiddar fyrir sumarfrí
3 dagar
exó
Reykjavík - Oslo
Fákafen 9
Sími: 568 2866
www.exo.is



**SPURNING DAGSINS**

*Alfreð, verður þetta Græna lónið?*

„Það væri ekki vanþörf á grænu lóni.“

Alfreð Þorsteinsson er borgarfulltrúi Framsóknarflokksins og stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur. Í fréttum í gær kom fram að Orkuveitan hygðist útbúa baðsvæði á Nesjavöllum í anda Bláa lónsins.

Deilt á fiskveiðiráðgjöf Jóns Kristjánssonar:

# Færeyingar helminga þorskveiðarnar

**SJÁVARÚTVEGUR** Alþjóða hafrannsóknaráðið leggur til að dregið verði úr sókn í þorskstofninn við Færeyjar um 50 prósent á næsta ári.

Jakob Rænert yfirmaður fiskirannsókna í Færeyjum sagði í samtali við Fréttastofu útvarpsins í gær að þetta væri afleiðing ofveiði og rangrar ráðgjafar Jóns Kristjánssonar fiskifræðings. Ef haldið yrði áfram með sama sóknarþunga og nú væri hætta á að þorskstofninn færeyski festist varanlega í sögulegu lágmarki.

„Þegar ég kom fyrst að Færeyjaráðgjöfinni árið 2001 hafði Alþjóða hafrannsóknaráðið mælt með stöðvun ýsuveiða og 30 prósenta fækkun veiðidaga,“ segir Jón Kristjánsson.

„Ég var ósammála og ráðlagði óbreytta sókn og stofnarnir stækkuðu. Enn komu fyrirmæli um niðurskurð en ekki var farið eftir því og fjölda fiskidaga haldið óbreyttum. Enn stækkuðu stofnarnir og fóru í sögulegt hámark 2003,“ segir Jón.

Jón kveðst hafa verið forspár um framhaldið. „Ég sagði í skýrslu minni 2003 að þá tæki þorskstofninn að minnka. Við vitum ekki hversu löng né djúp þessi niðursveifla verður, en það versta sem menn gera þegar skortur verður á fæðu er að draga úr veiðum, segir Jón Kristjánsson. **-jh**




**ÞORSKAFLI SVEIFLAST** Línuritið sýnir sveiflur í þorskafla við Færeyjar undafarin 80 ár.

Garðasókn:

# Í lagi að fresta fundi

**KIRKJUMÁL** Óánægja hefur ríkt innan Garðasóknar að undanförnu með að ekki hafi verið boðað til aðalsafnaðarfundar eins og lög kveða á um. Sóknarnefnd ákvað á fundi sínum á dögunum að fresta aðalfundinum um óákveðinn tíma meðan beðið er niðurstöðu kærumála sóknarprests á hendur nefndinni, presti og djákna.

Nú hefur Biskupsstofa svarað sóknarnefndinni um hvort löglega hafi verið að frestuninni staðið og komst hún að þeirri niðurstöðu að svo sé. „Almennt verður að telja að ef málefnalegar ástæður mæla með því að víkja beri frá meginreglu laganna sé ekkert við það að athuga,“ segir í bréfi til nefndarinnar frá því í gær. **-shg**

## PÓLLAND

**PÓLVERJAR KJÓSA UM STJÓRNARSKRÁRSÁTTMÁLANN** Pólverjar hyggjast halda þjóðaratkvæðagreiðslu um staðfestingu stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins þrátt fyrir að Bretar hafi frestað sinni kosningu. Aleksander Kwasniewski forseti Póllands segir mikilvægt að þjóðin fái að segja sína skoðun á sáttmálanum hvað sem úrslitum annars staðar líður.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**FÍKNIEFNI Á FERÐ** Lögregla á Hornafirði lagði hald á níu grömm af amfetamíni og svipað magn af hassi við eftirgrennslan í bíl sem var á leið til bæjarins. Var ökumaðurinn handtekinn og sendur til síns heima eftir skýrslutöku.

**HURÐ NÆRRI HÆLUM** Ökumaður þungaflutningabíls þótti heppinn að bíll hans valt ekki þegar sturtuvagn sem í bílinn var tengdur valt þegar verið var að sturta hlassi í Borgarfirði. Skemmdist vagninn mikið en enga sakaði.



**REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR Í VATNSMÝRI** Hvað væri hægt að gera við þetta landrými?

# Hraðbraut yfir Skerjafjörð

**Reykjavíkurborg mun í haust efna til samkeppni um framtíðarskipulag Vatnsmýrarinnar og á henni að vera lokið fyrir næstu borgarstjórnarkosningar. Reykjavíkurlistinn vill þróa Vatnsmýrina og Álftanes sem eina heild. Sjálfstæðismenn segja samkeppnina óheppilega þar sem forsendur eru ekki skýrar.**

**SKIPULAGSMÁL** Undirbúningur er nú hafinn að alþjóðlegri samkeppni um framtíðarskipulag Vatnsmýrarinnar.

„Við teljum að þetta sé einstakt tækifæri til að halda alþjóðlega samkeppni um stórt lykilsvæði í hjarta höfuðborgar,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Reykjavíkurlistans. „Þetta mál hefur allt til að bera til að vekja heimsathygli meðal arkitekta og skipulagsfræðinga.“

Kostnaður við keppnina liggur ekki fyrir. Stór óvissuliður í því efni er skipan dómnefnda en rætt er um að fá stór nöfn úr arkitektaheiminum til að vekja áhuga á keppninni erlendis.

Með keppninni vilja menn gera sér í hugarlund hvað hægt sé að gera á svæðinu. „Við viljum ná umræðunni upp úr þeim skotgröfum að vera með og á móti flugvellinum,“ segir Dagur. „Það er hins vegar mín sannfæring að hægt sé að finna niðurstöðu sem langflestir geti sætt sig við, hvar sem er á landinu.“

„Ég hef ákveðnar áhyggjur af tímasetningunni sem talað er um,“ segir Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðismanna, og fulltrúi þeirra í stýrihóp um skipulag Vatnsmýrarinnar. Hún telur mikilvægt að forsendur keppninnar séu skýrar til að góður árangur náist. „Nú standa yfir viðræður borgaryfirvalda og samgönguyfirvalda um þetta svæði og í þeim er allt opið. Það er óheppilegt að efna til samkeppni þegar forsendurnar liggja ekki fyrir.“

Greinilegt er að skipulagsmál verða ofarlega á baugi í kosningabaráttunni því á borgarstjórnarfundi í gær kynnti Stefán Jón Hafstein, borgarfulltrúi Reykjavíkurlistans, tillögur um framtíðarbyggð í Vatnsmýrarsvæðinu með tengingu við Álftanes. Samkvæmt þeim er gert ráð fyrir að Vatnsmýrin og Álftanes verði þróuð saman sem ein heild og tengd saman með hraðbraut yfir Skerjafjörðinn. Ekki er langt síðan sjálfstæðismenn kynntu sínar tillögur í skipulagsmálum.

Úrslit í samkeppninni verða svo kynnt fyrir næstu borgarstjórnarkosningar. **grs@frettabladid.is**



**HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR** Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

**DAGUR B. EGGERTSSON** Borgarfulltrúi og formaður skipulagsráðs.

SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN



ÍSLANDSVINUR

50.000 króna gjafabréf
Öllum nýjum Subaru Legacy bílum fylgir nú **50.000 króna úttekt** í Intersport eða Nevada Bob. Bættu við tjaldi, grilli, golfsetti eða flugustöng og borgaðu ekki krónu!

Verð frá:
Sedan: 2.220.000 kr.
Wagon: 2.320.000 kr.
Ferðagasgrill fylgir öllum nýjum Subaru Legacy.

Fíton / SÍA

INTERSPORT

Ingvar Helgason Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Sjálfstæðismenn gagnrýna fyrirhugaða heilsulind:

# Enn eitt gæluverkefnið

**BORGARMÁL** Guðlaugur Þór Þórðarson, borgarfulltrúi sjálfstæðismanna, gagnrýnir að Orkuveita Reykjavíkur ætli sér að fjárfesta í heilsutengdri ferðaþjónustu eins og fyrir liggur. „Það er óþolandi að stjórnarmenn Orkuveitunnar séu sýknt og heilagt að vasast í gæluverkefnum sem borgarbúum er svo sendur reikningur fyrir.“

Orkuveitan vinnur að því í samvinnu við einkafyrirtæki að koma meðal annars á fót baðsvæði að Nesjavöllum á borð við það sem er í Bláa lóninu í Svartsengi. Guðlaugur bendir á að slíkur rekstur samrýmist með engu móti hlutverki fyrirtækisins. „Þessi rekstur er alls óskyldur starfsemi Orkuveitunar og þvert á þá stefnu sem sérstök nefnd, sem skipuð var af R-listanum, lagði til að Orkuveitan markaði sér.“

Alfreð Þorsteinsson, stjórnarformaður Orkuveitunnar, segir ekkert óeðlilegt við þátttöku í slíkum rekstri en bendir á að í þessu tilfelli sé ekki um fjármagn að ræða heldur fyrst og fremst land sem fyrirtækið leggur til.

Guðlaugur gefur lítið fyrir það. „Þeir hafa lýst því yfir að ætla í þennan rekstur á svipuðum forsendum og þeir gera varðandi frístundabyggðina við Úlfljótsvatn og þar stendur til að taka fullan þátt í rekstrinum ásamt einkaaðilum. Þarna er því um annað og meira en land að ræða.“ **-aöe**



**FRÁ NESJAVÖLLUM** Þar rís í framtíðinni heilsumiðstöð á borð við þá sem er í Bláa lóninu en gagnrýnt er að Orkuveita Reykjavíkur standi í slíku ásamt einkaaðilum.


Safnaðu
gulum töppum
af Coke og Coke light
og fáðu glaðning
0,5l af Coke eða Coke light
6x =
Coke sundpoki eða Coke light leikjapoki
4.000 stk.
40x =
4.000 stk.
Coke eða Coke light jó-jó
20x =
20.000 stk.
Komdu með gula tappa af Coca-Cola og Coca-Cola light á næstu Esso eða Olís þjónustustöð og fáðu skemmtilegan sumarglaðning. Hægt er að innleysa gulu tappana til 1. sept. 2005, eða á meðan birgðir endast. Nánari upplýsingar á Coke.is.
Leiktu þér í allt sumar með Coca-Cola

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 08.06.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 63,89 | 64,19 |
| Sterlingspund | GBP | 116,97 | 117,53 |
| Evra | EUR | 78,51 | 78,95 |
| Dönsk króna | DKK | 10,55 | 10,61 |
| Norsk króna | NOK | 9,98 | 10,04 |
| Sænsk króna | SEK | 8,60 | 8,65 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,60 |
| SDR | XDR | 94,36 | 94,92 |

*Gengisvísitala krónunnar*

110,26 -0,60%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íslendingur stýrir dansk-bandarískri vísindastöð á Grænlandi:

# Tekur upp hljóð úr geimnum

**VÍSINDI** Íslenski verkfræðingurinn Eggert Guðmundsson starfar á dansk-bandarísku vísindastöðinni Kellyville á Grænlandi við það að taka upp hljóð frá himingeimnum. Hljóðin eru síðan rannsökuð af hernaðarlegum og borgaralegum sérfræðingum í Bandaríkjunum.

„Við hlustum á og tökum á móti hljóðum af öllum gerðum. Það er margt sérstakt sem berst til jarðar en hvað það er veit ég ekki,“ sagði Eggert í samtali við Aftenposten fyrir nokkru.

Á vísindastöðinni sem er uppi í fjöllum nokkra kílómetra frá Kangerlussuaq, eða Syðri-Straumfirði, þar sem Bandaríkjamenn höfðu eitt sinn herflugvöll, eru hljóðin tekin upp. Einnig er fylgst með ósonlaginu. Allt er svo skráð niður í sambandi við hljóð, ljós og ósonlag en auk þess eru teknar myndir af ljósi.

Eggert hefur búið á Grænlandi í tæp átta ár. Hann fluttist þangað og starfaði hjá dönsku veðurstofunni strax eftir að námi lauk í Danmörku. Hann hefur nú starfað sem stöðvar- og tæknistjóri í Kellyville í þrjú ár. **-ghs**



**EGGERT GUÐMUNDSSON** „Við hlustum á og tökum á móti hljóðum af öllum gerðum. Það er margt sérstakt sem berst til jarðar en hvað það er veit ég ekki,“ segir Eggert sem hefur búið og starfað á Grænlandi í átta ár.



Hringróðurinn – dagur 3:

## Hvíld í gær

**REYKJAFJÖRÐUR** Kjartan Jakob Hauksson hélt kyrru fyrir fram eftir degi í gær og hvíldi sig eftir átökin í fyrsta áfanga. Það viðraði ekki vel til siglinga í gærmorgun en búist er við betra veðri í dag. Gærdeginum eyddi hann hjá ættingjum sínum í Reykjafirði þar sem hann safnaði orku eftir að hafa róið fyrir Kögur í mótvindi. ■

### ÍTALÍA

**FUNDU FALSAÐA SKÓ** Ítölsk tollayfirvöld haldlögðu í gær 35 þúsund pör af „fölsuðum“ íþróttaskóm sem fluttir voru inn frá Kína. Áætlað virði skónna er rúmar 140 milljónir króna, eða 1,8 milljónir evra. Skórnir fundust í fimm gámum í hafnarborginni La Spezia, á vesturströnd Ítalíu. Allir voru skórnir merktir þekktum framleiðendum svo sem Nike, Adidas og Puma.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**DÓMI FAGNAÐ** Líbíski lögreglumaðurinn Gomaa al-Mishri fagnar dómi í gær, en hann ásamt níu öðrum var sýknaður af ákæru um að hafa pyntingar fanga.

Líbíska lögreglan:

## Sýknuð af pyntingum

**LÍBÍA, AP** Níu líbískir lögreglumenn og einn læknir voru í gær sýknaðir af ákæru um að hafa náð fram með pyntingum játningu fimm búlgarskra hjúkrunarkvenna. Þær voru sakaðar um að hafa viljandi smitað 430 börn með HIV-veirunni og voru ásamt palestínskum lækni dæmd til dauða. Þau hafa setið í fangelsi í sex ár. Fólkið heldur fram sakleysi sínu og segist hafa orðið fyrir barsmíðum, raflostum og öðru ofbeldi af hálfu lögreglu. Tvær kvennanna segja að sér hafi verið nauðgað.

Í dómnum sem féll í gær segir að sönnunargögn hafi verið of rýr til að hægt sé að sakfella lögreglumennina. Dauðadómnum var áfrýjað til hæstaréttar og dóms er að vænta í haust. ■

# Barátta um völd og baktjaldamakk

**Orsakirnar fyrir afsögn Hjalta Þorkelssonar skólastjóra Landakotsskóla má rekja til valdabaráttu innan skólans. Skólanefnd hefur ekki brugðist við stuðningsyfirlýsingu foreldra við Hjalta og búist er við því að nýr skólastjóri verði ráðinn í hans stað.**

**LANDAKOTSSKÓLI** Séra Hjalti Þorkelsson skólastjóri Landakotsskóla sagði af sér á föstudag vegna samstarfsörðugleika við skólanefnd. Afsögnin er afleiðing illinda sem skekið hafa skólann undanfarna mánuði.

Samkvæmt bókun á kennarafundi í Landakotsskóla frá 1. mars gengu kennararáðsfulltrúarnir Guðbjörg Magnúsdóttir, Helga Guðrún Loftsdóttir og Irena Kojic á fund skólanefndar þann 28. janúar síðastliðinn og lögðu fram athugasemdir þar sem „gróflega er vegið að starfsheiðri og orðstír skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og nokkurra nafngreindra kennara við skólann.“ Í bókuninni kemur fram að kennararáðsfulltrúarnir hafi farið langt út fyrir þann ramma sem kennararáði er ætlað að starfa eftir. Lýst var yfir vantrausti á kennararáðsfulltrúana og skorað á þá að segja af sér með öllum greiddum atkvæðum.

Á fundi með kennararáði 14. febrúar krafðist Hjalti Þorkelsson skólastjóri þess að fá afhent öll gögn sem lögð voru fram á fundi kennararáðs með skólanefnd 28. janúar. Í kjölfarið fékk Hjalti sendan útdrátt úr minnispunktum fundarins frá ritara skólanefndar en Hjalti krafðist þess að fá óbreytt eintak af minnispunktunum. Skólanefnd varð ekki við ósk Hjalta. Kennarar við skólann óskuðu einnig eftir því að fá óbreytt eintak af minnispunktunum en fengu þau svör frá kennararáði að minnispunktarnir væru glataðir. Kennararnir kærðu athæfi kennararáðs til úrskurðarnefndar upplýsingamála í forsætisráðuneytinu.

Í kjölfarið mögnuðust deilurnar sem endaði með því að skólanefnd sagði Bessí Jóhannsdóttur aðstoðarskólastjóra upp störfum og rökstuddi uppsögnina með sparnaðaraðgerðum. Með uppsögn Bessíar taldi Hjalti skólastjóri að skólanefnd hefði stigið inn á valdsvið sitt sem skólastjóra og við það gat hann ekki unað.

Skólastjórn Landakotsskóla sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem því er lýst yfir að full samstaða sé milli stjórnar og kennararáðs um áframhaldandi skólastarf. Gunnar Örn Ólafsson formaður skólanefndar Landakotsskóla sagði að foreldrar yrðu kallaðir á fund með skólanefnd í vikunni.

ingi@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

**FUNDUR FORELDRA** Á fundi í Reykjavíkurkademíunni á mánudag samþykktu foreldrar barna í Landakotsskóla áskorun til stuðnings Hjalta Þorkelssyni sem send var skólanefnd Landakotsskóla. Kaþólski biskupinn á Íslandi Jóhannes Gjisen neitaði að taka við áskoruninni því hann sagðist ekkert hafa með skólann að gera. Kaþólska kirkjan hefur lýst því yfir að hún beri traust til skólanefndarinnar.



**MÁLIN RÆDD** Sjálfstæðismenn ætla sér stóra hluti í borgarstjórnarkosningunum.

Sjálfstæðisflokkurinn:

## Prófkjör við val á listann

**BORGARSTJÓRN** Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík mun efna til prófkjörs til að velja frambjóðendur á lista flokksins í komandi borgarstjórnarkosningum. Þetta ákvað stjórn Varðar, fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, á fundi sínum í gær. Stjórnin mun leggja það til á fulltrúaráðsfundi í byrjun september að prófkjörið verði haldið um mánaðamót september og október. Þátttöku í prófkjörinu hafa flokksbundnir sjálfstæðismenn, sextán ára og eldri sem hafa búsetu í Reykjavík. **-hb**

Innbrot á Akureyri:

## Brotist inn í fjóra bíla

**DÓMSMÁL** Brotist var inn í fjóra bíla á Akureyri í fyrrinótt og til að bíta höfuðið af skömminni óku þjófarnir tveimur bílanna nokkurn spöl frá upphaflegu bílastæði sínu. Annar þeirra er töluvert skemmdur eftir, en kúpling bílsins virðist hafa eyðilagst. Sömu menn eru taldir hafa verið að verki í öllum tilfellunum.

Málið er í rannsókn. **- mh**


**Mercedes CLK**

**Nýskr. 06.1997 2300cc, 2 dyra, sjsk., ekinn 97 þ.**



2.290 þ.

575 1230

Opi mán-fös 10-18 og lau 12-16

bílaland B&L notaðir bílar

Gjróthálsi 1 bilaland.is


## VEÐRIÐ Í DAG

**Vestlægar áttir.** Það styttir upp í dag syðra og ætti vindur að vera nokkuð skaplegur víðast hvar, í versta falli dálítill blástur! Það kólnar um tíma, nema allra austast. Það má helst búast við skúraveðri við norðurströndina en syðra ætti hann að hanga þurr. Það er spennandi að fylgjast með þróuninni fyrir næstu helgi, sérstaklega eru hestamenn spenntir, því margir ríða í sumarhagana. Enn lofar helgin góðu, þurrt, bjart og sæmilega hlýtt, svo maður er bara bjartsýnn!



Kveðja, Guðríður Arnardóttir náttúrufræðingur.

### Í dag




### Á morgun




Vestnlæg átt, lítilsháttar væta allra syðst. Mjög hlýtt á Austurlandi.

### Föstudagur




Vestlæg eða breytileg átt og víða bjartviðri. Lítilsháttar síðdegisskúrir.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15°C | heiðskírt | Edinborg | 18°C | léttskýjað | Osló | 15°C | sk.m.köflum |
| London | 20°C | heiðskírt | Stokkhólmur | 10°C | heiðskírt | Prag | 12°C | léttskýjað |
| París | 19°C | sk.m.köflum | Barcelona | 24°C | heiðskírt | Milano | 22°C | sk.m.köflum |
| Budapest | 17°C | sk.m.köflum | Helsinki | 14°C | sk.m.köflum | Mallorca | 21°C | sk.m.köflum |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.






verð áður ~~1999~~ kr.

tilboðsverð **1499** kr.

## fjölskyldu-söngleikurinn

# Benedikt búálfur

## á DVD

**fæst aðeins í verslunum 10-11**

**og shell á höfuðborgarsvæðinu**

tilboð gildir frá 8.-19. júni eða meðan birgðir endast

10-11 ...þegar þér hentar



## KJÖRKASSINN

*Á að færa þeim sjávarbyggðum sem ekki njóta góðs af stóriðjuframkvæmdum viðbótarkvóta?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 64% |
| Nei | 36% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er rigningin síðustu daga kærkomin?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

JPV útgáfa og Þjóðminjasafnið taka höndum saman:

# Fornir listamenn færðir almenningi

**BÓKAÚTGÁFA** „Þetta er menningarlegt stórvirki,“ segir Jóhann Páll Valdimarsson bókaútgefandi en í gær kom út á vegum JPV útgáfu bókin Mynd á þili eftir Þóru Kristjánsdóttur list- og sagnfræðing.

Í bókinni er fjallað um íslenska myndlistarmenn frá siðaskiptum til öndverðrar 18. aldar. Hún er gefin út í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands og var því vel við hæfi að útgáfuteitið færi fram í Bogasal Þjóðminjasafnsins en þar fer fram sýning á mörgum verkanna sem fjallað er um í bókinni. Sýningin ber einnig heitið Mynd á þili.

Margra ára rannsóknir liggja að baki verkinu og segir höfundur von sína með útgáfunni vera þá að listamenn fyrri alda verði almenningseign.

Fjöldi fólks var viðstaddur athöfnina og sagði Jóhann Páll við það tækifæri að hann hefði aldrei farið út í þetta verkefni hefði hann vitað fyrir hve mikið umstang fylgdi því. „En þannig er því farið um flest þau verk sem mér þykir vænst um,“ bætti bókarútgefandinn hróðugur við. -jse



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**ÁNÆGÐUR HÖFUNDUR** Margra ára rannsóknir liggja að baki verki Þóru Kristjánsdóttur, Mynd á þili.

Rauf skilorð:

# Fangelsuð fyrir hnupl

**DÓMSMÁL** Kona á fimmtugsaldri var í gær dæmd í Héraðsdómi Reykjavíkur í níutíu daga fangelsi fyrir þjófnað.

Konan stal vörum af öllu mögulegu tagi að verðmæti rúmlega fjörutíu þúsunda króna úr verslunum í Kringlunni í mars í fyrra. Með brotinu rauf konan skilorð en hún hafði í þrígang fengið dóma fyrir þjófnaði á einu ári. Í ljósi þess að ákærða hefur tvívegis áður rofið skilorð töldu dómarar ekki verjandi að skilorðsbinda dóminn enn einu sinni. Því þarf konan að dúsa í steininum í þrjá mánuði. - mh



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ÓEIRÐIR Í LA PAZ, HÖFUÐBORG BÓLIVÍU**

Uppþot í Bólivíu:

# Forsetinn segir af sér

**BÓLIVÍA, AP** Carlos Mesa, forseti Bólivíu, hefur sagt af sér eftir að mörg hundruð manns lömuðu daglegt líf í höfuðborginni La Paz á mánudag með uppþotum og tilraunum til að umkringja forsetahöllina.

Pólitísk kreppa hefur ríkt í landinu undanfarna mánuði og mótmælendur krefjast þjóðnýtingar á orkuiðnaði landsins til að stemma stigu við atvinnuleysi og kreppu. Mesa mun þó áfram sitja sem forseti landsins þar til þingið staðfestir afsögn hans.

Enginn slasaðist alvarlega í uppþotunum á mánudag en lögregla beitti táragasi til að dreifa mannhafinu og handtók 22 menn sem höfðu sig mikið í frammi. ■

Skeggrætt um sjávarnytjar:

# Danir íhuga hvalveiðar

**DANMÖRK** Danir vilja fá leyfi til að stunda hvalveiðar í atvinnuskyni og hugsa þá sérstaklega til Grænlands og Færeyja. Alþjóðahvalveiðiráðið hefur bannað hvalveiðar í atvinnuskyni frá árinu 1986 en Danir ætla nú fyrstir þjóða að taka málefnið upp innan Evrópuþingsins.

Málið hefur valdið miklum deilum í Danmörku og vill Evrópuþingmaðurinn Dan Jørgensen úr Jafnaðarmannaflokknum meina að það væri mjög neyðarlegt fyrir Dani að halda málinu til streitu, hvalveiðar séu í eðli sínu ill meðferð á dýrum. ■

# Fimm eru ákærðir vegna banaslyss

**Fá fordæmi eru fyrir því að starfsmenn fyrirtækja séu dæmdir til refsiábyrgðar vegna vinnuslysa. Ákæra á hendur fimm starfsmönnum við Kárahnjúka var þingfest í Héraðsdómi Austurlands í gær.**

**DÓMSMÁL** Fimm menn, sem allir störfuðu við framkvæmdirnar á Kárahnjúkasvæðinu, hafa verið kærðir fyrir brot á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. 15. mars í fyrra lést ungur maður í vinnuslysi við Þjóðtæplega fjörutíu kílóa þungt grjót hrundi ofan á hann úr hlíð Hafrahvammsgljúfurs.

Einum mannanna, þáverandi framkvæmdastjóra verktakafyrirtækisins Arnarfells, er gefið að sök að hafa vanrækt skyldu til að bregðast við bráðri hættu á heilsutjóni eða vinnuslysum, með því að senda tvo starfsmenn til vinnu í Hafrahvammsgljúfri, þótt honum hafi verið kunnugt um mikla hættu á grjóthruni vegna vaxandi lofthita á svæðinu dagana á undan. Starfsmennirnir tveir voru að merkja fyrir borun við bergvegginn þegar slysið varð.

Fá fordæmi eru fyrir því hér á landi að starfsmenn fyrirtækja séu dæmdir til refsiábyrgðar fyrir brot af þessu tagi. Oftast nær eru fyrirtæki dæmd til greiðslu skaðabóta, án þess að starfsmenn séu dæmdir sérstaklega fyrir þeirra þátt.

Að sögn Helga Jenssonar, sýslufulltrúa á Seyðisfirði, sem fer með málið fyrir hönd ríkissaksóknara, er hugsanlegt að málið verði fordæmisgefandi. „Það hafa ekki fallið margir dómar í hliðstæðum málum og þessum, í rauninni sárafáir. Mér er kunnugt um vinnuslys í Reykjavík þar sem einstaklingar voru dæmdir til refsiábyrgðar, en það er þó ekki efnislega eins og þetta mál og því verður þetta mál öruglega fordæmisgefandi að einhverju leyti“.

Tveir hina ákærðu voru starfsmenn eftirlitsfyrirtækis á vegum Landsvirkjunar þegar slysið varð, einn var framkvæmdastjóri undirverktaka Impregilo, Arnarfells, sem hinn látni starfaði hjá, og einn var yfirmaður eftirlits- og heilbrigðismála hjá Impregilo.

Ef hinir ákærðu verða fundnir sekir um fyrrnefnd brot er einungis hægt að dæma þá til greiðslu sekta þar sem refsiramminn fyrir brot sem þessi gerir ekki ráð fyrir öðrum refsingum en sektum.

Einum hinna ákærðu hafa ekki verið birtar ákærurnar þar sem hann var erlendis þegar málið var þingfest í gærmorgun.

Ákærðu neita allir sök og því fer málið í aðalmeðferð.

magnush@frettabladid.is



**FRÁ FRAMKVÆMDASVÆÐINU VIÐ KÁRAHNJÚKA** Mikil slysahætta myndaðist í Hafrahvammsgljúfri vegna óvenjulegs hita dagana á undan banaslysinu sem varð í mars í fyrra.

Öld liðin frá fullveldi:

# Haraldur aftur til starfa

**NOREGUR** Norðmenn héldu í gær upp á það að rétt 100 ár eru liðin frá því að Noregur sagði sig úr ríkjasambandi við Svíþjóð. Hátíðahöld einkenndust nokkuð af því að dagurinn var ekki almennur frídagur og mættu því einungis nokkur hundruð manns til hátíðahalda í miðbæ Oslóar.



**HARALDUR NOREGSKONUNGUR**

Haraldur Noregskonungur notaði tækifærið og sneri aftur til vinnu eftir löng og erfið veikindi, en hann gekkst undir hjartaaðgerð í vor. Var honum fagnað innilega af viðstöddum er hann ók með Sonju drottningu eftir aðalgötu borgarinnar, Karl Johan, í Kádilják. ■

Hverfi rýmt í Gautaborg:

# Sprengjuhótun í banka

**SVÍÞJÓÐ** Rýma þurfti allstórt svæði í miðborg Gautaborgar í gærmorgun eftir að sprengjuhótun barst í banka þar í borg. Maður gekk inn í bankann og hafði í hótunum við starfsfólk og sagðist hafa búið þannig um hnútana að hann gæti sprengt allan bankann í loft upp ef ekki yrði gengið að kröfum hans.

Lögregla rýmdi stórt svæði umhverfis bankann og réðist síðan til inngöngu og yfirbugaði manninn. Í ljós kom að engin sprengja var í húsinu en þó nokkurn tíma tók að koma allri starfsemi í samt lag í hverfinu. Enginn skaðaðist en fjöldi fólks var eðlilega skelkaður. ■




Kaupfélag Eyfirðinga ályktar:

# Vilja Neytendastofu norður

**RÍKISSTÖRF** Kaupfélag Eyfirðinga svf. hefur boðist til að leggja lóð á vogarskálarnar til að Neytendastofa sem fyrirhugað er að setja á fót verði á Akureyri.

Í ályktun sem stjórn KEA hefur sent frá sér kemur fram að félagið hefur óskað eftir viðræðum við Valgerði Sverrisdóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, um að Neytendastofa verði staðsett á Akureyri. „KEA er tilbúið að leggja fram fjármuni ef Neytendastofa verður staðsett á Akureyri en hversu mikla er ekki hægt að segja á þessu stigi,“ segir Andri Teitsson, framkvæmdastjóri KEA.

Í ályktuninni segir einnig að stjórnin fagni þeirri ákvörðun Guðna Ágústssonar, landbúnaðarráðherra, að Landbúnaðarstofnun verði staðsett á Selfossi. „Þetta er staðfesting á því að ríkisstjórnin vill flytja stofnanir og opinber störf út á land og það er fagnaðarefni,“ segir Andri.



**ANDRI TEITSSON**

Í byrjun maí óskaði stjórn KEA eftir viðræðum við sjávarútvegsráðherra um flutning á meginstarfsemi Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar til Akureyrar en Andri segir formlegt svar ekki hafa borist frá ráðherra. „Ég reikna þó með að við fáum fund fljótlega með ráðherra þar sem þessi mál verða til umræðu,“ segir Andri. -kk

Lestir í Kaupmannahöfn:

# Myndavélar gera gagn

**DANMÖRK** Skemmdarverkum í lestum Kaupmannahafnarborgar hefur fækkað stórlega eftir að myndavélaeftirlit var tekið upp í nokkrum vögnum.



Það hefur löngum valdið miklum kostnaði fyrir DSB, danska lestarfélagið, hversu illa hefur verið gengið um vagna og kostnaður við að þrífa veggjakrot hefur sömuleiðis verið geigvænlegur.

Myndavélum hefur verið komið fyrir í 27 af 130 lestum sem ganga innan borgarmarkanna og hefur það þegar leitt til handtöku nokkurra skemmdarvarga.

Vegna þessarar góðu reynslu stendur nú til að koma eftirlitsmyndavélum upp í sem flestum vögnum. ■


Nú er bara að
„pulsa“ sig upp
fyrir leikinn
Íslendingar borða
SS pylsur
Coca-Cola



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hversu margir íslenskir friðargæsluliðar fara til Afganistan í haust?*

2 *Hvað heitir fráfarandi forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins?*

3 *Hvaða leiksýnig fékk flestar tilnefningar til Grímunnar?*

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Vinnutímatilskipun Evrópusambandsins hefur áhrif hér á landi:

# Vinnutími unglækna breytist

**KJARAMÁL** Landspítalinn hefur skipað starfsnefnd sem fer yfir vinnutíma unglækna með það fyrir augum að laga hann að ákvæðum vinnutímatilskipunar Evrópusambandsins. Nefndin á að koma með tillögur að nýju vaktafyrirkomulagi unglækna fyrir 27. júní, en í því verður þá farið eftir ákvæðum um lágmarkshvíldartíma og hámarksvinnutíma.



BJARNI ÞÓR EYVINDSSON

„Við fögnum þessu, en spítalinn ætlar samt að halda áfram málarekstri sínum,“ segir Bjarni Þór Eyvindsson, formaður Félags unglækna, en í byrjun apríl var dómtekið í Héraðsdómi Reykjavíkur mál unglækna á hendur spítalanum til að fá vinnutímaákvæðin virt. ESA eftirlitsstofnun EFTA, Fríverslunarsambands Evrópu sendi íslenskum stjórnvöldum „rökstutt álit“ í apríl vegna þess að vinna unglækna hafði ekki verið lögð að vinnutímatilskipun Evrópusambandsins. Þá hefur ríkislögmaður óskað eftir lengdum fresti til að skila inn greinargerð um vinnutíma unglækna, en hann átti að sögn Bjarna að skila henni inn í byrjun mánaðarins. „Við erum sum sé enn að bíða eftir henni, en svo er þessi vinna farin af stað af hálfu spítalans.“ -óká




**LANDSPÍTALINN FOSSVOGI** Formaður félags unglækna segir ekki fyrirséð hvernig leysa eigi vanda sem nýtt vaktakerfi unglækna hafi í för með sér, því fjölga verði unglæknum svo þeir fái sinn hvíldartíma samkvæmt Evróputilskipun.

al-Libbi til Bandaríkjanna:

## Óvíst um áfangastað

**KABÚL, AP** Abu Farraj al-Libbi, sem grunaður er um að hafa verið einn valdamesti maður al-Kaída hryðjuverkasamtakanna, hefur nú verið fluttur til Bandaríkjanna frá Pakistan, þar sem hann var handsamaður.



ABU FARRAJ AL-LIBBI

Yfirmenn innan bandaríska hersins hafa ekki viljað gefa upp hvert hann var fluttur en staðfesta að honum hafi verið flogið millilendingalaust á ótilgreindan stað í Bandaríkjunum. ■

Landsbyggðin lifi:

## Umræðu á hærra plan

**LANDSBYGGÐIN** Á aðalfundi samtakanna Landsbyggðin lifi sem haldinn var á Húnavöllum um liðna helgi hvöttu samtökin fólk í hinum dreifðu byggðum til að sameina krafta sína og byggja upp ný atvinnutækifæri. Samtökin telja að fólk á landsbyggðinni þurfi að hækka menntunarstig, efla félagslega samstöðu fólks og eigin sköpun, lyfta umræðunni um byggðamál á hærra plan og láta rödd landsbyggðarinnar heyrast betur á opinberum vettvangi. - hb

# Telja að trú og stjórnmál eigi að tengjast sem mest

**Samkvæmt nýrri könnun telur stór hluti Bandaríkjamanna að trúarbrögð og stjórnmál eigi að tengjast traustum böndum. Bandaríkjamenn segjast líka trúræknari en flestar bandamannaþjóðir þeirra sem hefur verið skýrt með samspili framboðs og eftirspurnar.**

**KÖNNUN, AP** Trúrækni skilur á milli Bandaríkjamanna og sumra af nánustu bandamönnum þeirra. Bandaríkjamenn eru mun afdráttarlausari í trú sinni á Guð og styðja það að blanda saman trúarbrögðum og stjórnmálum í mun ríkari mæli en fólk í öðrum löndum. Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar sem AP-fréttastofan lét gera.

Íbúar í Vestur-Evrópu, þar sem Benedikt XVI páfi hefur einmitt kvartað undan lítilli kirkjusókn, virðast síst trúræknir af þeim sem spurðir voru. Aftur á móti komust Mexíkóar næst Bandaríkjamönnum hvað trúrækni varðar. Hins vegar eru Mexíkóar mun meira á móti þrýstingi klerkastéttarinnar gagnvart stjórnvöldum en Bandaríkjamenn, sem er mjög í takt við þá sögulegu staðreynd að Mexíkóar hafa gjarnan barist gegn áhrifum klerkastéttarinnar.

Næstum allir þeir sem svöruðu í Bandaríkjunum sögðu trúarbrögð vera þeim mikilvæg og einungis tvö prósent sögðust hreint ekki trúa á Guð. Næstum 40 prósent sögðu að trúarleiðtogar ættu að reyna að hafa áhrif á þá sem valdið hafa. Annars staðar eru niðurstöðurnar þvert á það sem gerist í Bandaríkjunum.

Stjórnmálaskýrendur eru ekki sammála um það hvað valdi þessum mikla mun á viðhorfi Bandaríkjamanna og annarra þjóða. Sumir telja að það séu eðlislæg viðbrögð að hafna trúarbrögðum eftir því sem nútímavæðing er meiri og álíta um leið að Bandaríkin séu undantekningin sem sanni regluna. Aðrir segja að Evrópa skeri sig úr; að nútímavæddar þjóðir snúi sér að trúarbrögðum vegna þrár eftir hinu hefðbundna.

Enn aðrir vilja skýra þróunina með markaðslögmálum, að eftir því sem framboðið er fjölbreyttara og meira, þeim mun meiri verði eftirspurnin, og það geti að mörgu leyti skýrt stöðu mála. Í Bandaríkjunum, þar sem mikið framboð er af mismunandi trúarbrögðum og söfnuðum og rík hefð fyrir trúfrelsi, sé spurnin eftir slíku meiri. Aftur á móti hafi eftirspurnin minnkað jafnt og þétt í Evrópu, þar sem kirkjan stendur á gömlum merg og minni hefð er fyrir frelsi og fjölbreytni í trúmálum.

oddur@frettabladid.is

MYND/AP



**GEORGE BUSH BANDARÍKJAFORSETI** Samkvæmt könnun AP-fréttastofunnar eru Bandaríkjamenn mun jákvæðari gagnvart tengslum á milli trúarbragða og stjórnvalda en flestir bandamenn þeirra.

### Aðskilnaður ríkisvalds og trúarbragða

Meirihluti fólks í tíu löndum segir að trúarleiðtogar eigi ekki að reyna að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda.

**Finnst þér að trúarleiðtogar eigi að reyna að hafa áhrif á ákvarðanir stjórnvalda?**

| Land | Já | Nei | (Fjöldi spurðra) |
|---|---|---|---|
| Ástralía | 22% | 75 | (1,001) |
| Kanada | 25 | 72 | (1,002) |
| Frakkland | 12 | 85 | (1,014) |
| Þýskaland | 20 | 75 | (1,002) |
| Ítalía | 30 | 63 | (963) |
| Mexíkó | 20 | 77 | (1,000) |
| Suður-Kórea | 21 | 68 | (1,000) |
| Spánn | 17 | 76 | (1,001) |
| Bandaríkin | 37 | 61 | (1,006) |
| Bretland | 20 | 77 | (1,001) |

**Hversu mikilvæg eru trúarbrögð í lífi þínu?**

| Land | Mikilvæg | Ekki mikilvæg |
|---|---|---|
| Ástralía | 55% | 45 |
| Kanada | 64 | 35 |
| Frakkland | 37 | 63 |
| Þýskaland | 54 | 46 |
| Ítalía | 80 | 19 |
| Mexíkó | 86 | 14 |
| Suður-Kórea | 63 | 34 |
| Spánn | 46 | 52 |
| Bandaríkin | 86 | 14 |
| Bretland | 43 | 57 |

Könnunin var gerð á tímabilinu 12.-26. maí. Skekkjumörk eru 3 prósent. Þar sem ekki er svarhlutfall upp á 100 prósent svaraði afgangurinn „ekki viss“.




Umboðsmaður um skipun rektors Landbúnaðarháskólans:

# Guðni var ekki vanhæfur

**UMBOÐSMAÐUR** Umboðsmaður Alþingis telur að landbúnaðarráðherra, Guðni Ágústsson, hafi ekki verið vanhæfur til að ákveða hver skyldi skipaður í embætti rektors Landbúnaðarháskóla Íslands. Þá telur umboðsmaður ólíklegt að skipunin verði talin ógildanleg.

Ingileif Kristjánsdóttir, ein þeirra sem sótti um starfið, kærði skipun Ágústs Sigurðssonar í starf rektors til umboðsmanns Alþingis. Telur hinn síðarnefndi að málsmeðferð við undirbúning ákvörðunarinnar hafi ekki samrýmst upplýsingalögum í öllum atriðum. Ráðherra og ráðuneyti hans hafi ekki fært fram nægar upplýsingar til staðfestingar á því að svör umsækjenda við spurningum sem lagðar voru fyrir þá hafi upplýst nægilega um þau atriði sem ætlunin var að byggja á við ákvörðunartöku í málinu. Þá hafi rökstuðningurinn fyrir ákvörðuninni þurft að vera gleggri.

Umboðsmaður beinir þeim tilmælum til landbúnaðarráðherra að taka beiðni umsækjandans, um að ákvörðunin verði rökstudd, til athugunar á ný sé þess óskað.

Í álitinu er gerð athugasemd við að svör landbúnaðarráðherra og upplýsingagjöf til umboðsmanns Alþingis hafi ekki verið í samræmi við þær skyldur sem hvíldu á ráðherra sem stjórnvaldi gagnvart umboðsmanni. Eru það tilmæli hans að framvegis verði tekið tillit til þessara athugasemda í svörum til umboðsmanns Alþingis. - jss



**UMBOÐSMAÐUR** Átelur landbúnaðarráðherra fyrir svör hans og upplýsingagjöf vegna málsins.

# Ótrúlegt úrval

## af sófasettum á vaxtalausu tilboði

**Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri**

**Sérsmíðum eftir þínum þörfum.**
Þú velur áklæði, stærð og gerð og við smíðum fyrir þig.

Allir sérsmíðaðir hornsófar*
á tilboði þessa viku



*Stærð 2 sæti x horn x 2 sæti

**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins
**8.325 kr** *
á mán. í 12 mánuði

**Verð nú 99.900,-**
**Verð áður 149.900,-**



**Leðursófasett** 3+1+1 3167



**Hornsófi** tau áklæði Paris



**Hornsófi** leður áklæði 3130



**Leðursófasett** 3+1+1 3002



**Leðursófasett** 3+1+1 3057



**Leðursófasett** 3+1+1 3171



**Leðursófasett** 3+1+1 3058



**Leðursófasett** 3+1+1 3166



**Leðursófasett** 3+1+1 3004



**Bycast sófasett** 3+1+1 Roma



**Leðursófasett** 3+1+1 Nice



**Leðursófasett** 3+1+1 Verona

Gildir til 13. júní eða á meðan birgðir endast.
*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



**SÆRÐUR ÍRAKI** Venju samkvæmt var róstusamt í Írak í gær. Þannig fórust í það minnsta 18 manns í þremur sjálfsmorðsárásum sem gerðar voru nánast á sama tíma á eftirlitsstöðvar í Hawjia, 240 kílómetra norður af Bagdad.

Skert veitingaþjónusta í Viðeyjarstofu:

# Lokað á virkum dögum

**NEYTENDUR** „Þetta var sameiginleg ákvörðun enda umferð fólks í Viðey á virkum dögum mjög lítil,“ segir Jóhannes Stefánsson, eigandi Múlakaffis, sem mun reka veitingasölu í Viðeyjarstofu um helgar í sumar. Er það talsverð breyting frá því sem verið hefur undanfarin ár þegar veitingar hafa verið í boði alla daga.

Rekstraraðilar Viðeyjarferjunnar eru meðal þeirra sem gagnrýnt hafa þessa ákvörðun borgarminjavarðar, Guðnýjar Gerðar Gunnarsdóttur, en skammt er síðan fram fór útboð vegna ferjusiglinga til eyjarinnar og kom ekki fram þar að veitingarekstur yrði aðeins um helgar. Slíkt setur eðlilega þeim fjölda fólks skorður, sem áhuga hefur á að skreppa yfir sundið, og hafa allnokkrir erlendir ferðamenn sem komið hafa að lokuðum dyrum Viðeyjarstofu lýst yfir furðu sinni á þessu.

Þeim er sækja eyjuna heim hefur fækkað um tæpan helming á tíu árum og er þessi ákvörðun ólíkleg til að auka straum ferðamanna til þessarar náttúruperlu.

**-aöe**



**LOK LOK OG LÆS** Þeir sem hug hafa á að skoða sig um í Viðey á virkum dögum ættu að taka með sér nesti enda ekkert annað í boði þar í sumar.

Óvenjuleg handtaka:

# Stöðvaði bílinn sinn

**BANDARÍKIN, AP** Bandarískur lögreglumaður á frívakt lenti í þeirri undarlegu stöðu að mæta bílnum sínum sem stolið hafði verið frá honum nokkru áður.

Hann gerði sér lítið fyrir og framdi borgaralega handtöku á þeim þremur sem í bílnum voru með því að aka í veg fyrir bílinn og draga þá út. Hann hafði svo samband við kollega sína á lögreglustöðinni sem komu og færðu bílþjófana þrjá í fangageymslur. Þeir voru að vonum heldur skömmustulegir enda höfðu þeir ekki búist við að hitta eigandann við þessar aðstæður. ■



**DODGE BROTHER 1923** Ferðamenn geta skoðað þennan elsta bíl landsins í hvert sinn sem ferðin liggur um Selfoss.

Keyptu elsta bíl landsins:

# Elsti bíllinn á Selfossi

**BÍLASALA** „Með þessu móti höldum við þessum elsta bíl landsins í þeim mikla bílabæ Selfossi,“ segir Hilmar Pálsson, en hann keypti um helgina ásamt félaga sínum Sigurði Karlssyni, elsta bíl landsins.

Bíllinn er Dodge Brother árgerð 1923 en hann var keyptur til landsins og gerður upp 1993 af Sverri Andréssyni á Selfossi. Mun bíllinn verða til sýnis á bílasölu þeirra félaga, Betri bílar, um ókomna tíð en hann er vel gangfær og eins og nýr segja þeir sem ekið hafa. Þeir félagar vildu ekki gefa upp kaupverðið en segja það engu máli skipta. Fyrir öllu sé að bíllinn verði áfram á Selfossi en ekki seldur annað. ■

## BANDARÍKIN

**STAL NÆRBUXUM NÁGRANNANS**
Karlmaður frá bænum Warren í Michigan hefur verið kærður fyrir að brjótast inn til nágrannakonu sinnar og stela nokkrum nærbuxnapörum. Konan greip hann við iðju sína í svefnherbergi hennar. Við húsleit hjá manninum fundust fleiri kvennærbuxur.

# Skorrdælir ekki teknir silkihönskum

**Skorrdælingar mega þakka fyrir ef börn þeirra fá pláss í leikskólanum þegar eftirspurn eftir leikskólaplássi eykst. Nágrannarnir hyggjast beita þá hörðu eftir að þeir höfnuðu sameiningu.**

**SAMEININGARMÁL** „Það verður ekki tekið á Skorrdælingum með neinum silkihönskum þegar kemur að því að endurmeta þá samstarfssamninga sem við eigum við þá,“ segir Helga Halldórsdóttir forseti bæjarstjórnar Borgarbyggðar. Hún segir að Borgarbyggð hagnist ekki á þessu samstarfi og því verði það endurskoðað þegar þjónustusamningarnir renna út.

Skorrdælingar höfnuðu sameiningu við fjögur sveitarfélög norðan Skarðsheiðar öðru sinni um síðustu helgi með 26 atkvæðum gegn 17 sem er mjög svipuð niðurstaða og í sameiningarkosningunum í apríl síðastliðnum.

Skorradalshreppur hefur hingað til keypt ýmsa þjónustu frá nágranna sveitarfélögunum en nú virðast flestir sveitarstjórnarmenn þar ekki vera jafn jákvæðir og áður fyrir því að selja Skorrdælingum þá þjónustu.

Skorradalshreppur er með samning við Borgarfjarðarsveit sem tryggir skorrdælskum ungmennum skólavist í grunnskólanum næstu níu árin. Enginn slíkur samningur er þó til um leikskólabörnin. Sveinbjörn Eyjólfsson oddviti í Borgarfjarðarsveit segir að ef til þess komi að pláss verði ónæg fyrir börn á leikskólanum Andabæ verði Skorrdælingar að finna annan leikskóla til að vista börn sín í. „Börn í sveitarfélaginu sem vinnur að uppbyggingunni ganga að sjálfsögðu fyrir,“ segir Sveinbjörn.

Margt bendir því til þess að félagsmálaþjónusta, brunavarnir, menntamál, skipulagsmál og önnur þjónusta í Skorradalshreppi komist í uppnám þegar samstarfssamningarnir verða endurmetnir á næstu árum.

Davíð Pétursson oddviti í Skorradalshreppi segir að ef til þess komi að nágrannasveitarfélögin hætti að selja þeim þjónustu verði tekist á við það þegar að því kemur.

Hann segir að ótti fólks um að skipulags- og umhverfismál í Skorradal hefðu verið sett á hakann í nýju sveitarfélagi hafi ráðið mestu um það að Skorrdælingar höfnuðu sameiningunni.

Að sögn Helgu halda hin sveitarfélögin fjögur sameiningarferlinu áfram en Skorrdælinga verði þó sárt saknað.

jse@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

**HELGA HALLDÓRSDÓTTIR** Helga Halldórsdóttir forseti bæjarstjórnar Borgarbyggðar segir að inn við beinið hafi hún svolítið gaman af þráheldni Skorrdælinga. Það breytir því þó ekki að Skorrdælingar verða eflaust teknir á beinið þegar kemur að endurnýjun þjónustusamninga.



**MÓTMÆLI Í ADDIS ABABA** Þúsundir mótmæla nú kosningaúrslitum í Eþíópíu.

Óeirðir í Eþíópíu:

# Kosningum mótmælt

**EÞÍÓPÍA, AP** Sérsveitir eþíópísku lögreglunnar hafa barið niður mótmælendur af mikilli hörku undanfarna tvo daga. Mótmælendurnir hafa safnast saman til að mótmæla því sem þeir vilja meina að hafi verið víðtækt kosningasvindl stjórnarflokksins í þingkosningum sem haldnar voru í landinu á dögunum.

Lítil stúlka lést þegar til bardaga kom á milli lögreglu og mótmælenda en auk þess hafa tugir manna særst. Lögregla hefur beitt táragasi, kylfum og gúmmíkúlum á mótmælendur, sem kastað hafa grjóti á móti. ■

## AUSTFIRÐIR

**ENDURBÆTUR VIÐ LEIRUTJÖRN**
Hafnar eru framkvæmdir við annan áfanga endurbóta á umhverfi Leirutjarnar á Reyðarfirði. Á vef Fjarðabyggðar kemur fram að í fyrra hafi verið gengið frá austurhluta svæðisins, sáð í það og plantað. „Nú verður unnið við að forma landið meðfram Hjáleiðinni, við hringtorgið og við innkeyrsluna í bæinn,“ segir þar.

OKKUR
BLÓÐLANGAR
Í JAFNRÉTTI

AÐEINS FJÓRÐI HVER BLÓÐGJAFI ER KONA. HÉR ER EKKI VANÞÖRF Á AÐ HEFJA BLÓÐI DRIFNA JAFNRÉTTISBARÁTTU SEM ÞÓ BJARGAR MANNSLÍFUM. ERTU MEÐ ÞETTA Í BLÓÐINU?

og vodafone
Heyrumst!

BLÓÐBANKINN

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - OGV 28426 06/2005



# 4,15% Íbúðalán SPRON
# öllum opin

## Við afnemum skilyrði um önnur bankaviðskipti

Himinn og haf / SÍA

**Viltu endurfjármagna?**

- Íbúðalán SPRON með 4,15% vöxtum hentar vel til endurfjármögnunar á eldri lánum.

**Ertu að kaupa íbúð?**

- Þú getur sótt um Íbúðalán SPRON með 4,15% vöxtum hjá SPRON.
- Einnig bjóðum við samsett Íbúðalán SPRON og Íbúðalánasjóðs á www.ibudalan.is – 4,15% vextir.

Þeir sem eru í fjölskylduþjónustu SPRON fá endurgreiðslu á hluta af greiddum vöxtum vegna Íbúðalána SPRON.

Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON
Upplýsingar í síma 550 1200, 550 1400 eða á www.spron.is

spron
– fyrir allt sem þú ert

24 stundir

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** VIKTOR ARNAR INGÓLFSSON RITHÖFUNDUR

# *Vinnur að skáldsögu og útgáfu í Þýskalandi*

Það er helst að frétta að bókin mín Flateyjargáta kemur út í Þýskalandi í júlí og heitir upp á þýsku Das Rätsel von Flatey," segir Viktor Arnar Ingólfsson rithöfundur.

Viktor segir að búið sé að kynna bókina rækilega í Þýskalandi og hann hlakkar mikið til útgáfunnar þótt honum gefist ekki kostur á að bregða sér til Þýskalands. Að hans sögn rataði bókin á borð þýskra forleggjara í gegnum Colettu Bührling sem hér hefur lengi búið. „Hún hefur þýtt bækur eftir Arnald Indriðason, Steinunni Sigurðardóttur og fleiri Íslendinga á þýsku. Hún las bókina mína og benti forlaginu Lübbe á hana og þeir ákváðu að gefa hana út.

Viktor er með mörg járn í eldinum og vinnur að nýrri skáldsögu sem hann stefnir á að gefa út á næsta ári, en Lübbe hefur líka keypt útgáfuréttinn að henni. Samhliða ritstörfunum vinnur Viktor hjá Vegagerðinni en þar sem hann fékk starfslaun í fyrra og í ár sér hann fram á að geta tekið sér frí til að einbeita sér að skrifum. Hann er þó ekki viss um að sér gefist tími til að taka sumarfrí. „Ég er að minnsta kosti ekki búinn að ráðstafa því, en það er ekki ólíklegt að ég bregði mér til Skagafjarðar með fjölskyldunni. Norðurlandið er svæði sem ég hef verið að kynnast undanfarið."



VIKTOR ARNAR INGÓLFSSON

## SVONA ERUM VIÐ



ÁRIÐ 2003 VORU 165.242 VARPHÆNSNI Á ÍSLANDI.

Heimild: Hagstofan

## SJÓNARHÓLL

ORKUVEITAN Í BAÐREKSTUR



GUÐRÚN DÖGG GUÐMUNDSDÓTTIR

### *Vekur engar sérstakar kenndir*

„Mér líst ágætlega á þetta ef ekki hljótast nein náttúruspjöll af," segir Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands, um fyrirætlanir Orkuveitu Reykjavíkur um að hanna gistiaðstöðu og baðsvæði á Nesjavöllum.

Ætlunin er að nýta náttúrulegt afrennsli frá jarðhitasvæðinu sem svipar til þess rekstrar sem Bláa lónið er með í Svartsengi. Saga heilsa og spa mun sjá um reksturinn ef af verður en líklega verður baðsvæðið þó ekki jafn umfangsmikið og Bláa lónið. Guðrún segir einnig jákvætt ef slík náttúruvæn ferðaþjónusta getur eflt atvinnulíf á svæðinu. Hún segir ekki ólíklegt að hún muni prófa aðstöðuna, hins vegar fari hún mjög sjaldan í sund og því veki þessi nýja baðaðstaða engar sérstakar kenndir hjá henni.

Frumleg smygltilraun:

# Fiskar undir pilsfaldinum

Tollverðir í Ástralíu fundu óvenjulegt góss á óvenjulegum stað á dögunum þegar þeir stöðvuðu konu á flugvellinum í Melbourne. Við leit á konunni fundu þeir 51 lifandi fisk sem svömluðu um í þar til gerðri svuntu undir pilsi konunnar.

Tollayfirvöld segja verðina hafa grunað að það væri maðkur í mysunni þegar þeir heyrðu torkennileg hljóð berast frá skauti konunnar. Við nánari skoðun kom í ljós að konan var með fimmtán plastpoka innanklæða sem í voru 51 hitabeltisfiskur af óþekktri tegund. Konunnar bíður ákæra eftir að kennsl hafa verið borin á fiskana. Verði hún fundin sek um að smygla villtum dýrum á konan yfir höfði sér allt að fimm milljón króna sekt eða tíu ára fangelsi.



**FISKASVUNTAN** Það er ábyggilega ekki hlaupið að því að rogast með þessa byrði framan á sér eftirtektarlaust.



**HOLLENSKIR GARPAR** Jesaja og Joeri með allan útbúnaðinn.

# Furðulegur ferðamáti

**Hollendingarnir Jesaja Bouman og Joeri Rooij hafa nýlokið tíu daga ferð þvert yfir hálendið á hlaupahjólum. Þeir eru að safna peningum fyrir veik börn. Árið 2001 fóru þeir í kringum landið á hjólaskautum og á næsta ári ætla þeir á seglbrettum yfir Vatnajökul.**

Þeir Jesaja og Joeri eru vígreifir og hressir en að drepast úr harðsperrum. Þeir eru nýkomnir af fjöllum eftir mjög erfiða tíu daga ferð frá Blönduósi að Hellu sem þeir fóru á sérhönnuðum hlaupahjólum.

Þetta er önnur ferð þeirra hér á landi en alls fara þeir þrjár ferðir og í hvert sinn leitast þeir við að safna peningum fyrir einhvern sjaldgæfan sjúkdóm sem herjar á börn. Að þessu sinni safna þeir fyrir börn sem þjást af slímseigjusjúkdómi eða cystic fibrosis.

Þeir komu hingað fyrst í október árið 2001 og renndu sér þá í kringum landið á línuskautum. Þeir reyna að velja furðulegan ferðamáta til að vekja athygli en á næsta ári ætla þeir að renna sér yfir Vatnajökul á seglbrettum.

Þeir hittust fyrst fyrir sex árum þegar Jesaja gekk til liðs við fyrirtæki Joeri í Hollandi sem skipuleggur alls kyns uppákomur fyrir fyrirtæki og hópa sem vilja gera eitthvað allt annað . Þegar þeir eru spurðir hvort þeir séu góðir vinir líta þeir hvor á annan. „Ekki lengur," segja þeir og hlæja dátt, „en við verðum það aftur eftir tvær vikur".

Það var hálfgerð tilviljun að Ísland varð fyrir valinu hjá þeim félögum. Fyrir ferð þeirra 2001 leituðu þeir að eyju og datt fyrst í hug að fara til Bahamaeyja en það hafði enginn áhuga á að styrkja þá til þeirrar ferðar. Þá duttu þeir niður á Ísland sem þótti ævintýralegra og hættulegra og lagðist betur í styrkveitendur.

Ferðin yfir landið sóttist mjög hægt. Oft óðu þeir snjó upp að hnjám og í raun voru hjólin meiri byrði en hjálp. Minnast þeir þess að þeir þurftu iðulega að ýta hjólunum niður í móti. En langaði þá ekki stundum til að henda hjólunum út í hafsauga? „Allan tímann," segja þeir hlæjandi.

Þeir lentu í ýmsum hremmingum á leiðinni. Verst var þegar þeir féllu þrjá metra ofan í holu í snjó í Kerlingarfjöllum. Á rann þar undir sem var þó ekki mjög djúp. „Við vorum þrjá tíma að komast upp úr," segir Joeri en hjólin vega 32 kíló hvert með farangri og síga því töluvert í. „Joeri plataði mig út í þetta," segir Jesaja, „hann hélt því fram að þetta yrði tveggja vikna létt ganga, næstum eins og frí," segir hann og gýtur augunum kankvís en ásakandi á félaga sinn.

Hægt er að skoða myndir af ferð þeirra félaga á vefslóðinni www.triplexpedition.com

**solveig@frettabladid.is**



**ERFITT YFIRFERÐAR** Þeir félagar gátu lítið rennt sér á hjólunum og þurftu meira og minna að draga og ýta þeim alla leið.

BJARTIR DAGAR
Í HAFNARFIRÐI
í dag ...
MIÐVIKUDAGUR 8. júní
19:30 BÓKAKVÖLD Í GAMLA BÓKASAFNINU VIÐ MJÓSUND. Rithöfundarnir Andri Snær Magnason og Einar Kárason lesa upp úr verkum sínum. Boðið verður upp á kaffi.
20:00 SYNGJANDI SUMAR Í HAFNARFJARÐARKIRKJU. Samúel Samúelsson og Antonía Hevesi spinna út frá þekktum lögum á básúnu og orgel. Tónleikarnir eru í boði Hafnarfjarðarkirkju.
20:00 SUMARTÓNLEIKAR Í FRÍKIRKJUNNI í Hafnarfirði. Chris Morris Praise-and-Worship Band og Fríkirkjukórinn í Hafnarfirði. Létt sveifla og líflegur tónlistarflutningur í alþjóðlegum anda. Aðgangseyrir 1.000 kr.
20-23 OPIÐ HÚS. „Ég er ögn í líffrænni kviksjá", myndlistargjörningur Örnu Valsdóttur í Hafnarfjarðarleikhúsinu að Strandgötu 50. Aðgangur er ókeypis.
Bjartir dagar
Ferðamálaráð Íslands
sph
Allar nánari upplýsingar í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 · Sími 585 5500 · www.hafnarfjordur.is

# NISSAN PATHFINDER

SKIPT_um landslag




## ÆVINTÝRI FYRIR SJÖ

Lífið er ævintýri og Pathfinder tekur því fagnandi. Hann fer allt á fjórhjóladrifinu, er þægilegur í öllum sjö sætunum, lipur innanbæjar og rúmar farangur til fleiri mánaða. Hann er öflug listasmíð, traustur og vandaður. En fyrst og fremst sameinar Nissan Pathfinder það grófa og það fína í einum best heppnaða útivistarbíl síðari ára.

### PATHFINDER SE

Beinskiptur
174 hestöfl
5 dyra

**Verð: 4.450.000 kr.**

**46.581 kr. á mán.***

### STAÐALBÚNAÐUR

- Þokuljós
- Krómað grill
- Leðurklætt stýri og gírstöng
- Krómaðar höldur inní bíl
- Hiti í speglum
- Áttaviti í baksýnisspegli
- Litað gler
- 7 sæta
- Birtuskynjari í spegli
- Útvarpsfjarstýring í stýri
- Innbyggt loftnet (loftnet í afturrúðu)
- Regnskynjari
- Hraðastillir (Cruise Control)



**250.000 krónum flottari!**

Þeir sem kaupa Nissan Pathfinder í júní fá 32" dekk, krómstigbretti og dráttarkrók í kaupbæti.



**VEIÐIKORTIÐ FYLGIR MEÐ!**

Með veiðikortinu má veiða nánast ótakmarkað í a.m.k. 20 vötnum víðsvegar um landið og tjalda endurgjaldslaust hjá mörgum þeirra. Nánari upplýsingar á www.veidikortid.is

Glitnir

*Bílasamningur Glitnis með 30% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði.

Fíton/SÍA F1013384

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hrísmýri 2a**<br>800 Selfossi<br>482-3100 | **Eyrarlandi 1**<br>530 Hvammstanga<br>451-2230 | **Sæmundargötu 3**<br>550 Sauðárkróki<br>453-5141 | **Holtsgötu 52**<br>260 Njarðvík<br>421-8808 | **Dalbraut 2b**<br>300 Akranesi<br>431-1376 | **Víkurbraut 4**<br>780 Höfn í Hornafirði<br>478-1990 | **Búðareyri 33**<br>730 Reyðarfjörður<br>474-1453 | **Sindragötu 3**<br>400 Ísafjörður<br>456-4540 | **Óseyri 5**<br>603 Akureyri<br>461-2960 |

**FBL – GREINING:** EFNAHAGSÁSTANDIÐ

# *Hvað er málið með gengið?*

Hið háa gengi á íslensku krónunni hefur mikið verið til umfjöllunar á síðustu dögum, enda hefur það valdið verulegum vandræðum á landsbyggðinni og víðar. Allir þeir sem eru háðir útflutningi fá minna fyrir afurðir sínar; þ.e. í íslenskum krónum. Aðilar í ferðaþjónustu verða einnig illa úti, enda búnir að auglýsa verð erlendis í erlendum gjaldmiðlum.

Á sama tíma eru aðrir að hagnast. Það hefur sjaldan ef nokkurn tímann verið jafnódýrt fyrir Íslendinga að ferðast til útlanda og öll vara sem flutt er inn til landsins er ódýrari – þótt vissulega sé misjafnt hversu vel það skilar sér til neytandans.




Oft heyrist talað um „sterka“ stöðu krónunnar, en það er í rauninni villandi hugtakanotkun: Það er ekki betra að gengið sé hátt eða verra að það sé lágt. Innflytjendur græða, útflytjendur tapa, og í heildina jafnast þetta út. Það skiptir meira máli að gengið sé stöðugt og þróunin á því fyrirsjáanleg, heldur en hvort það er hátt eða lágt. Vandinn sem útflytjendur standa frammi fyrir í dag var ófyrirséður, gengið varð miklu hærra en menn bjuggust við, rekstraráætlanir standast ekki og útflutningsviðskipti, sem búið var að gera samninga um, eru ekki lengur arðbær, meðan meiri gróði er af sambærilegum innflutningsviðskiptum.

Stóra spurningin er síðan hvert framhaldið verður. Helst gengið svipað, eða lækkar það niður aftur, og verður þá sú lækkun fyrirsjáanleg. Þótt bankarnir keppist við að spá sem best fyrir um framhaldið er engin leið að vita það víst – tíminn einn verður að leiða það í ljós.



**ÞÚ DÝRA LIST** Gestir í Guggenheim-safninu í Bilbao á Spáni virða fyrir sér stálskúlptúr bandaríska listamannsins Richard Serra.

360 gráður

## SPURT & SVARAÐ

BÓKAÚTGÁFA AÐ SUMRI



**JÓHANN PÁLL VALDIMARSSON**

## *Bókaútgáfa allan ársins hring*

Jóhann Páll Valdimarsson stendur að útgáfu bókarinnar Mynd á þili eftir Þóru Kristjánsdóttur. Þetta er fræðibók um listsköpun Íslendinga frá siðaskiptum og fram á öndverða 18. öld.

Hvað kemur til að þið gefið út svona veglega fræðibók á miðju sumri?

„Ætli þetta lýsi ekki bara kæruleysinu í okkur útgefendum að vera farnir að gefa út svona fræðileg stórvirki á þessum tíma. En að öllu gríni slepptu; bókin átti reyndar að koma út um hvítasunnu en við það var ekki ráðið eins og gengur og gerist þegar um svona umfangsmikið verk er að ræða.“

En er ekki vont að vera búnir að missa af bókaflóðinu sem fylgir útskriftunum því enn er langt í jólabókaflóðið?

„Við erum nú að vonast til þess að bókaútgáfan geti dreifst meira yfir allt árið, ég tala nú ekki um þegar í hlut eiga svona vandaðar bækur sem þessi. Vonir okkar standa líka til þess að þó að við höfum misst af tímabili útskriftargjafanna í ár og enn sé langt til jóla að þá verði þessi bók í góðu gildi á bókamarkaðnum um ókomin jól og ókomnar útskriftarannir.“




# Aldrei nein uppskeruhátíð

**Sjávarútvegurinn bíður enn eftir að spá um auknar þorskveiðar rætist. Ýmsir eru að vísu orðnir vondaufir eftir 20 ára bið en gleðjast þó yfir góðu ástandi ýsustofnsins og góðum fyrirheitum um aukna veiði á öðrum tegundum.**



**FRÉTTAVIÐTAL**
FISKIFRÆÐIN OG RÁÐGJÖFIN

**JÓHANN HAUKSSON**
BLAÐAMAÐUR



**SÍLDIN KEMUR** Góðar fréttir eru að norsk-íslenska síldin og kolmunninn veiðast innan íslensku lögsögunnar í æ meiri mæli.

„Þrátt fyrir að hrygningarstofn þorsks hafi verið nokkuð að styrkjast undanfarið er ástand þorskstofnsins enn áhyggjuefni,“ segir í formála viðamikillar skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar um nytjastofna sjávar og aflahorfur næsta fiskveiðiár. Og því vilja fiskifræðingar stofnunarinnar lækka það hlutfall sem veiða má úr stofninum. Þetta verði gert með því að lækka 25 prósenta meðalveiði úr stofninum og auka þannig líkur á að stofninn stækki. Ef 25 prósenta reglunni er beitt yrði leyfilegt að veiða 198 þúsund tonn en ekki 205 þúsund eins og á síðasta fiskveiðiári. Ef hámarkið yrði lækkað í 20 prósent væri Hafrannsóknastofnun í raun að mæla með 180 þúsund tonna þorskafla.

Björn Ævar Steinarsson sviðsstjóri veiðiráðgjafar hjá Hafrannsóknastofnun segir að það sé algert úrslitaatriði að stækka hrygningarstofninn til þess að tryggja viðunandi nýliðun. Hann fer nú stækkandi og hefur samkvæmt mælingum ekki verið stærri síðan um 1980.

### Sjö kíló af ýsu á móti 10 kílóum af þorski

Ef vondu fréttirnar í skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar tengjast ástandi þorskstofnsins og tillögum um nokkurn samdrátt eru góðu fréttirnar þær að ýsustofninn er í mikilli uppsveiflu. Meira að segja svo að ástæða gat verið til þess að heimila allt að 140 þúsund tonna afla úr stofninum í stað 90 þúsund tonna eins og ráðlagt var í fyrra. Hafró leggur til 105 þúsund tonna ýsuafla á næsta fiskveiðiári en ýmsar ástæður urðu til þess að sérfræðingarnir treystu sér ekki til að mæla með 140 þúsund tonna hámarksafla, sem er um 70 prósent af tillögu um hámark þorskaflans.

Í gögnum Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að 30 þúsund tonn af þeirri ýsu sem veiða mætti miðað við 140 þúsund tonna heildarafla er hægvaxta tveggja til þriggja ára undirmálsfiskur. Búast má við að flotinn forðaðist að veiða slíkan fisk en auk þess koma til skyndilokanir. Þannig bendir Hafrannsóknastofnunin flotanum á að veiða ekki yngri ýsu en fjögurra ára og takmarkar sig við 105 þúsund tonna hámarksafla.

### Engar uppskeruhátíðir

Arthúr Bogason formaður Landssambands smábátaeigenda segir stöðuna ekki þægilega. „Mig minnir að þegar núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi var tekið upp 1984 hafi menn nánast lögfest að í framtíðinni yrðu haldnar uppskeruhátíðir þegar gefnir yrðu út stærri og stærri þorskkvótar. En nú eru orðnar árvissar einskonar niðurskurðarhátíðir þegar kemur að nýrri ráðgjöf. Björn Ævar Steinarsson bendir á að veitt sé meira en Hafrannsóknastofnunin mælir með. Ég tel að togararallið, mælitækið sem notað er til að komast að því hversu stór stofninn er, sé ekki brúklegt og gefi ekki rétta mynd af ástandi stofnsins.



**BJÖRN ÆVAR STEINARSSON**



**ARTHÚR BOGASON**

Smáfiskaverndin hefur heldur ekki skilað árangri. Ég lít á stofninn sem einskonar lagköku og við ættum að veiða úr öllum lögum hans, stórt og smátt. En vera má að við séum búin að veiða vitlaust svo lengi að ekki sé auðvelt að snúa við,“segir Arthúr.

### Togararall sem mælitæki

Björn Ævar Steinarsson segir það rétt að Hafrannsóknastofnunin hafi ekki náð þeim árangri sem stefnt var að og sumir hafi komist að því að vísindin hafi brugðist. „Við hjá Hafrannsóknastofnun teljum svo ekki vera. Það var farið verulega fram úr ráðgjöf stofnunarinnar áður en aflareglan var tekin upp. Þegar aflahámarkið tók gildi var stofninn í slæmu ástandi, hrygningarstofn lítill og nýliðun léleg. Okkur hefur samt tekist að ná því marki að stofninn er nú 50 prósentum stærri en þá. Það sem hefur að okkar viti brugðist er að veitt hefur verið meira en við ráðleggjum.“

Björn Ævar segir að þegar metinn sé fjöldi eins árs fiska í sjó viti menn nokkuð vel hvernig árgangurinn muni skila sér í veiðina þremur til fjórum árum síðar. „Við mælum til dæmis fjölda þriggja ára fiska og svo ári síðar fjölda fjögurra ára fiska. Þarna hefur verið gott samræmi sem hefur getað skýrt 80 til 90 prósent af breytileika og það bendir til þess að mælingarnar séu býsna nákvæmar.

Togararallið er gott mælitæki og flest bendir til þess að þetta sé ein besta stofnstærðarmæling þessarar tegundar sem þekkist.“

### Meira veitt umfram af ýsu og ufsa

„Það eina sem virðist skipta máli hjá Hafrannsóknastofnun er hversu mikið sé veitt,“ segir Arthúr Bogason. Togararallið tekur til dæmis ekkert tillit til þess að umhverfið breytist og skilyrðin í hafinu. Einnig breytist útbreiðsla tegunda og jafnvel fiskgöngur. Það eina sem er óbreytanlegt í þessu er togarallið. Merkilegt er að skoða ýsuna og ufsann. Frá árinu 1997 til 2005, eða átta undanfarin fiskveiðiár, hefur þorskveiðin verið 4,5 prósent umfram ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar. Þetta er langt innan skekkjumarka sem þeir gefa sér í þessum vísindum. Í ýsuveiðunum er samsvarandi umframkeyrsla 11prósent og 15 prósent í ufsanum. Samt sem áður er bætt við í ýsunni og ufsanum en skornar niður þorskveiðarnar,“ segir Arthúr Bogason. ■

# HEYRUMST!

## Auglýsingin þín nær til mikilvægasta markhópsins




## 83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjunna, Létt 96,7 eða Talstöðina í viku hverri

FM 98,9 BYLGJAN

Létt 96,7
Réttu lögin...alltaf!

Talstöðin
FM 90,9

Samkvæmt könnun Gallups í mars 2005

# skoðun

SJÓNARMIÐ
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Það er tímabært að borgarstjórnarflokkarnir allir tali saman um skipulagsmál – og komist að niðurstöðu.

## Samtalstækni stjórnmálanna

Borgarfulltrúar í Reykjavík keppast við að leggja fram tillögur sínar í skipulagsmálum. Ljóst er að sjálfstæðismenn í borginni hafa hreyft hressilega við keppinautum sínum og nú líður vart sá dagur að metnaðarfullar hugmyndir birtist ekki á síðum dagblaðanna – og var tími til kominn.

Skipulagsvandi höfuðborgarsvæðisins felst í smáskammtalækningum sem verið hafa við lýði síðustu áratugi. Í reynd líkist Reykjavík miklu fremur dreifbýli en þéttbýli enda kom á daginn við úttekt Fréttablaðsins á byggðaþróun í höfuðborginni, sem birtist í blaðinu um síðustu helgi, að byggðin í borginni myndi ennþá rúmast öll vestan Elliðaáa og Breiðholts hefði upprunalegur þéttleiki byggðarinnar fengið að njóta sín á síðari árum.

Helmingur af borgarlandinu hefur verið lagður undir umferðarmannvirki. Það er ótrúlegt hlutfall. Sjálf Hringbraut borgarinnar er bein lína sem sker byggðina í tvennt – og skipti henni að lokum í tvö kjördæmi. Reykjavíkurflugvöllur þrengir svo að miðborginni að verslun og þjónusta hefur lagt á flótta yfir í önnur bæjarfélög. Gömul miðja borgarinnar er orðin að úthverfi. Þangað leggja fáir leið sína án þess að greiða stöðumælasekt.

Skipulagspólitíkin hefur að mestu snúist um það að gera öllum til hæfis; leggja endalausar stoðbrautir sem flækjast um íbúðahverfi í stað þess að hugsa nógu stórt og til framtíðar. Afkastamiklar hraðbrautir hafa meira og minna verið bannorð í umferðinni, enda vonuðust reykvísk yfirvöld allan seinni hluta síðustu aldar til að borgarbúar tækju strætisvagna fram yfir einkabíla. Það kom hins vegar á daginn að engin þjóð, nema ef vera kynni Bandaríkjamenn, er jafn hrifin af því að njóta einverunnar í bílnum á leið sinni til vinnu.

Það er því gleðiefni að lesa grein Stefáns Jóns Hafstein, oddvita Samfylkingarinnar í borgarstjórn, í Fréttablaðinu á mánudag. Þar leggur hann fram metnaðarfullar tillögur í skipulagsmálum – og svarar í raun kalli sjálfstæðismanna sem tóku ánægjulegt frumkvæði í þessum efnum fyrir tveimur vikum. Þann dag kvað við nýjan tón í málfutningi borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna; uppbyggjandi framtíðarsýn þeirra vakti langtum meiri og jákvæðari athygli en þeir hafa átt að venjast af niðurrifsumræðunni um bágan fjárhag borgarinnar og ruglið um Línu.net.

Skipulagsmál í Reykjavík verða eitt helsta umræðuefni komandi borgarstjórnarkosninganna. Vonandi er að sú umræða endi ekki í hvimleiðu karpi um frumkvæði og eignarrétt á hugmyndum. Athyglisvert er að sjálfstæðismenn kynntu sínar skipulagstillögur með mjög opnum huga og vilja málefnalega umræðu og skoðanaskipti um þennan mikilvæga málaflokk. Það er ekki síður athyglisvert að oddviti Samfylkingarinnar í borgarstjórn fagnar tillögum sjálfstæðismanna í grein sinni í Fréttablaðinu á mánudag. Þetta tvennt skiptir máli. Það er tímabært að borgarstjórnarflokkarnir allir tali saman um skipulagsmál – og komist að niðurstöðu. Þingmenn Reykvíkinga hafa iðulega látið sig samgöngumál lítt varða og eyðilagt sóknarfæri borgarinnar í þessum efnum með flokkspólitísku fimbulfambi. Borgarstjórnarflokkarnir allir eiga að hafa meiri metnað fyrir hönd höfuðborgarinnar. Í þeim efnum er tímabært að laga samtalstækni stjórnmálaflokkanna. ■

Við þurfum þinn stuðning!
Hjálpum hreyfihömluðum að njóta náttúrunnar
Með hefðbundnum hjólastólum er mjög erfitt fyrir hreyfihamlaða að ýta sér áfram fyrir utan steinsteypta vegi.
Nýlega var kynnt ný gerð af hjólastólum sem gerir hreyfihömluðum kleift að fara um náttúru landsins sem aldrei fyrr. Farin er af stað landssöfnun til að fjármagna fleiri hjólastóla af þessari gerð og þeim verður síðan dreift um landið.
Styrktarsíminn er
901 5001
Eitt símtal – 1.000 krónur
Við þurfum þinn stuðning!
Styrktarreikningur: 545-14-605055
989 BYLGJAN
Ísland í bítið kl. 7-9
Íþróttasamband fatlaðra

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Stjórnarsátt í Orkuveitu



Einhugur virðist innan beggja fylkinganna í borgarstjórn um frammistöðu sinna manna í stjórn Orkuveitunnar því hún var endurkjörin á borgarstjórnarfundi í gær. Stjórnarformaðurinn Alfreð Þorsteinsson mun því enn fara í broddi fylkingar til nýrra tækifæra fyrir Orkuveituna en hann hefur verið nokkuð framtakssamur að undanförnu. Við því er almennt búist að eftir því sem styttist í kosningar muni átökin um áherslur í stefnumótun Orkuveitunnar vaxa. Sjálfstæðismenn hafa barist einhuga gegn starfsemi utan kjarnastarfsemi Orkuveitunnar en Alfreð heldur ótrauður áfram með öll spilin á hendi.

### Prófkjör í Reykjavík

Sjálfstæðismenn halda prófkjör fyrir borgarstjórnarkosningarnar í Reykjavík. Þátttaka í prófkjörum flokksins í Reykjavík hefur oftar en ekki verið góð og er mikilvægur þáttur í félagsstarfi flokksins ekki síst vegna fjölmargra prófkjörsskrifstofa sem bjóða upp á kaffi. Búist er við því að töluverð endurnýjun geti orðið á framboðslista flokksins fyrir kosningarnar þar sem vitað er að fleiri en færri hafa áhuga. Á sama tíma spyrst lítið til fregna úr höfuðstöðvum R-listaflokkanna.

### Handstýrð hagstjórn

Forsætisráðherrann tekur ekki undir tillögur flokksbróður síns, Kristins H. Gunnarssonar, um tilfærslu kvóta milli byggðarlaga með handafli. Hann sér ekki möguleikana á því að slíkt megi útfæra með eðlilegum hætti og vísar til annarra mikilvægari hluta. Beðið er eftir viðbrögðum Kristins við orðum Halldórs.

hjalmar@frettabladid.is

## Fiskiveiðiráðgjöf og Færeyjar

UMRÆÐAN
ÁSTAND ÞORSKSTOFNSINS



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON
ALÞINGISMAÐUR



Ríkisútvarpið hefur farið mikinn í umfjöllun um meint „hrun“ þorskstofnsins við Færeyjar. Vitnað er hvað eftir annað í ráðgjöf Alþjóða Hafrannsóknarráðsins rétt eins og um efsta dóm í náttúruvísindum væri að ræða. Alþjóða Hafrannsóknarráðið er samstarfsvettvangur fiskifræðinga frá 19 löndum sem starfa eftir sömu kenningunum. Kenningarnar ganga meðal annars út á að stór hrygningarstofn sé mikilvægur til að tryggja nýliðun. Aldrei hefur tekist að sýna fram á jákvætt samband nýliðunar og hrygningarstofns en aftur á móti eru fjölmörg vísindaleg gögn sem sýna öfugt samband hrygningarstofns og nýliðunar, þ.e. lítill hrygningarstofn gefur af sér mikla nýliðun. Þetta má vel skýra út á þann hátt að þegar mikið er af fiski fyrir, þá er bæði minna af æti til skiptanna fyrir nýliða og meira um afrán eldri þorsks á smáum fiski sem er að koma inn í veiðina. Til einföldunar má líkja hafinu við tún sem er fullbeitt en á meðan svo er þá er ekki hægt að bæta við gripum inn á túnið.

Í frétt Ríkisútvarpsins er sagt að þorskstofninn hafi „hrunið“ við Færeyjar upp úr 1990 en það sem er sérstaklega merkilegt við þá lægð sem hrygningarstofninn var í þá er að í kjölfarið kom mjög mikil nýliðun.

Það er einfaldlega ofureðlilegt að fiskistofnar sveiflist. Í gegnum aldirnar hefur mönnum verið ljóst að fiskgengd og aflabrögð eru misjöfn frá ári til árs. Ef þorskstofninn við Færeyjar hegðar sér með sama hætti í þeirri lægð sem hann er í nú og hann var í 1990, þá má búast við mikilli nýliðun nú í kjölfarið.

Ráðgjöf Alþjóða Hafrannsóknarráðsins hefur oftar en ekki verið röng í Færeyjum. Nú berast fréttir af því að Alþjóða Hafrannsóknarráðið vilji minnka þorskveiðar um 50%, en eins og sjá má ekki í fyrsta sinn sem ráðið hvetur til gífurlegs niðurskurðar á þorskafla. Færeyingar hafa hingað til lítið tekið mark á dómsdagsspám ráðsins um að allt fari í kaldakol ef ekki verður farið að ráðleggingunum. Frá árinu 1997 hefur ráðið hvatt Færeyinga til að skera gífurlega niður veiðar, á sama tíma og hrygningarstofn hefur verið að vaxa, tvisvar sinnum um 30% og 6 sinnum um 25%, en nú er skyndilega ráðlagður 50% niðurskurður.

Ég vil vekja sérstaka athygli á súluritinu sem sýnir, að þrátt fyrir að ítrekað hafi verið veitt ríflega umfram ráðgjöf Alþjóða Hafrannsóknarráðsin þá stækkaði hrygningarstofninn. Öllum ætti að vera ljóst við skoðun á þessu súluriti að Alþjóða hafrannsóknarráðið hafði rangt fyrir sér og það er ekkert sem segir að þeirra kennisetningar séu réttari nú en árið 2001.

Í fréttum RÚV um ástand þorskstofnsins í Færeyjum var deildarstjóri Fiskirannsóknarstofu í Færeyjum að hnýta í ráðgjöf Jóns Kristjánssonar, en svo virðist sem hann eigi harma að hefna, þar sem Jón Kristjánsson hafði bent rækilega á að ráðgjöf færeysku stofnunarinnar var röng.

| | Ráðgjöf Alþjóða Hafrannsóknarráðsins Um niðurskurð | Ákvörðun Lögþingsins um niðurskurð |
|---|---|---|
| 1997: | -30% | -12,5% |
| 1998: | -30% | – 5% |
| 1999: | -25% | 0% |
| 2000: | -25% | 0% |
| 2001: | -25% | 0% |
| 2002: | -25% | – 1% |
| 2003: | -25% | – 2% |
| 2004: | -25% | – 1,5% |






LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
VISIR

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 3.07 | 13.27 | 23.49 |
| AKUREYRI | 2.06 | 13.11 | 00.20 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## nám o.fl.

Komast ári fyrr í MA

BLS. 2



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is

**Góðan dag!**

Í dag er miðvikudagur 8. júní, 159. dagur ársins 2005.




**Smáauglýsingar**

byrja í dag á bls. 5

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Margrét hefur stundað golf í 15 ár og segir það hafa gefið sér mikið.

# Heldur sér ungri með golfinu

***Margrét Geirsdóttir, bókasafnsfræðingur í Verslunarskólanum, var fertug þegar hún kynntist golfinu fyrst. Það tók hana tvö ár að smitast fyrir alvöru en nú snýst líf hennar um golf að nokkru leyti.***

„Golfið verður lífsstíll. Maður fer í frí til að spila og skipuleggur tíma sinn í kringum golfmót. Við erum hætt að fara í útilegur en förum af og til út á land til að spila golf,“ segir Margrét. Þegar hún segir „við“ á hún við sig og manninn sinn Gest Jónsson, hæstaréttarlögmann, sem einmitt er formaður Golfklúbbs Reykjavíkur. Sjálf hefur Margrét verið virk í félagsstarfi golfara, bæði í kvennanefnd GR og Golfsambandi Íslands. Hún kveðst hafa verið í golfi í 15 ár.

„Yngsti sonur minn var tæplega ársgamall þegar ég byrjaði og þetta gekk ekkert fyrirhafnarlaust en eftir tvö ár fór mér að ganga betur og þá fékk ég bakteríuna.“ Nú kveðst hún fara að jafnaði þrisvar í viku á völlinn að spila 18 holur en æfa sig þess á milli að slá, pútta og vippa. „Jú, jú, það fer heilmikill tími í þetta,“ viðurkennir hún. „Maður reynir samt að hætta ekki í öllu öðru heldur blanda golfinu saman við ef hægt er!“

Á haustin liggur þetta áhugamál í dvala hjá Margréti en strax upp úr áramótum fer hún að æfa sig. „Ég fer í tíma hjá kennara og reyni að rétta af sveifluna. Nú er komin svo góð æfingaraðstaða í Básum í Grafarholti þar sem maður getur verið bæði inni og úti. Mér finnst gott að vera svolítið vel undir sumarið búin. Þetta er svo stutt vertíð.“ Hún kveðst hafa kynnst mörgu skemmtilegu fólki gegnum golfið og segir kylfinga upp til hópa lífsglatt fólk. „Maður heldur sér ungum með þessu,“ segir hún og dregur ekki dul á kosti þess að hjón stundi golfið saman. „Mér finnst yndislegt að geta leikið mér með manninum mínum. Það gefur þessu nýja vídd. Einu sinni í viku hittumst við tólf konur á mínum aldri og spilum saman. Svo eru mörg hjón sem við þekkjum í golfi þannig að við erum í góðum félagsskap.“

*gun@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU *í ferðum*

**Sjóbúðin á Akureyri** er nú með til sölu rússnesku haglabyssuna Saiga 12 eins og kemur fram á vefsíðunni veidimadur.is, vef íslenska skotveiðimannsins. Byssan er af sömu gerð og riffillinn AK-47 en hún er framleidd af Kalashnikov/Izmash-verksmiðjunum í Izhevsk í Rússlandi. Hún kemur í 12ga. með tveim 2ja skota magasínum. Einnig fylgja henni þrjár þrengingar, ólafestingar, hreinsigræjur og ýmis verkfæri. Verð á byssunni er 59.900 krónur.



**Stangaveiðifélag** Reykjavíkur mun reka veiðidagbók á vef sínum, svfr.is, í sumar. Þar munu heimsækjendur síðunnar geta fylgst með veiðinni í Laxá í Kjós, Norðurá og Hítará frá degi til dags. Veiðidagbókin verður útbúin líkt og venjuleg veiðibók nema að nöfn veiðimanna munu ekki koma fram. Staðarhaldari á hverjum stað fyrir sig mun fylla inn í veiðidagbókina daglega.



**Ferðafélagið** Útivist stendur fyrir göngu upp á topp Vífilfells í dag, miðvikudag. Vegalengdin er fjórir til fimm kílómetrar og hækkun 450 metrar. Brottför er klukkan 18.30 við Toppstöðina í Elliðaárdal. Göngugarpar aka á eigin bílum út fyrir bæinn þangað sem gönguferðin hefst.

*ferdir@frettabladid.is*

Stilling – betri en bestir

Bílavarahlutir

THULE® SWEDEN SPIRIT Ferðabox




Spirit 780 / 480 lítrar



**Dual-Side** Dual-Side boxin er hægt að opna frá hvorri hliðinni sem vill, en það auðveldar hleðslu og afhleðslu.

**Dual-Force** Fjaðurkerfi sem auðveldar að opna og loka boxinu. *Aðeins frá Thule.*

**Miðlæsing** Ný öryggislæsing. Ekki er hægt að ná lyklinum út nema boxið sé læst. *Aðeins frá Thule.*

**Power-Grip**

**Power-Grip** Með einu handtaki er einfalt og auðvelt að festa boxið. Engir lausir hlutir. *Aðeins frá Thule.*

Stilling

www.stilling.is

AÐALNÚMER · SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK. · SÍMI 520 8001
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003
SMIÐJUVEGI 68 KÓP. · SÍMI 520 8004
BÍLDSHÖFÐA 16 RVÍK. · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006

**Dagbók**
Við gerð lokaverkefna er tilvalið að halda dagbók. Þar er hægt að skrifa niður allar þær hugmyndir sem kvikna í ferlinu og ætíð hægt að grípa til hennar ef manni finnst ekkert miða áfram.



**Nýir og glæsilegir nemendagarðar FSu**
Umsóknir vegna haustannar 2005

**Nýir nemendagarðar Fjölbrautaskóla Suðurlands voru teknir í notkun í byrjun janúar 2005. Um er að ræða 32 tveggja manna smáíbúðir í tveggja hæða byggingu að Eyravegi 26 á Selfossi. Íbúðirnar eru leigðar með húsgögnum og nauðsynlegum tækjum, þ.m.t. eldavél, ísskáp, örbylgjuofni og sjónvarpi auk tengingar við tölvunet skólans. Í sameiginlegu rými er geymsluaðstaða og þvottahús með þvottavélum og þurrkurum.**

Gert er ráð fyrir að nemendur á görðunum eigi rétt á húsaleigubótum og, eftir atvikum, náms- og dvalarstyrk frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Sérstakur umsjónarmaður hefur eftirlit með nemendagörðunum.

Innritun í skólann stendur yfir en námsframboðið er mjög fjölbreytt.

Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð fást á skrifstofu skólans, og jafnframt á vef skólans, www.fsu.is

Umsóknir þurfa að berast skrifstofu skólans eigi síðar en 16. júní 2005.

**Sigurður Sigursveinsson**
skólameistari

FSu



Menntaskólinn á Akureyri nýtir sér kosti bekkjakerfisins til að koma til móts við þarfir nemenda.

# Níundubekkingar fá inngöngu í MA

***Menntaskólinn á Akureyri býður í haust upp á nýja bóknámsbraut. Brautin er ætluð duglegum nemendum sem lokið hafa námi í 9. bekk og vilja komast í framhaldsskóla ári á undan jafnöldrum sínum.***

Þótt Menntaskólinn á Akureyri byggi á aldagamalli hefð hefur skólinn ávallt lagt metnað sinn í að vera framsækinn og nýjungagjarn. Það nýjasta sem skólinn býður upp á er svokölluð Almenn bóknámsbraut 1 sem tekur til starfa í haust. Um er að ræða eins árs prógram fyrir duglega nemendur sem lokið hafa 9. bekk og vilja flýta fyrir sér með því að taka námsefni 10. og 1. bekkjar á einum vetri.



Jón Már Héðinsson, skólameistari MA, segir mikinn áhuga fyrir nýja náminu.

Jón Már Héðinsson, skólameistari MA, segir að nýja námsbrautin sé í rauninni svar bekkjaskólanna við breyttu námsumhverfi. „Nú er mikið talað um þessi fljótandi skil á milli grunnskóla og framhaldsskóla og undanfarin ár hefur nemendum í 10. bekk gefist kostur á að taka einn og einn áfanga á framhaldsskólastigi samhliða námi í 10. Bekk. Bekkjaskólar eins og MA geta lítið tekið þátt í þeirri þróun en með þessu verkefni reynum við að breyta því og nýtum okkur um leið kosti bekkjakerfisins,“ segir Jón Már. „Við sóttum um þetta fjögurra ára tilraunaverkefni til menntamálaráðuneytisins og fengum mjög góð viðbrögð þar. Það sem kannski er byltingakenndast í þessu er það að ráðuneytið skuli samþykkja að meta einkunnir úr 9. bekk sem fullgilt grunnskólapróf en það er mikil viðurkenning fyrir grunnskólann.“

Á almennri bóknámsbraut 1 taka nemendur sömu áfanga og kenndir eru á fyrsta ári í MA en samhliða því ljúka þeir viðfangsefnum 10. bekkjar. Kennt verður í einum 15 manna bekk sem fylgist að allan veturinn en að því loknu geta nemendur sest í 2. bekk og haldið áfram hefðbundnu námi á þeirri námsbraut sem þeir kjósa.

Þótt námsefni 10. og 1. bekkjar sé blandað saman með þessum hætti telur Jón Már ekki hætt við að yfirferðin verði of mikil. „Það er mikil skörun milli námsefnis í 10. og 1. bekk og dágóður tími fer í upprifjun í 1. bekk. Vissulega þarf að bæta einhverju við en skammturinn verður alls ekki tvöfaldur og þessir nemendur koma ekki til með að þurfa að vera meira í skónum en aðrir. Þar sem hópurinn er lítill gefst góður tími til að sinna hverjum og einum og auk þess ætlum við að bjóða upp á heimanámsaðstoð.“

Dugmiklir níundubekkingar sem þessa dagana taka við einkunnum sínum úr grunnskóla geta enn sótt um skólavist í MA. Umsóknarfrestur rennur út þann 14. júní og hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á vef skólans: www.ma.is

*thorgunnur@frettabladid.is*

HREYFI LAND



**HREYFILAND**
**býður upp á íþróttanámskeið í sumar**
**FYRIR BÖRN 1, 2, 3, 4 OG 5 ÁRA.**
Sérstök tilboð í sumar, athugið nánar vefsíðu okkar
**www.hreyfiland.is**
Byrjið strax!
Skráning: www.hreyfiland.is | mottaka@hreyfiland.is
sími: 577 2555 frá kl. 8.30-12.30
110 Reykjavík | Höfðabakka 9

# Mikil ásókn í sumarskóla á vegum FB

***Sumarskóli er starfræktur í Fjölbraut Breiðholti eins og undanfarin tólf sumur. Sífellt fjölgar þeim sem nýta sér þennan möguleika til náms og í sumar eru þar um 700 nemendur.***

Nemendur í sumarskólanum koma úr flestum framhaldsskólum landsins og flestir eru þar til að flýta fyrir sér í námi, að sögn Magnúsar Ingvasonar skólastjóra. Einnig segir hann þann hóp fara stækkandi sem komi í skólann vegna falls á samræmdu prófi. „Við erum alltaf að sjá töluvert fall í stærðfræði og mér finnst óeðlilegt að það skuli vera svona mikið ár eftir ár. Ég held að það þurfi að endurskoða þessi próf eða kennsluna eitthvað,“ segir hann. Eina af ástæðunum segir hann vera þá að unglingarnir séu stressaðir fyrir stærðfræðiprófið og mikli það stundum fyrir sér. „Í ofanálag hafa birst fréttir í fjölmiðlum um að framhaldsskólarnir geti ekki tekið við öllum þeim nemendum sem sækja um skólavist á haustin. Það eitt og sér skapar óvissu hjá mörgum nemenda svo ekki sé talað um foreldra þeirra og forráðamenn,“ segir Magnús.




Tveir af umsjónarmönnum Sumarskóla Fjölbrautaskólans í Breiðholti, Torfi Magnússon og Magnús Ingvason.

Sumarskóli FB tók til starfa í lok maí og kennt er frá 17.30 til 22.10 á virkum dögum. Þar eru kenndir 67 áfangar en nám fyrir þá sem gekk ekki sem skyldi á samræmdu prófunum hefst í dag, 8. júní. Ennþá er hægt að innrita sig í skólann en áhugasömum er bent á frekari upplýsingar á www.fb.is eða í síma 570-562. ■



**Framhaldsskólinn á Laugum**

Umsóknarfrestur vegna skólavistar 2005-2006 rennur út **14. júní nk.**

Framhaldsskólinn á Laugum er heimavistarskóli í sveit, um 60 km frá Akureyri og 40 km frá Húsavík. Heimavistaraðstaða er með því besta sem gerist. Boðið er upp á 4 námsbrautir: félagsfræðibraut, íþróttabraut, náttúrufræðibraut og almenna námsbraut.

Á Laugum er öflugt félagslíf, nemendur gefa út blöð og stjórna staðbundinni sjónvarpsstöð. Leiklist er metin til eininga í námi og á Laugum er boðið upp á frábæra aðstöðu til íþróttaiðkunar. Skólinn rekur kvikmyndahús sem sýnir einu sinni í viku. Í herbergjum á heimavistum er boðið upp á internet og síma.



Allar upplýsingar á **www.laugar.is** og í síma **464-3112**



Björk Jónsdóttir, söngkona og söngkennari, stendur fyrir komu Cathrine Sadolin til landsins.

# Raddbeiting fyrir allar tegundir söngs

***Cathrine Sadolin heldur námskeið hér á landi 15. og 16. júní fyrir atvinnusöngvara úr öllum tónlistargeirum.***

Cathrine Sadolin er einn helsti raddfræðingur og söngkennari heims. Hún hefur unnið að rannsóknum á raddtækni í ýmsum stílbeitingum og tegundum í hátt í tuttugu ár og byggir kenningar sínar á eigin reynslu sem bæði klassísk söngkona og rokkari. Hún heldur „masterclass“ hér á landi 15. og 16. júní næstkomandi. Björk Jónsdóttir, söngkona og söngkennari, hefur veg og vanda af komu hennar hingað til lands. „Rannsóknir Cathrine má nota í allar tegundir söngs og hún hefur til dæmis fundið kerfi til að byggja upp raddir þeirra sem hafa starfað lengi innan rytmíska geirans, sungið djass, popp og rokk, og slitið út röddunum sínum. Hún hefur gefið út bækur sem hafa verið lofaðar af gagnrýnendum, læknum og talmeinafræðingum.

Cathrine Sadolin er kölluð til þegar söngvari á við vandamál að stríða, hvort sem er í frægum óperuhúsum eða stúdíói þar sem verið er að taka upp poppplötu.“ Á námskeiðinu ætlar Sadolin að kynna tækni sína og síðan halda masterclass þar sem verða fimmtán virkir þátttakendur sem bera vandamál sín undir kennarann, sem leiðbeinir þeim fyrir framan áhorfendur. „Það er alltaf á ábyrgð söngvarans að vinna hvað hann vill gera og ég spyr alltaf: hvað get ég gert fyrir þig? Söngvarinn verður því að þekkja sína rödd og vita hvað hann vill vinna með og gera.“

Björk kynntist aðferðum Sadolin fyrir nokkrum árum. „Ég keypti bók eftir Cathrine Sadolin alveg óvart þegar hún var nýkomin út og fannst kenningar hennar mjög áhugaverðar. Af tilviljun fann ég heimasíðuna hennar og fór að skrifast á við Cathrine. Það fór svo að hana langaði til að koma til Íslands þannig að við ákváðum að skella bara á námskeiði hérna í nóvember síðastliðnum. Það sló í gegn, sérstaklega fyrir söngvara í rytmíska geiranum sem fundu loksins tækni sem virkaði fyrir þá söngbeitingu sem þeir nota.“

Ennþá er laust fyrir virka þátttakendur á námskeiðið 15. og 16. júní og svo er öllum frjálst að koma og hlusta á Sadolin skýra kenningar sínar og kenna. Þeim sem komast ekki núna er ráðlagt að örvænta ekki því Sadolin kemur aftur til landsins í októberlok.

Skráning og nánari upplýsingar eru á www.fih.is/masterclass eða á skrifstofu FÍH. ■



Boðið verður upp á nýtt nám við Háskóla Íslands í haust í viðskiptafræði með áherslu á upplýsingatækni.

## Fjöldinn sló öll fyrri met

UMSÓKNIR Í MEISTARANÁM Í VIÐSKIPTA-OG HAGFRÆÐIDEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS ERU Á FJÓRÐA HUNDRAÐ OG SLÓ FJÖLDINN ÖLL FYRRI MET.

Nú var í fyrsta sinn auglýst eftir umsóknum í meistaranám í reikningshaldi og endurskoðun við viðskipta-og hagfræðideild HÍ og var hópurinn sem sótti um nám á því sviði fjölmennastur allra. Því námi lýkur með MAcc gráðu. Aðsókn í hinar ýmsu línur í MS námi var einnig mjög góð og meiri en áður hefur sést í flestum tilfellum. Þær eru fjármál, hagfræði, heilsuhagfræði, markaðsfræði og alþjóðaviðskipti og stjórnun og stefnumótun. Um MA nám í mannauðsstjórnun sóttu tæplega 60 manns.

Deildin mun í haust bjóða upp á nýja námsleið í grunnnámi, viðskiptafræði með áherslu á upplýsingatækni, BS-U. Markmiðið með því námi er að útskrifa viðskiptafræðinga með góða þekkingu á hönnun, greiningu og stjórnun upplýsingakerfa. Línan er kennd í samstarfi við tölvunarfræðiskor.

## Sest í stól deildarforseta

NÝR FORSETI HÖNNUNAR-OG ARKITEKTÚRDEILDAR HEFUR VERIÐ RÁÐINN Í LISTAHÁSKÓLANN. SÁ ER JÓHANNES ÞÓRÐARSON ARKITEKT.

Jóhannes var valinn úr hópi þrettán umsækjenda um stöðuna og tekur við henni 1. ágúst. Hann hefur um árabil rekið arkitektastofuna Glámu Kím. Þar hefur hann unnið að fjölda metnaðarfullra verkefna á sviði arkitektúrs og skipulags ásamt félögum sínum og átt hlut að fjölmörgum byggingum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir. Hann hefur líka unnið náið með listamönnum við útfærslu verka þeirra við opinberar byggingar. Jóhannes hefur verið aðstoðarkennari við Listaháskólann en tekur við deildarforsetaembættinu af Halldóri Gíslasyni sem heldur til starfa í Noregi.



Jóhannes Þórðarson arkitekt





Hjálpum hreyfihömluðum að njóta náttúrunnar

Styrktarsíminn er 901 5001
Eitt símtal – 1.000 krónur
Við þurfum þinn stuðning!

98,9 BYLGJAN
Ísland í bítið kl. 7-9
Íþróttasamband fatlaðra

Borgarholtsskóli

Innritun nemenda úr grunnskóla á haustönn 2005 stendur yfir og lýkur 14. júní

Í boði eru eftirtaldar námsbrautir:

Bóknám til stúdentsprófs:
• Félagsfræðabraut
• Málabraut
• Náttúrufræðibraut

Listnám:
• Margmiðlunarhönnun, grafísk áhersla
• Margmiðlunarhönnun, fjölmiðlatækni

Iðnám:
• Grunndeild bíliðna
• Fyrrihlutanám í málmiðnum

Annað starfsnám:
• Félagsliðabraut, Námsbraut fyrir aðstoðarfólk í leik- og grunnskólum
• Verslunarbraut

Almenn námsbraut er einnig í boði fyrir þá nemendur sem ekki standast inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir.

Við aðstoðum nemendur og forráðamenn við rafræna innritun vikuna 6.-10. júní kl. 9-16.

Opið hús verður í skólanum 13. og 14. júní kl. 11-18 þar sem kynnt er það nám sem er í boði.

Nánari upplýsingar um einstakar námsbrautir eru á heimasíðu

Borgarholtsskóli, v/Mosaveg, 112 Reykjavík. Sími 535 1700. Bréfasími 535 170

Sjá nánar á heimasíðu: www.bhs.is

Talstöðin FM 90,9
Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30

**Ferðatöskur**
Á ferðalögum getur komið sér vel að vera með áberandi ferðatösku í skærum litum. Ef ferðataskan sker sig úr ertu fljótari að þekkja hana á færibandinu og þarft heldur ekki að hafa áhyggjur af því að einhver annar taki hana í misgripum.






Hvannadalshnúkur
Grænland
Laki - Núpstaðarskógar
Strönd til strandar
Þjórsárver
Skaftáreldaganga
www.mountainguide.is





VIÐ ERUM ALLTAF NÁLÆGT
16 HÓTEL ALLAN HRINGINN
Verð frá aðeins
3.400 kr.
nóttin á mann
Allar nánari upplýsingar:
www.hoteledda.is
Sími 444 4000



Stilling – betri en bestir
Bílavarahlutir
THULE SWEDEN
Ferðabox
Apollo 100 / 350 lítrar
Tilboð 23.900.-
Ocean 100 / 360 lítrar
Ocean 600 / 330 lítrar
NÝTT
Spirit 820 / 480 lítrar
X1 / 450 lítrar
Stilling
AÐALNÚMER · SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK. · SÍMI 520 8001
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003
www.stilling.is
SMIÐJUVEGI 68 KÓP. · SÍMI 520 8004
BÍLDSHÖFÐA 16 RVÍK. · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006


# Í félagsskap fákanna í Mosfellsbæ

***Hestamenn verja mörgum stundum í reiðtúra og hestastúss á vorin. Við kíktum í heimsókn á félagssvæði Harðar í Mosfellsbæ.***

Reiðleiðirnar liggja víða í Mosfellsbænum. Góður hringur er í grennd við flugvöllinn og út að Blikastöðum er gatan greið. Leirurnar eru líka vinsælar til útreiða og þar er oft skellt á skeið. Svo er undirgangur undir Vesturlandsveginn og þaðan liggur leiðin upp í Mosfellsdal. Þar er hægt að fara ýmsar götur, ein þeirra liggur um Skammadalinn og Álafosskvosina heim. Þetta er frábær staður fyrir hestafólk.

Jónas Ágústsson er að koma með hestinn sinn Vallar frá dýralækninum. Vallar er frá Vallanesi í Skagafirði og er annar tveggja hesta Jónasar. „Svo á dóttir mín einn líka. Hún leiddi mig út í þetta því hún var komin í hestamennskuna á undan mér,“ segir hann. Hann kveðst hafa byrjað á að moka undan hennar hesti og séð svo að hann gæti alveg eins farið að ríða út og hafa eitthvað gaman af þessu! „Ég hafði ekki verið innan um hesta frá því ég var strákur í sveit um fermingaraldurinn,“ segir hann.

Jónas segir ótrúlega mikið stúss í kringum hestana og því fylgja ýmsar áskoranir. „Við höfum hrossin í hagagöngu norður í Húnavatnssýslu og fyrsta vorið sem ég átti hesta ákvað ég að ríða norður. Ég taldi að það væri tiltölulega létt fyrst allir aðrir gætu þetta en það var meira mál en ég hélt.“ ■



Sigurður er upprennandi hestamaður á þrettánda ári sem ver mörgum stundum í að snúast kring um hestana með pabba sínum, Elíasi Þórhallssyni sem er tamningamaður. Hér nær hann í stóðhestinn Klerk frá Votmúla sem er stólpagripur undan Örvari frá Garðabæ og Sunnu frá Votmúla.





Jónas Ágústsson var að koma með hestinn sinn Vallar úr skaufahreinsun hjá dýralækninum. Á myndinni til hægri er Andrea að gefa vini sínum gott í gogginn. Hann bregst glaður við enda heitir hann Glaður.

## Sjónvarpsstofan er í anda Hringadróttinssögu

FOSSHÓTEL Í REYKHOLTI ER FYRSTA MENNINGARTENGDA HÓTELIÐ Á ÍSLANDI EN ÞAÐ VAR OPNAÐ NÝVERIÐ EFTIR MIKLAR ENDURBÆTUR. Á HÓTELINU ERU 34 HERBERGI.

Miklar endurbætur voru gerðar nýverið á Fosshóteli í Reykholti og opnaði það nýverið sem fyrsta menningartengda hótelið á Íslandi. „Við erum með þríþætt þema í gangi á hótelinu sem skiptist í norræna goðafræði, íslenskar bókmenntir og klassíska tónlist,“ segir Einar Valur Þorvarðarson hótelstjóri.

„Húsinu er til að mynda skipt upp í níu heima eins og í goðafræðinni og á hverjum gangi er sýning af einhverju tagi um rúnir og bókmenntir eða goðin svo dæmi séu tekin,“ segir,“ segir Einar Valur.



Fosshótel í Reykholti er menningartengt hótel.

Veitingstaðurinn er miðpunktur hótelsins og þar hefur verið útbúin tunglstofa sem er koníaksstofa „Við gerðum einnig Hringadróttinssöguherbergi sem er sjónvarpsstofa, en sú saga tengist norrænu goðafræðinni mikið,“ segir Einar Valur. Hann segir að öllu hafi verið skipt út við endurbæturnar á hótelinu og nú séu ný 34 herbergi á hótelinu með baði.

„Auk menningarinnar erum við að leggja áherslu á þægindi og því höfum við sett baðker inn á herbergin svo gestirnir geti slappað vel af,“ segir Einar Valur.


Fiat Punto eða sambærilegur
Vika á Spáni
11.900*
kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.
*Verð á viku miðað við 14 daga leigu.
Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta
50 50 600
Hertz
hertzerlendis@hertz.is



Ódýrari bílaleigubílar í Danmörku
Frá dkr. 1.718.- vikan *)
Innifalið, ótakmarkaður akstur, allar tryggingar og skattar, afgreiðslugjald flugvallar og engin sjálfsábyrgð.
*) verð miðað við 3ja vikna leigu.
Bókaðu bílinn núna og greitt er við afgreiðslu erlendis.
Sumarhús
Sumarhús um alla Danmörku Útvegum sumarhús af öllum stærðum og gerðum. Beint val af heimasíðu okkar gerir valið auðvelt og einfalt.
Sendum verðlista
Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is
FYLKIR.IS
FERÐASKRIFSTOFA
— Bestir í Danmörku
Sími 456-3745

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS 8–18
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG 8–19
LAUGARDAG 9–17 SUNNUDAG 11–16

Ingvar Helgason
Notaðir bílar


Citroen C3. Skráður 07/'04, ssk., ek. 6 þús. km. Verð 1.390.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Saab 9-5. Skráður 12/'01, ssk., ek. 49 þús. km. Verð 2.590.000. Tilboð 2.280.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Opel Vectra 1.6GL Skráður 08/97 bsk ek.117.þús.km Verð 620.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 5258020


Subaru Impreza GL Skráður 04/99 ssk.ek.136.þús.kmVerð 770.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 5258020


Volkswagen Golf GL Skráður 08/97 bsk.ek.130.þús.km. verð 490.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 5258020


Opel Astra 1.6GL Skráður 07/02 bsk.ek.50.þús.km Verð 1.290.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 5258020


Nissan Vanette Skráður 08/01 bsk ek.95.þús.km verð 960.000.- 100% Lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 5258020

Ingvar Helgason
Notaðir bílar


Í samtali við Magnús Brandsson, stjórnarformann sparisjóðsins, kom fram að á fundinum verði lagðar fram tillögur að aukningu stofnfjár, úr 22 milljónum króna í 100, auk þess sem ný stjórn verði kjörin og sparisjóðnum verði gefið nýtt heiti. Magnús segir næsta víst að mannabreytingar verði á stjórninni. Hann fari til dæmis sjálfur út. Menn vilji nota tímann fram að fundi til að mynda sameiginlega stjórn.

„Stjórnin tók ákvörðun um að bakka og gefa málið, í því sjónarmiði að sætta aðila innan stofnfjáreigendahópsins. Það er vonandi að heildin nái nú saman,“ segir Magnús. - eþa



**SPARISJÓÐUR SKAGFIRÐINGA** FISK, dótturfélag Kaupfélags Skagfirðinga, er stærsti stofnfjáreigandinn í sparisjóðnum. Á aðalfundi á næstunni ætlar stjórnin að leggja fram tillögur til að sætta stofnfjáreigendur.

# Endurfjármögnun SÍF lokið

**Endurfjármögnun SÍF er nú formlega lokið en umsjónarbankar fyrirtækisins, KB banki og Bank of Scotland, hafa selt hluta láns SÍF til sjö banka og fjögurra fjárfestingasjóða.**

**Heildarlánsfjárhæð er nú rúmlega 21 milljarður króna en var upphaflega tæpir 24 milljarðar. Sambankalánið er samsett bæði af langtímaláni og veltufjármögnun.**

**Skuldsetning fyrirtækisins hefur minnkað hraðar en gert var ráð fyrir og höfðu margir bankar áhuga á að taka þátt í sambankaláninu. Í ljósi þess hefur verið ákveðið að vaxtakjör SÍF lækki um 0,25 prósent.** - jsk



**HÖFUÐSTÖÐVAR SÍF Í HAFNARFIRÐI** Vaxtakjör SÍF lækkuðu í kjölfar mikils áhuga banka á að taka þátt í sambankaláni fyrirtækisins.

# Fengur úr sjónum

Söluhagnaður Burðaráss af sjávarútvegshlutanum og skipastarfseminni nam um 19,6 milljörðum króna. Á dögunum keypti Avion Group um 95 prósenta eign Burðaráss í Eimskipafélaginu fyrir 21 milljarð króna. Forgöngumenn Burðaráss hafa sagt að söluhagnaðurinn sé 15,5 milljarðar króna eftir skatta. Eflaust leysir Burðarás til sín mesta sölubagnað sem um getur hérlendis.

Burðarás seldi dótturfélög Brims, HB, Skagstrending og ÚA í janúar 2004. Söluverð ÚA var níu milljarðar, 7,8 milljarðar fengust fyrir HB og 2,7 milljarðar fyrir Skagstrending. Boyd Line var einnig selt fyrir 1,7 milljarða króna. Samanlagður söluhagnaður af sjávarútvegshlutanum var 4,1 milljarðar króna. - eþa



**MIKILL SÖLUHAGNAÐUR** Á aðeins átján mánuðum hafa stjórnendur Burðaráss leyst út söluhagnað sem nemur tæpum tuttugu milljörðum.

**Söluhagnaður Burðaráss af sjávarútvegs- og skipastarfseminni**

| Félag | Söluhagnaður |
|---|---|
| Eimskipafélagið | 15,5 |
| Dótturfélög Brims* | 4,1 |

* Boyd Line, HB, Skagstrendingur og ÚA

# Ódýrara að lifa, dýrara að byggja

Vísitala neysluverðs lækkaði í maí um 0,54 prósent frá fyrra mánuði, að því er fram kemur á vef Hagstofu Íslands. Skýrist þessi lækkun að stærstum hluta af breyttum aðferðum Hagstofunnar við útreikning vaxta af húsnæðislánum, en einnig af mikilli samkeppni á matvörumarkaði.

Síðastliðið ár hefur vísitala neysluverðs hækkað um 2,9 prósent.

Vísitala byggingarkostnaðar hækkaði um 0,16 prósent á sama tímabili og hefur hækkað um 4,5 prósent síðastliðið ár. - jsk



**VÍSITALA NEYSLUVERÐS LÆKKAR** Að hluta til má rekja lækkunina til samkeppni á matvörumarkaði.

# Koparverð hækkar enn

Verð á kopar náði sextán ára hámarki á föstudaginn vegna mikillar eftirspurnar á heimsmarkaði. Á síðasta ári hækkaði koparverð um fjórðung eftir að birgðastaða dróst saman um tvo þriðju hluta.

Mikil þensla á byggingamarkaði í Bandaríkjunum er talin meginástæða þessarar hækkunar en um 180 kg af kopar fara að meðaltali í hvert hús í landinu. Þá er bílaiðnaðurinn mjög háður kopar.

Meðal spákaupmanna er talið að verðið eigi eftir að hækka áfram. - eþa



**KOPARPENINGAR** Verð á kopar hefur ekki verið hærra í sextán ár og er því spáð að það hækki frekar.

# Flytjum meira inn

Vöruskiptajöfnuður við útlönd í apríl var óhagstæður um 4,4 milljarða króna, segir á vef Hagstofu Íslands. Í apríl í fyrra var hann óhagstæður um 2,9 milljarða króna. Vöruskiptajöfnuðurinn var á fyrsta ársfjórðungi óhagstæður um 16 milljarða króna, en var á sama tímabili í fyrra óhagstæður um 3,4 milljarða.

Fyrstu fjóra mánuði ársins jókst útflutningur um tvö prósent en innflutningur um 21 prósent. - jsk



**INN- EÐA ÚTFLUTNINGUR?** Vöruskiptajöfnuður í apríl var óhagstæður um 4,4 milljarða króna.




Markaðurinn/Pjetur

**ÞORGILS ÓTTAR MATHIESEN, BUBBI MORTHENS OG BJARNI ÁRMANNSSON UNDIRRITA SAMNINGINN** Samningurinn tryggði Bubba Morthens tugi milljóna sem líta má á sem fyrirfram greidd laun fyrir lagasmíðar, plötusölu og opinbera spilun.

# Sjóvá fær tekjur Bubba Morthens

## Bubbi Morthens gaf út tvær nýjar plötur á mánudaginn. Sjóvá fær tekjur hans af plötusölunni vegna samnings sem Bubbi undirritaði í byrjun mars.

Björgvin Guðmundsson
skrifar

Sjóvá mun fá allar tekjur Bubba Morthens af sölu tveggja nýrra platna sem hann gaf út á mánudag. Er það í samræmi við samning sem Bubbi gerði í byrjun mars síðastliðins þar sem hann seldi Sjóvá höfundarréttinn að lögunum sínum. Að auki fær tryggingafélagið öll STEF-gjöld sem greidd eru þegar lög tónlistarmannsins eru spiluð opinberlega.

„Ég ræði ekki við fjölmiðla og hvað þá díla við Sjóvá,“ sagði Bubbi þegar hann var spurður nánar út í samninginn í kjölfar útgáfu platnanna. Má líta svo á að hann hafi fengið tekjur næstu ára greiddar fyrir fram þegar Sjóvá greiddi honum nokkra tugi milljóna króna við undirritun samningsins.

Þorgils Óttar Mathiesen, forstjóri Sjóvá, segir fyrirtækið hafa keypt hugverkasjóð Bubba Morthens fyrir ákveðna upphæð sem ekki sé gefin upp. Sá sjóður fái allar tekjur vegna plötusölu og STEF-gjalda. Ofan á þessar tekjur fær Sjóvá ákveðna ávöxtun á þeim tíma sem samningurinn er í gildi. „Þegar við erum búin að fá það sem við borguðum Bubba til baka auk ávöxtunarinnar eignast hann hugverkin sín aftur,“ útskýrir Þorgils Óttar.

Plötur Bubba hafa selst mjög vel undanfarin ár. Eru þær nú orðnar 53 og lögin 470. Hafa árleg stefgjöld numið nokkrum milljónum króna samkvæmt heimildum Markaðarins. Þar sem Bubbi semur og syngur flest lögin sjálfur fær hann hærri upphæð óskipta í sinn hlut.

Óljóst er hversu langan tíma það tekur Bubba að vinna hugverkin sín aftur frá Sjóvá. Ekki fæst uppgefið hversu há upphæðin var né hversu mikla ávöxtun Sjóvá vill fá af þessari fjárfestingu sinni. Í ljósi þess að hann gefur út tvær plötur núna má vænta þess að Bubbi muni ekki sitja auðum höndum, heldur vinna af fullum krafti til að tryggja áframhaldandi tekjur Sjóvár. Þorgils Óttar segir hægt að semja aftur við listamanninn á svipuðum nótum að loknum samningstímanum.

# Vilja hækka langtímavexti

## Seðlabankinn gælir við þá hugmynd að erlendir fjárfestar losi stöður sínar.

Seðlabankinn ákvað síðastliðinn föstudag að hækka stýrivexti um hálft prósent og eru þeir nú 9,5 prósent. Vaxtahækkunin kom markaðnum á óvart og má búast við að gengi krónunnar hækki í kjölfarið, segir á vef greiningardeildar KB banka.

Seðlabankinn virðist telja verðbólguhorfur dekkri en áður og er ástæðan sögð lækkun gengisins auk vaxandi einkaneyslu.



**BIRGIR ÍSLEIFUR GUNNARSSON SEÐLABANKASTJÓRI** Seðlabankinn virðist telja verðbólguhorfur dekkri en áður og er ástæðan sögð lækkun gengisins auk vaxandi einkaneyslu almennings.

Með hækkun stýrivaxta leitast bankinn við að hækka vexti af langtímalánum til að koma í veg fyrir áframhaldandi þenslu í hagkerfinu.

Virðist Seðlabankinn vera að gæla við þá hugmynd að ef genginu verði ýtt nægilega hátt upp muni erlendir fjárfestar losa stöðu sína í verðtryggðum pappírum hérlendis og langtímavextir hækka, að mati greiningardeildar KB banka. - jsk

# Yfirlit yfir allan heiminn




## Eini fyrirtækjabankinn með erlend yfirlit

**Nú getur þú skoðað yfirlit yfir reikninga þína í erlendum bönkum í netbönkum Íslandsbanka.**

Þú sparar tíma og fyrirhöfn með því að skoða og prenta út yfirlitin á einum stað. Íslandsbanki er eini bankinn sem býður þessa þjónustu.

**Þú færð nánari upplýsingar um Fyrirtækjabankann og nýju þjónustuna hjá þjónustufulltrúum, á isb.is eða í Þjónustuveri í síma 440 4000.**

ÍSLANDSBANKI | 100%

## ÚTRÁSARVÍSITALA 107,88 -0,9%

| Fyrirtæki | Land | Gengi | Gjald-miðill | (Gengi gjaldmiðils) | Breyting |
|---|---|---|---|---|---|
| BTC | Búlgaría | 391,20 | Lev | 40,39 | -2,8% |
| Carnegie | Svíþjóð | 78,50 | SEK | 8,67 | 0,6% |
| deCode | Bandaríkin | 7,88 | USD | 64,58 | 7,8% |
| EasyJet | Bretland | 2,27 | Pund | 117,56 | -2,7% |
| Finnair | Finnland | 6,88 | EUR | 79,21 | -3,4% |
| French Connection | Bretland | 2,72 | Pund | 117,56 | -2,3% |
| Intrum Justitia | Svíþjóð | 49,70 | SEK | 8,67 | -6,5% |
| Low & Bonar | Bretland | 1,10 | Pund | 117,56 | -3,0% |
| NWF | Bretland | 5,85 | Pund | 117,56 | 1,4% |
| Scribona | Svíþjóð | 14,10 | SEK | 8,67 | -2,6% |
| Singer & Friedlander | Bretland | 3,13 | Pund | 117,56 | -0,9% |
| Skandia | Svíþjóð | 41,30 | SEK | 8,67 | -2,4% |
| Somerfield | Bretland | 1,98 | Pund | 117,56 | -0,5% |

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiða 7.júní 2005

## Nýr forstjóri Orkla

Orkla, sem rekur meðal annars Elkem, móðurfélag Íslenska járnblendifélagsins, hefur skipt um forstjóra. Nýi stjórinn heitir Dag J. Opedal og gegnir hann jafnframt stöðu stjórnarformanns. Talið er að Dag fái um fjörutíu milljónir í árslaun.

Orkla er risafyrirtæki á norskan mælikvarða og teygir anga sína allt frá matvælaframleiðslu og fjölmiðlarekstri til fjármálastarfsemi. Markaðsvirði samsteypunnar er 480 milljarðar króna og eru starfsmenn samsteypunnar um 20.000. - eþa

## Rambo snýr aftur

**Kvikmyndafyrirtækið Miramax hefur selt Nu Image-réttinn til að gera framhaldsmynd um John Rambo, sem Sylvester Stallone lék svo eftirminnilega um árið.**

**Miklar lagadeilur hafa orðið um framleiðsluréttinn og sagðist Avi Lerner, forstjóri Nu Image, vera gríðarlega ánægður með að sættir skuli hafa náðst í málinu og hyggst fyrirtækið hefja tökur fljótlega: „Ef fjórða myndin gengur vel lofa ég því að við framleiðum númer fimm og sex. Rambo er alger gullnáma.“**

**Stallone sjálfur hafði þetta um málið að segja: „Ég er búinn að skrifa undir og hef tekið aftur fram höfuðklútinn, vélbyssuna og lásbogann. John Rambo hefur engu gleymt.“ - jsk**



**SYLVESTER STALLONE Í HLUTVERKI RAMBOS** Sly segist hafa tekið aftur fram höfuðklútinn, vélbyssuna og lásbogann. John Rambo hafi engu gleymt.

## Lego í vanda



**LEGOLAND** Lego hefur nú tilkynnt að það hyggist selja þá fjóra skemmtigarða sem það hefur rekið.

Danska leikfangafyrirtækið Lego hefur tilkynnt að það hyggist selja skemmtigarðana fjóra sem eru í eigu fyrirtækisins, Legolöndin. Lego hefur rekið skemmtigarða í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Englandi og Danmörku.

Á síðasta ári var Lego rekið með 20 milljarða króna tapi og var það aðeins í fjórða skipti í sögu fyrirtækisins sem það skilar ekki hagnaði.

Lego hefur á undanförnum árum reynt að færa út kvíarnar og bætt mörgum vöruflokkum, til að mynda útilegubúnaði, tölvuleikjum og skófatnaði, við hina hefðbundnu Lego-kubba. Hafa þessar tilraunir að mestu mistekist.

Stjórnendur fyrirtækisins vona að með sölu skemmtigarðana losni um fé sem síðan eigi að nota til leikfangaframleiðslu. - jsk

# Bílabylting að hefjast í Kína

**Vestrænir bílaframleiðendur sjá fram á erfiða samkeppni ef kínverski bílaiðnaðurinn kemst á flug. Ódýrustu bílarnir kosta undir 300 þúsund krónum en þó verður ekki vandræðalaust fyrir Kínverja að vinna sér markaðshlutdeild á stærstu markaðssvæðum heims.**

**Þórlindur Kjartansson**
skrifar

Óttinn við efnahagsveldi Kína verður sífellt meira áberandi enda virðast kínverskar verksmiðjur geta framleitt gæðavörur í næstum hvaða vöruflokki sem er á miklu lægra verði en Vesturlönd geta keppt við.

Næsta áhyggjuefni þeirra sem óttast samkeppni við Kína er að næsti stóriðnaðurinn sem muni lúta í lægra haldi fyrir kínverskri framleiðslu sé bílaiðnaðurinn. Bílafyrirtækin í Evrópu og Bandaríkjunum eiga ekki sjö dagana sæla um þessar mundir enda vex kostnaður við framleiðsluna stöðugt og samkeppnin frá öflugum fyrirtækjum í Asíu verður stöðugt þungbærari.

Nokkur kínversk fyrirtæki hafa á síðustu árum unnið ötullega að vöruþróun og stefna að því að koma vörum sínum á markaði í Evrópu og Bandaríkjunum á næstu árum. Kínverska ríkisstjórnin hefur fjárfest fyrir tugi milljarða í uppbyggingu svæðis fyrir utan Sjanghæ þar sem unnið er að rannsóknum, þróun og framleiðslu á bílum. Talsmaður yfirvalda sagði í viðtali við The Economist fyrir skemmstu: „Við höfum byggt þetta upp á þremur árum en það tók hundrað ár að byggja Detroit,“ og vísar til höfuðborgar bandaríska bílaiðnaðarins þar sem höfuðstöðvar General Motors og Ford er að finna.

Ljóst er að mikill stórhugur er að baki hugmyndum Kínverja um þátttöku í alþjóðlegum bílaiðnaði og er markaðssetning í Mið-Austurlöndum komin ágætlega af stað. Kínversku fyrirtækin líta á það sem prófraun fyrir vöruna áður en markaðssetning í Evrópu og Bandaríkjunum hefst fyrir alvöru.

Ljóst er að kínversku framleiðendurnir geta boðið miklum mun ódýrari bíla en aðrir. Smábíllinn Chery QQ mini kostar til að mynda aðeins um 3.500 Bandaríkjadali – sem samsvarar um 230 þúsund íslenskum krónum. Reyndar telja forsvarsmenn í evrópskum og bandarískum bílaiðnaði að kínverskir keppinautar þeirra fari heldur frjálslega með höfundarrétt og einkaleyfi og að hönnuninni sé beinlínis stolið. Þá vilja forsvarsmenn General Motors fá úr því skorið fyrir bandarískum dómstólum hvort vöruheitið Chery sé of líkt Chevy.

Sumir telja þó að hættan sem öðrum bílaframleiðendum stafi af þeim kínversku kunni að vera ofmetin þar sem reynslan sýni að mjög langan tíma taki að vinna næga tiltrú markaðarins til að öðlast verulega hlutdeild. Eins fer neikvæð umræða í garð kínverskra framleiðenda vaxandi og það kann einnig að draga úr möguleikum þeirra til áframhaldandi landvinninga. Heimildir: Financial Times, The Economist



Fréttablaðið/Nordic Photos/AFP

**NÝ AFURÐ ÚR KÍNVERSKA BÍLAIÐNAÐINUM** Kínverskar sýningarstúlkur við nýjasta Chery-bílinn, sem kynntur var á bílasýningu fyrir skemmstu. Framleiðslukostnaður kínverskra bíla er miklu lægri en bandarískra og evrópskra.

## Brown vill hjálpa Afríku

**Breski fjármálaráðherrann fer fram á aukna þróunaraðstoð.**

Breski fjármálaráðherrann Gordon Brown hefur skorað á olíuframleiðslulönd að nota ríkidæmi sitt til hjálpar Afríkulöndum. Brown mun á næstu dögum fara á fund með öðrum evrópskum fjármálaráðherrum og hyggst hann nota tækifærið og fara fram á stuðning starfsbræðra sinna: „Ég vona að þau lönd sem auðgast hafa á hækkun olíuverðs sjái sér fært að auka framlag sitt til þróunarmála,“ sagði Brown.

Brown og forsætisráðherrann, Tony Blair, hafa lagt fram tillögur þess efnis að framlag til þróunarmála verði tvöfaldað, og viðskiptahindrunum gagnvart Afríkuríkjum aflétt.

Einnig vilja þeir félagar að ríkari lönd sleppi að innheimta skuldir Afríkuríkja. Brown sagðist hafa fulla trú á því að tillögurnar fengjust samþykktar, sérstaklega þar sem þær nytu stuðnings Bandaríkjastjórnar. - jsk



**GORDON BROWN OG TONY BLAIR** Vilja stórauka framlag ríkari þjóða til þróunarmála.




SÖGUHORNIÐ

## 1984 kemur fyrst út

Þann 8. júní 1949 kom út bókin 1984 eftir George Orwell. Hún seldist strax vel og er almennt álitin einhver áhrifamesta bók tuttugustu aldarinnar.

1984 fjallar um heldur óhuggulegt framtíðarríki þar sem ríkisvaldið hefur heljartök á einstaklingunum og hefur uppi umfangsmikla blekkingarstarfsemi til þess að halda almenningi í skefjum. Aðalsöguhetjan starfar hjá sannleiksráðuneytinu við að falsa sögulegar heimildir svo þær passi við þann áróður sem stjórnvöld hafa í frammi.

Bókin lýsir ákaflega óaðlaðandi framtíðarsýn sem litast af aðstæðum í Bretlandi á árunum eftir Síðari heimsstyrjöldina þar sem allar lífsnauðsynjar voru skammtaðar og Bretar misstu stjórn á heimsveldi sínu þótt stjórnvöld gerðu hvað þau gætu til að halda því fram að ósigrar heimsveldisins væru í raunninni sigrar.



Fréttablaðið/Nordic Photos/AFP

**JOHN HURT Í 1984** Winston Smith er söguhetjan í skáldsögunni. Ljósmynd úr bíómynd sem gerð var eftir bókinni.

Framtíðarsýn Orwells fól meðal annars í sér að tilraun væri gerð til að heilaþvo fólk með því að breyta tungumálinu. Tungumálið „Newspeak“ – eða nýtal – er flatneskjulegt stofnanamál þar sem blæbrigði og tilfinningar víkja fyrir illskiljanlegu og þversagnakenndu blaðri.

Með framförum í upplýsingatækni og möguleikum til misnotkunar hennar hafa ýmis hugtök úr 1984 orðið hluti af daglegum orðaforða. Hugtakið „Stóri bróðir“ sem táknar hið alsjáandi auga ríkisvaldsins er komið úr bókinni og vísa stuðningsmenn persónuverndar mjög gjarnan til bókarinnar í málflutningi sínum. - þk

# Kóngurinn veikur

Hlutabréf á sádi-arabíska hlutbréfamarkaðnum féllu í verði um tæpt eitt prósent eftir að fréttir bárust af veikindum Fahds konungs. Þrátt fyrir þetta segja sérfræðingar langtímahorfur markaðarins góðar.

Konungurinn var lagður inn á spítala fyrir nokkru með lungnabólgu og háan hita: „Það er slæmt fyrir markaðinn að konungurinn sé veikur,“ sagði hagfræðingurinn Fawad Rizvi og bætti svo við: „En þetta ætti nú ekki að skipta máli til langs tíma litið. Abdullah krónprins ræður hvort eð er öllu sem hann vill ráða og hefur gert í tíu ár.“

Sádi-arabískir embættismenn segja konunginn á batavegi. - jsk



**FAHD KONUNGUR SÁDI-ARABÍU** Hlutabréf féllu í verði þegar fregnir bárust af veikindum hans. Sérfræðingar segja hins vegar langtímahorfur góðar.

# Greenspan fyrir þingnefnd

## Hvert orð af vörum seðlabankastjórans hefur áhrif á gengi bréfa.

Alan Greenspan, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, mun mæta á fund þingnefndar á fimmtudag til að ræða horfur í efnahagsmálum.

Undanfarið hafa birst fréttir í Bandaríkjunum af slæmu ástandi hagkerfisins, fækkun nýrra starfa og minnkandi vexti í iðnaðar- og þjónustugeirum, og mun ræða Greenspans því vekja enn meiri athygli en ella.

Staða efnahagsmála er þó betri en margir vilja meina, en örlítið hefur hægst á hagvexti undanfarið.

Vonast menn í fjármálaheiminum til þess að Greenspan freistist ekki til að boða hækkun stýrivaxta. Gangi það eftir er líklegt að hlutabréfamarkaðurinn taki við sér á ný eftir erfiðar undanfarnar vikur.

Lítið er vanalega um viðskipti á meðan beðið er eftir ræðu Greenspans en um leið og fundur er settur færist fjör í leikinn. Algengt er að gengi hlutabréfa sveiflist ótt og títt á meðan Greenspan talar, enda hefur hvert orð af hans vörum áhrif á gengi bréfa. - jsk



**ALAN GREENSPAN SEÐLABANKASTJÓRI BANDARÍKJANNA** Mætir fyrir þingnefnd á fimmtudag. Gengi bréfa sveiflast ótt og títt meðan Greenspan talar.

# Viðskipti lykillinn að friði

## Löndin hafa lengi deilt vegna Kasmír en nú virðist vera að birta til.

Pervez Musharraf, forseti Pakistans, segir að Pakistanar og Indverjar verði að grafa stríðsöxina og einbeita sér að því að byggja upp sterkari viðskiptatengsl.

Þetta sagði hann á fundi með indverskri viðskiptasendinefnd: „Við verðum að horfa til framtíðar. Það gerum við með því að leysa deilumál okkar og þróa enn frekari viðskiptatengsl, þannig að bæði Indland og Pakistan hafi hag af.“

Indverjar og Pakistanar hafa lengi deilt um yfirráð yfir Kasmír-héraðinu sem er á landamærum ríkjanna tveggja og hefur tvisvar komið til styrjaldar. Bæði löndin búa yfir kjarnorkuvopnum.

Viðskipti milli Indlands og Pakistan hafa aukist um rúmlega helming undanfarið ár og hafa aldrei verið meiri. Formaður indversku sendinefndarinnar, Onkar S. Kanwar, sagði viðskipti landanna geta aukist margfalt á næstu fimm árum verði samgöngur bættar og viðskiptahindrunum aflétt. - jsk



**PERVEZ MUSHARRAF FORSETI PAKISTAN** Segir að Pakistanar og Indverjar eigi að grafa stríðsöxina og einbeita sér að því að þróa viðskiptatengsl.



# Ætla að endurlífga björn

## Vísindamenn segja ekki ómögulegt að Neanderdalsmenn gangi aftur um jörðina.

Vísindamenn hafa náð að einangra DNA-erfðaefni úr tönn bjarndýrs sem dó út fyrir 40 þúsund árum og vonast til að endurlífga björninn. Björninn var eitt sinn útbreiddur í Evrópu og lifði einkum þar sem nú er Austurríki. Hann hafðist við í hellum, en dó út við lok ísaldar.

Segja vísindamennirnir að næst sé á dagskrá að einangra erfðaefni úr forföður mannsins, Neanderdalsmanninum. Vona vísindamennirnir að einhvern daginn muni Neanderdalsmaður aftur ganga um á jörðinni: „Þetta er bara tímaspursmál. Ég held að okkur muni takast það,“ sagði dr. Eddy Rubin, sem haft hefur yfirumsjón með rannsóknum.

Rubin sagði hins vegar með öllu ómögulegt að einangra erfðaefni úr risaeðlum, til þess væri einfaldlega of langt síðan þær dóu út: „Jurassic Park var bara vísindaskáldskapur og verður aldrei að veruleika“. - jsk



**NEANDERDALSMAÐURINN** Vísindamenn hafa einangrað erfðaefni úr bjarndýri sem dó út fyrir 40 þúsund árum. Þeir segja Neanderdalsmanninn næstan.

# Bin Laden ekki handsamaður

Yfirvöld í Bandaríkjunum og Bretlandi hafa varað tölvunotendur við að opna dreifipóst sem segir hryðjuverkahöfðingjann Osama bin Laden hafa verið handsamaðan.

Pósturinn inniheldur vírus sem veldur því að Windows-stýrikerfið hrynur. Segir í póstinum að bin Laden hafi verið handtekinn fyrir nokkrum mínútum og að sjónvarpsstöðvar á borð við BBC og CNN muni innan skamms flytja fréttina.

James Kay, yfirmaður breska fyrirtækisins Blackspider, sem sérhæfir sig í vírusvörnum, segir starfsmenn sína hafa stöðvað meira en milljón tölvuskeyti sem segi frá handtöku bin Ladens. - jsk



**OSAMA BIN LADEN** Tölvupóstur sem sagði frá handtöku hans reyndist innihalda tölvuvírus.

# Ágreiningur um xxx-endingar

## Ekki er hægt að skylda klámsíður til að taka sér endinguna xxx. Enginn hvati er fyrir hendi.

Menn eru ekki á eitt sáttir um þá ákvörðun hinnar alþjóðlegu ICANN-stofnunar, sem sér um úthlutun léna á internetinu, að leyfa klámsíðum að notast við endinguna xxx.

Icann samþykkti umsókn lénsölufyrirtækisins ICM um að hefja sölu á vefsíðum með endinguna og munu þær vera falar á tæpar 4 þúsund íslenskar krónur.

Talsmaður ICM sagðist í yfirlýsingu telja ákvörðun ICANN byggða á málefnalegum rökum: „Nú munu börn ekki geta heimsótt klámsíður í jafn miklum mæli án þess að það komist upp“.

Tekjur klámiðnaðarins námu á síðasta ári 800 milljörðum króna. Icann hafði áður hafnað umsókn sama efnis frá ICM árið 2000 en eitthvað virðist hafa breyst síðan þá.

Karl Auerbach, fyrrum stjórnarmeðlimur ICANN, sagði hins vegar ákvörðunina fáránlega: „Mig grunar að þarna ráði peningar för. Stofnunin hefur áður hafnað umsóknum frá skólum, trúfélögum og samtökum listamanna um eigin endingar. Þetta er stórfurðulegt“.

Talið er að hægrisinnaðir trúflokkar í Bandaríkjunum muni krefjast þess að klámsíður verði skyldaðar til að taka upp endinguna. Erfitt gæti hins vegar reynst að réttlæta slíkt lagalega.

Bjarni Rúnar Einarsson netverji hafði þetta um málið að segja: „Margir telja auðvelt aðgengi að klámi vera eitt stærsta vandamálið sem fylgir netinu. Þetta gæti auðveldað fólki að sía slíkt efni út. Hins vegar er gallinn sá að ekki er hægt að skylda klámvefi til að taka endinguna upp“.

Arthur Ólafsson, vefstjóri www.b2.is, sagði síðuna ekki hafa í hyggju að taka upp endinguna xxx enda liti hann ekki á b2 sem klámsíðu: „Ég held að það muni nú ekki ganga að koma þessu öllu svona undir einn hatt. Síður með endingunni eru dýrari auk þess sem auðveldara á að vera að hindra aðgang að þeim. Maður skilur ekki alveg hver hvatinn á að vera“. jsk@frettabladid.is



**JENNA JAMESON KLÁMMYNDASTJARNA** Fólk segir hvatann vanta fyrir klámsíður til að taka upp endinguna xxx. Síður með endingunni eru dýrari auk þess sem auðveldara er að hindra aðgang að þeim.

# Sífellt fleiri spila netpóker

## Fyrirtæki sem sérhæfir sig í pókerkeppnum á netinu er stærra en British Airways.

Sífellt fleiri spila nú póker á netinu. Nú er svo komið að í Bretlandi hafa tvö fyrirtæki sem sérhæfa sig í póker-keppnum á netinu, Party Gaming og Empire Online, í hyggju að skrá sig á hlutabréfamarkað.

Umfang heimsmarkaðarins hefur þrefaldast á tveimur árum og talið er að hlutabréf í Party Gaming einu og sér muni seljast fyrir 600 milljarða króna, sem gerir fyrirtækið stærra en breska flugfélagið British Airways.

Ástæðan fyrir auknum vinsældum pókerkeppna á netinu er talin tvíþætt: í fyrsta lagi þurfi hæfileika til að njóta velgengni í póker, öfugt við margar tegundir fjárhættuspila þar sem heppni ræður mestu. Í öðru lagi sé fólk farið að treysta netinu og hiki ekki lengur við að gefa upp kortanúmer og aðrar persónuupplýsingar.

Ekki spilli svo fyrir að fjárhættuspil séu í tísku og spilavíti spretti upp eins og gorkúlur víða um heim.

Þeir eru þó til sem hafa áhyggjur af þessari þróun. Nú þurfi ekki lengur að klæða sig í smóking, gera sér ferð í spilavíti og fá sér martini til að spila heldur geti menn einfaldlega sest fyrir framan tölvuna á baðsloppnum.

Sálfræðingurinn Adrian Scarfe, sem sérhæfir sig í meðferð spilasjúklinga, hefur miklar áhyggjur af þessu: „Nú er fíknin vandamál allan sólarhringinn. Fólk verður háð bæði spilunum og netinu“.

Verðbréfamiðlarinn Paul gefur þó ekki mikið fyrir áhyggjur Scarfes: „Þetta er ekkert stressandi. Það skaðar engan að skemmta sér aðeins. Mér finnst þetta raunar mjög róandi eftir erfiðan vinnudag“. - jsk



**SEAN CONNERY Í HLUTVERKI JAMES BOND** Bond þarf ekki lengur að klæða sig upp til að fara í póker. Hann getur einfaldlega sest fyrir framan tölvuna á nærklæðum einum fata.

# Þingmenn á netinu

Vefsíða breska þingsins er úrelt og óaðgengileg, samkvæmt skýrslu bresku lýðræðissamtakanna Hansard Society. Segir í skýrslunni að ný og betri vefsíða yrði fyrsta skrefið í átt að betri samskiptum þingsins við almenning.

„Síðan er eins og skjalasafn frá miðöldum. Það er erfitt að vafra, engin tækifæri eru til skoðanaskipta og leitarvél síðunnar er handónýt,“ sagði Gemma Rosenblatt, talsmaður Hansard Society, og bætti við: „Vefsíða þingsins ætti að vera sniðin að þörfum almennings, ekki þingmanna.“ - jsk



**BRESKA ÞINGHÚSIÐ** Lýðræðissamtök segja vefsíðu breska þingsins úrelta og óaðgengilega.

www.konicaminoltaeurope.com
KONICA MINOLTA
Lítil og
fjölhæf



Konica Minolta 130f
Flest fyrirtæki þurfa prentara, ljósritunarvél, litskanna og faxtæki. Minnsta vélin frá KONICA MINOLTA gerir allt þetta og meira til. Hún sendir líka tölvupóst. Frumritamatari er staðalbúnaður, auk þess sem hægt er að leggja frumrit á gler. Myndgæðin eru fyrsta flokks, 600 dpi, og afköstin eru 13 blöð á mínútu.
Kynningarverð kr. 79.900 m/vsk
UMFANG TÆKNIBÚNAÐUR
UMFANG–TÆKNIBÚNAÐUR • SÍÐUMÚLA 12 • 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5520 • umfang@kjaran.is
OTTÓ AUGLÝSINGASTOFA

# SMS gegn reykingum

**Nýsjálensk rannsókn sýnir að SMS-skilaboð eru vopn í baráttunni gegn reykingum.**

SMS-skilaboð geta hjálpað ungu fólki að hætta að reykja, samkvæmt nýsjálenskri rannsókn. Rannsóknin náði til 850 ungra reykingamanna og var birt í tímaritinu Tobacco Control.

Reykingamönnunum var skipt í tvo hópa og áttu að hætta reykingum á fyrir fram ákveðnum degi. Annar hópurinn var í sífellu minntur á reykingabannið með SMS-skilaboðum á borð við: „Skrifaðu niður fjórar manneskjur sem lemja þig í kássu ef þú byrjar aftur að reykja.“

Hinn hópurinn fékk engin skilaboð.

Tæp 30 prósent úr fyrri hópnum hættu að reykja á meðan aðeins þrettán prósent fólks úr þeim seinni lögðu rettuna á hilluna.

Umsjónarmaður rannsóknarinnar, Anthony Rodgers, sagði að sífelldar SMS-sendingar hefðu truflað fólk og fengið það til að hugsa um eitthvað annað en reykingar: „Þetta er eins og að flækja fingurna í tyggigúmmí, puttarnir eru bundnir við önnur verkefni en að kveikja í sígarettum.“ - jsk



**AÐ SENDA SMS** Sífelldar SMS-sendingar geta hjálpað reykingamönnum við að hætta reykingum.

# Traustslyf fundið

**Teymi svissneskra og bandarískra vísindamanna hefur einangrað hormón í heilanum sem ræður því hvort við treystum náunganum.**

**Rannsóknir þeirra sýndu að fólk sem fékk aukaskammt af hormóninu oxytokin átti auðveldara með að treysta öðrum.**

**Dr. Ernest Fehr, sem stýrði rannsókninni, sagði hormónið auka samskiptahæfni fólks og því væri það tilvalið til að lækna fólk af feimni. Starfsbróðir Fehrs, Dr. Antonio Damasio, hafði þó áhyggjur af því að óprúttnir stjórnmálamenn kynnu að misnota lyfið: „Margir hafa áhyggjur af því að stjórnmálamenn noti hormónið í úðaformi á stjórnmálafundum og fái þannig fólk til að styðja stefnumál sín.“** - jsk



**ÚTIFUNDUR** Margir hafa áhyggjur af því að stjórnmálamenn kunni að misnota lyf sem nú hefur verið þróað og fær fólk til að treysta náunganum.



**TRÓJUHESTURINN** Ísraelska lögreglan segir fyrirtæki í landinu hafa notast við tölvuvírus sem kenndur er við Trójuhestinn til að njósna um keppinauta sína.

# Njósnað í Ísrael

Lögreglan í Ísrael segir mörg stórfyrirtækja landsins hafa stundað njósnir um keppinauta sína.

Að minnsta kosti fimmtán ísraelsk fyrirtæki eru sökuð um að hafa átt hlut að máli og hafa átján menn verið handteknir í Ísrael og tveir til viðbótar í Bretlandi.

Lögreglan segir að notaður hafi verið svokallaður Trójuhestur til að brjótast inn í tölvukerfin, en það er tölvuvírus sem sendur er inn í tölvukerfi og gerir sendandanum kleift að fylgjast með öllu sem fram fer innan kerfisins.

Stærsta símafyrirtæki landsins, Bezeq, var upphaflega sakað um að standa á bak við njósnirnar en síðar kom í ljós að allt að 60 fyrirtæki kunna að hafa verið viðriðin málið.

Kunnugir segja þetta mesta viðskiptahneyksli sem upp hafi komið í Ísrael: „Þetta er sagan um viðskiptajöfrana sem skildu siðferðiskenndina eftir í glæsibifreiðum sínum,“ sagði Sever Plotsker, blaðamaður á stærsta viðskiptablaði Ísraels, Yediot Ahronot. - jsk

# Apple endurgreiðir

Apple hefur ákveðið að framlengja ábyrgðarskírteini þeirra sem keyptu iPod-spilara með gallaðri rafhlöðu í Bandaríkjunum og gefa fólki kosti á að fá endurgreitt.

Apple bregst með þessu við fjölda lögsókna á hendur fyrirtækinu frá þeim sem telja sig hafa keypt köttinn í sekknum. Kaupendurnir sögðu rafhlöðuna ekki endast jafnlengi og sagði á pakkningunum.

„Nú get ég verið viss um að peningum mínum hafi verið vel varið. Ég trúi því að Apple muni fara rétt að komi svona mál upp í framtíðinni,“ sagði einn lögsækjenda.

Flestir þeirra sem fyrir skaða urðu keyptu iPod-spilara árið 2003. - jsk



**APPLE IPOD** Apple hefur gert þeim sem keyptu iPod með gallaðri rafhlöðu kost á að fá endurgreitt.






**UMSVIF KB AUKAST Í BRETLANDI** Sigurður Einarsson, stjórnarformaður KB banka, segir markmiðið að stækka hraðar en samkeppnisaðilarnir. Ljóst er að tækifærin til þess verða fleiri þegar bankinn festir sig betur í sessi í Bretlandi með kaupum á Singer&Friedlander.

# Bretland mikilvægasti markaður KB banka

**Bretland verður mikilvægasti einstaki markaður KB banka eftir yfirtökuna á Singer&Friedlander. Yfirtökuferlið var framlengt um fjórtán daga þar sem ekki barst vilyrði fyrir kaupum á því hlutafé sem KB banki hafði stefnt að. „Kom ekki á óvart," segir forstjóri Singer&Friedlander. *Björgvin Guðmundsson* segir að KB banki hafi þegar tryggt sér 75 prósent í breska bankanum og tekur rekstur hans yfir áður en langt um líður.**

KB banka hafði einungis borist vilyrði fyrir þrettán prósentum hlutafjár í Singer&Friedlander daginn áður en kauptilboð til hluthafa breska bankans rann út síðastliðinn föstudag. Markmiðið var að kaupa að minnsta kosti 75 prósent af hlutafé Singer&Friedlander, sem ekki væri þegar í eigu KB banka. Niðurstaðan var sú að hluthafar samþykktu að selja rúm 69 prósent.

Tony Shearer, forstjóri Singer&Friedlander, segir að það komi varla á óvart í Bretlandi, að þetta markmið náist ekki í fyrstu atrennu. Yfirtökuferlið sé óskilvirkt og hluti af skýringunni sé hægvirk póstþjónusta. Margir séu líka latir að senda inn samþykki sitt og bregðist seint við. Þrátt fyrir að einungis hefði borist vilyrði fyrir þrettán prósentum hlutafjár á fimmtudeginum hefði niðurstaðan orðið sú að KB banki fékk vilyrði fyrir að kaupa rúmlega 69 prósent þegar upp var staðið.

Frestur fyrir hluthafa, sem enn eiga hlut í Singer&Friedlander og vilja samþykkja yfirtökutilboð KB banka, var framlengdur og rennur út 14. júní næstkomandi. Tony Shearer er í litlum vafa um að KB banki nái að eignast þessi 75 prósent í bankanum til viðbótar því sem hann á fyrir. Til að það náist þarf íslenski bankinn að kaupa tæp sex prósent hlutafjár til viðbótar og eignast þá samanlagt áttatíu prósent í breska bankanum.

Þess er því ekki langt að bíða að Kaupþingsmenn fari að skipta sér af daglegum rekstri Singer&Friedlander. Eftir að seinni tilboðsfresturinn rennur út hafa bresk fjármálayfirvöld nítíu daga til að samþykkja nýja eigendur.



SIGURÐUR EINARSSON

Forstjóri Singer&Friedlander kynnti bankann fyrir fjárfestum, greiningaraðilum banka og fjölmiðlum á kynningarfundi í Kaupmannahöfn síðastliðinn föstudag. Fundurinn var haldinn í danska bankanum FIH sem KB banki tók yfir í fyrra. Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri KB banka, og Sigurður Einarsson stjórnarformaður fóru yfir rekstur og framtíðarsýn bankans. Þá flutti Steingrímur Kárason erindi um áhættustýringu og Ármann Þorvaldsson sagði frá helstu verkefnum undanfarin ár.

Bæði Hreiðar Már og Sigurður ítrekuðu að eftir kaupin á Singer&Friedlander yrði Bretland mikilvægasti einstaki markaður bankans. Það væri á vissan hátt misvísandi að segja bankann skandinavískan eins og hann hefði nýlega verið skilgreindur; hann væri orðinn líkari alþjóðabönkum sem einbeiti sér að Norður-Evrópu. Hreiðar sagði þá núna horfa til þess að auka umsvif sín í Bretlandi og Noregi. Á Íslandi, í Svíþjóð, Danmörku, Lúxemborg og Finnlandi væru umsvifin í samræmi við áætlanir bankans og ekki væru áform uppi um aukin umsvif á Færeyjum, í Bandaríkjunum eða Sviss.



HREIÐAR MÁR SIGURÐSSON

Sigurður benti þó á að þrátt fyrir skýra framtíðarsýn bankans væri starfsemi hans þannig upp byggð að hægt væri að bregðast við ef góð tækifæri byðust. Sveigjanleikinn væri mikill þó að stefnan væri skýr. Markmiðið væri að auka innri vöxt bankans, horfa áfram á mögulegar yfirtökur og auka tekjur á hvern starfsmann. „Við ætlum að stækka hraðar en helstu keppinautar okkar," sagði hann.

„Hagnaður kemur alltaf fyrst, vöxtur svo," sagði Hreiðar Már.

## „Við lánum ríku fólki"

**Með yfirtöku á Singer&Friedlander eignast KB banki flesta sjúkrabíla í London og fjölda leigubíla.**

Eftir sameiningu KB banka og Singer&Friedlander verður til stærra fjármálafyrirtæki, fjármögnun starfseminnar verður ódýrari og hægt verður að samnýta upplýsingatækni fyrirtækjanna. Þetta eru þeir þrír þættir sem Tony Shearer, forstjóri breska bankans, telur mikilvæga í samþættingu fyrirtækjanna.

Í máli forstjórans á kynningarfundi KB banka í Kaupmannahöfn á föstudaginn kom fram að mestur hagnaður kemur vegna hefðbundinnar bankastarfsemi til einstaklinga og fyrirtækja. Singer&Friedlander er þó ekki með viðskiptabankastarfsemi og útibúanet eins og þekkist á Íslandi. Shearer sagði að í einföldu máli væri hægt að segja að bankinn lánaði ríku fólki. Stór hluti af þeim lánum færi til kaupa á húsnæði og öðrum eignum. Einkabankaþjónustan byggði mikið á því og einnig að taka við innlánum.

„Dæmigerður viðskiptavinur okkar er líklega Bandaríkjamaður sem kemur til London í þrjú til fjögur ár til að vinna fyrir Goldman Sachs eða eina af stóru lögfræðistofum Bandaríkjanna. Hann vill kaupa íbúð í Mayfair eða á álíka stöðum og greiða fyrir hana fimm milljónir punda án þess að selja húsið sitt heima í Hamptons eða íbúðina á Manhattan," sagði Shearer. Viðskiptavinurinn hefði traustar tekjur, góða bónusa og vildi ekki selja hlutabréf úr eignasafni sínu. Því kæmi hann til Singer&Friedlander til að fá lán fyrir íbúðinni í London.

Breski bankinn fjármagnar líka hin ýmsu verkefni eins og starfsemi heilsugæslu, kaup á bílum og öðrum atvinnutækjum. Shearer sagði að Singer&Friedlander ætti í kringum tíu þúsund sjúkrabíla og ef fólk sæi einn þjóta um götur London væri hann líklega í þeirra eigu. Einnig lánaði bankinn til kaupa á leigubílum í London og því væru margir þeirra einnig í þeirra eigu.



TONY SHEARER FORSTJÓRI SINGER& FRIEDLANDER

Fjárfestingarstarfsemi bankans byggist mikið á því að ávaxta sjóði fyrir einkaaðila. Shearer eyddi ekki miklum tíma í að útskýra þennan þátt starfseminnar, en hagnaður af þessari starfsemi var 6,5 milljón punda í fyrra samanborið við 23 milljónir punda hagnað af bankaþjónustu.

Tony Shearer varð forstjóri Singer&Friedlander í byrjun þessa árs eftir að hafa gegnt stöðu fjármálastjóra. Forsvarsmenn KB banka hafa sagt að þeir hafi ekkert út á stjórnendur bankans að setja þegar kemur að sameiningu. Markmiðið sé að auka tekjur bankans með núverandi stjórnendum. Mun Tony Shearer vera byrjaður að vinna að því og mun því gegna stöðu forstjóra enn um sinn að minnsta kosti.

## Óvenjulegir athafnamenn

Íslenskir athafnamenn koma Dönum óvenjulega fyrir sjónir segir Johannes Bøggild blaðamaður Berlinske Nyheds Magasin. „Þeir eru ungir og óhefðbundnir í útliti," segir hann og vísar til dæmis á Jón Ásgeir Jóhannesson. Þegar Baugur Group keypti Magasin Du Nord hefði fólk spurt hvaðan Íslendingarnir hefðu fengið alla þessa peninga. Af hverju þeir væru að kaupa fyrirtæki sem ekki hefði sýnt góða afkomu.

Johannes segir ekki endilega rétt að raddirnar séu mjög neikvæðar í garð íslenskra athafnamanna. Fólk sé frekar hissa og vilji svar við ákveðnum spurningum. Þeim spurningum ætlar hann sjálfur að reyna að svara á síðum síns blaðs í Danmörku. Sótti hann meðal annars fund sem Útflutningsráð stóð fyrir til að kynna íslensk fyrirtæki ásamt íslenska sendiráðinu og kynningarfund KB banka í FIH á föstudaginn.

Sigurður Einarsson, stjórnarformaður KB banka, segir mikilvægt að koma réttum skilaboðum áleiðis í upphafi þegar sótt er fram á erlendum mörkuðum. Erfitt sé að snúa neikvæðri umræðu við því margir taki upp vitleysuna hver eftir öðrum. Því séu kynningarfundir, eins og KB banki hafi sótt og staðið fyrir, árangursríkir.

ALMENNIR VERKTAKAR ehf.

# ER KOMIÐ AÐ VIÐHALDI?

## Viðhaldslausnir sem enginn hefur efni á að horfa framhjá

Hefur húseignin þín þörf fyrir leka- og tæringarvörn?
Veðurþolin gúmmíþekja með 500% teygjuþol, afbragðsviðloðun gegn áhrifum seltu og sólargeisla. Fjöldi lita í boði.
Frábær viðloðun við steypu, járn, ál, sink og tjörupappa.
Hagkvæm lausn fyrir húsfélög, fasteignafélög, fyrirtæki o.fl.
hvort sem um er að ræða þök eða veggi.





EINKAUMBOÐ FYRIR
PACE PRODUCTS INTERNATIONAL

Pace Á ÍSLANDI

notað hér á landi síðan 1991



GERUM VERÐTILBOÐ AÐ KOSTNAÐARLAUSU
STRANGT GÆÐAEFTIRLIT / ALLT AÐ 10 ÁRA ÁBYRGÐ

ALMENNIR VERKTAKAR ehf.

Almennir verktakar ehf • Sími: 517 9177 / 696 7282 / 698 0979 • Fax: 517 9277 • pace@coat.is

# Aldrei alvöru atvinn

Menn greinir á um raunverulega stöðu ferðaþjónustu á Íslandi. Ísland virðist vaxa í mörgum flokkum: sífellt landið, gjaldeyristekjur aukast ár frá ári og hlutdeild ferðaþjónustu í landsframleiðslu hækkar. Gagnrýnendu ranga, arðsemi sé bannorð í ferðaþjónustu og geirinn standi ekki undir sér. *Jón Skaftason* fjallar um ferðaþj

## Ferðaþjónustan í tölum

**Skilgreining Hagstofunnar á ferðaþjónustu:**

| | |
|---|---|
| 90% | tekna af gististöðum |
| 30% | veitingahúsareksturs |
| 58% | samgangna á landi |
| 4,5% | samgangna á sjó og vatnaleiðum |
| 80% | flugsamgangna |
| 100% | tekna af ferðaskrifstofum og skipuleggjendum |
| 58% | bílaleigu, |
| 18% | blandaðrar smásölu |
| 4,5% | annarrar smásölu |
| 18% | gjafavöru- og sportvöruverslunar |
| 12% | tómstunda-, menningar- og íþróttastarfsemi. |

**Punktar um ferðaþjónustuna:**

- Árið 2004 komu 362.200 ferðamenn til landsins.
- Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum námu tæpum 40 milljörðum króna. Samtök ferðaþjónustunnar hafa sett það á stefnuskrána að tvöfalda þessa upphæð fyrir árið 2012.
- Hlutur ferðaþjónustu í þjóðarframleiðslu var áætlaður fimm prósent.
- Árið 2004 voru 30 ferðaskrifstofur starfandi á Íslandi og 67 ferðaskipuleggjendur.
- Alls voru tæplega ein og hálf milljón gistinátta á hótelum og gistiheimilum árið 2004. Útlendingar eyddu hér 1,1 milljón nátta. Þjóðverjar dvöldu lengst, þá Bretar og Bandaríkjamenn.
- Árið 2004 höfðu 70 skemmtiferðaskip viðkomu á Íslandi. Í ár er áætlað að þau verði 73.
- 81.600 manns fóru í hvalaskoðun á síðasta ári.

Ferðaþjónusta er sá iðnaður á Íslandi sem er í hvað örustum vexti. Yfir 12 þúsund Íslendingar hafa verulegan hluta tekna sinna af ferðaþjónustu og hlutur greinarinnar í þjóðarframleiðslu er áætlaður fimm prósent.

Gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum hafa tífaldast síðan 1985, eru í dag tæpir 40 milljarðar króna og í fyrra komu rúmlega 362 þúsund ferðamenn til landsins, sem gerir 120 ferðamenn á hverja 100 íbúa í landinu.

Þetta hlutfall er með því hæsta sem gerist en þó standa lönd á borð við Sviss og Írland betur. Það verður þó ekki horft framhjá því að ágæt útkoma okkar Íslendinga skrifast að stærstum hluta á höfðatölu.

Raunar er það svo að meðal Evrópuþjóða heimsækja einungis færri Albaníu. Aðeins 0,7 prósent þeirra ferðamanna sem koma til Norður-Evrópu, stoppa á Íslandi. Ljóst er að betur má ef duga skal, það er of sjálfgefið þykir að fjölgun ferðamanna sé markmið.

**FJÓRIR LYKILMARKAÐIR**

Mikilvægustu markaðirnir eru þeir sem næstir eru landfræði- og samgöngulega. Það eru Norðurlöndin, Bretland, Bandaríkin og meginland Evrópu. Frá þessum svæðum koma nærri 90 prósent ferðamanna. Ársæll Harðarson, forstöðumaður markaðssviðs Ferðamálaráðs, segir að litið sé til Asíu sem framtíðarmarkaðar. Talsvert hefur verið af ferðamönnum frá Japan og Taívan en Ársæll rennir hýru auga til Kína, þar sem vöxtur hefur verið gríðarlegur eins og mönnum er kunnugt: „Við bindum vonir við að Asía verði einhvern daginn fimmti lykilmarkaðurinn,“ segir hann.

Í þessum löndum er unnið mikið kynningarstarf. Kynningarskrifstofum hefur verið komið á fót, sums staðar sjálfstæðum en annars staðar í samvinnu við Norðurlöndin, vefsíðum er haldið úti, bæklingar gefnir út á yfir tíu tungumálum og sífellt er unnið að því að fá fleiri aðila til að bjóða upp á Íslandsferðir: „Þetta snýst bara um að koma vörunni í hillurnar, þar sem þær eru sýnilegar kúnnanum“.

Erlendir blaðamenn hafa verið duglegir að fjalla um Ísland og er mikið gert til að ýta undir slík skrif. Ársæll segir jákvæða umfjöllun blaðamanns jafnast á við margar auglýsingar.

**HVERJIR ERU BESTIR?**

Erfitt er að fullyrða hvaðan „bestu“ ferðamennirnir koma. Það fer að miklu leyti eftir þeirri mælistiku sem beitt er. Ef spurt er um fjölda fólks koma flestir frá Bretlandi, en sé Skandinavía tekin sem heild koma flestir þaðan. Þjóðverjar eru fyrirferðarmiklir yfir sumartímann, þeir koma þá flestir og dvelja lengst. Bandaríkjamenn og Japanir eyða síðan mestu fé á mann en Bretar og Bandaríkjamenn koma nokkuð jafnt yfir allt árið.

Þar komum við einmitt að einu stærsta vandamáli ferðaþjónustu á Íslandi: Ferðaþjónustan er árstíðabundin atvinnugrein. Allt til ársins 1999 komu fleiri ferðamenn yfir sumarmánuðina þrjá en alla hina mánuðina samanlagt. Þetta veldur því að yfir vetrartímann eru gistirými og aðrar fjárfestingar sem ráðist hefur verið í vannýtt. Eitt af þeim verkefnum sem íslensk ferðaþjónusta stendur frammi fyrir er að búa til söluvöru utan háannatíma.

## Færri í byrjun árs

Ferðamönnum til landsins fækkaði um 5,6 prósent fyrstu fimm mánuði ársins. Er háu gengi krónunnar kennt um.

Ferðamönnum frá Svíþjóð og Noregi hefur fækkað mest. Ferðamönnum frá Bandaríkjunum, Danmörku og Þýskalandi fjölgar þó um eitt til þrjú prósent.



Fréttablaðið/Teitur

**FERÐAMAÐUR Í REYKJAVÍK** Í fyrra komu rúmlega 362 þúsund ferðamenn til landsins. Um 90 prósent þeirra komu frá Bretlandi, Bandaríkjunum, Norðurlöndunum og meginlandi Evrópu.

Þetta hefur gengið betur í höfuðborginni en úti á landi. Til Reykjavíkur kemur fólk á ráðstefnur yfir vetrartímann, auk þess sem ýmsar uppákomur á borð við Food and Fun auka streymi ferðamanna til borgarinnar. Einnig hefur tekist að markaðssetja Reykjavík sem spennandi borg meðal ungs fólks, sem kemur til að njóta hins rómaða næturlífs borgarinnar.

Þennan árangur þakka menn umfram allt öflugri markaðssetningu og stórbættri aðstöðu, til að mynda nýjum og endurbættum hótelum, og heilsulindum á borð við Bláa lónið sem hafi aðdráttarafl allan ársins hring.

Á landsbyggðinni er aðra sögu að segja. Þar skortir kúnna yfir vetrartímann, og þjónusta er ekki fyrir hendi. Á sumrin gengur skólafólk í mörg störf og því má segja að bæði sé skortur á framboði og eftirspurn úti á landi yfir vetrartímann.

**STAÐA FERÐAÞJÓNUSTUNNAR**

Vilhjálmur Bjarnason hjá Hagstofu Íslands hefur bent á það að velgengni í ferðaþjónustu á Íslandi sé mæld í fjölda ferðamanna, hlutfalli af landsframleiðslu og hlutdeild í gjaldeyristekjum. Það sé engu líkara en arðsemi sé bannorð.

Þær þrjár atvinnugreinar sem standi undir 70 prósentum ferðaþjónustu í landinu; flug-, hótel- og veitingahúsarekstur, standi allar völtum fótum.

Vissulega hefur afkoma í flugrekstri batnað síðan 2002 en afkoma af hótel- og veitingahúsarekstri er neikvæð. Vilhjálmur nefnir enn fremur sem dæmi að hvalaskoðunariðnaðurinn, sem eigi að vera einn helsti vaxtabroddur í ferðaþjónustu á Íslandi, hafi á árunum 1999 til 2002 skilað tæplega 87 milljóna króna tapi.

Ástæðan fyrir þessari stöðu er sú að aðganga að rekstri innan geirans er of auðveld,



Fréttablaðið/Stefán

**ÖFLUGT MARKAÐSSTARF ERLENDIS** Menn gera sér vonir um að Asía verði að lokum fimmti lykilmarkaður íslenskrar ferðaþjónustu.

# ugrein?

eiri ferðamenn heimsækja
telja hins vegar mælistikuna
nustu á Íslandi.



Fréttablaðið/Teitur

**UNDIRSTÖÐUATVINNUGREIN?** Vilhjálmur Bjarnason segir ferðaþjónustu aldrei verða alvöru atvinnugrein verði fyrirtækjum áfram haldið á floti með styrkjum frá hinu opinbera. Hann segir inngöngu í greinina of auðvelda.

fólk getur hafið rekstur og fær jafnvel til þess styrk frá hinu opinbera án þess að fjármögnun eða markaðssetning sé tryggð: „Svo fara menn alltaf fram á meiri opinber afskipti," segir Vilhjálmur. Hann heldur því fram að eftir því sem ríkisafskipti aukist versni afkoman. Styrkirnir valdi því bara að þeir sem þeirra njóti nagi undan þeim sem þó reyni að standa á eigin fótum: „Haldi þetta svona áfram verður ferðaþjónusta ávallt rekin á sultarkjörum. Hún verður aldrei alvöru atvinnugrein."

**EKKI ER ALLT MÆLT Í KRÓNUM OG AURUM**

Þorleifur Þór Jónsson, hagfræðingur Samtaka ferðaþjónustunnar, svarar því til að ekki sé allt mælt í krónum og aurum. Það sé ekki hægt að meta það til fjár að fólki sé gert kleift að búa og starfa þar sem það kýs.

Ferðaþjónustan hafi til að mynda komið mörgu byggðarlaginu til bjargar þar sem gömlu atvinnugreinarnar, sjávarútvegur og landbúnaður, hafi verið í samdrætti: „Sjáðu til að mynda bændagistinguna. Ég er hræddur um að mörg stórbýlin hefðu lagst í eyði ef ekki væri fyrir hana."

Í fjárlögum ársins 2004 var ferðaþjónustunni úthlutað 320 milljónum króna til markaðs- og kynningarmála. Samtök ferðaþjónustunnar vilja reyndar ekki kalla framlögin ríkisstyrki og segja að um samstarfsverkefni í markaðsmálum sé að ræða. Milljónirnar 320 notaði samgönguráðuneytið til kaupa á auglýsingum fyrir íslensk fyrirtæki í erlendum fjölmiðlum.

Þorleifur er ekki í vafa um að því fé hafi verið vel varið. Bara velta í hótelrekstri hafi aukist um einn og hálfan milljarð króna milli ára: „Þarna erum við að tala um 180 milljónir króna aukalega í virðisaukaskatt í þessum eina flokki, og þá erum við vitaskuld einungis að tala um bein áhrif af veltuaukningunni. Það sem rennur beint í ríkissjóð."

**VANDAMÁL**

Vandamál ferðaþjónustunnar er að fyrirtæki eru of mörg og smá. Arðsemin er til staðar hjá stærri fyrirtækjum en nauðsynlegt er að fleiri fyrirtæki verði burðug. Það þarf að fá fyrirtæki til að vinna saman á fleiri sviðum rekstursins.

Sameiginlegt bókhald, markaðs- og kynningarstarf; allt sem sparar fé hjálpar smærri fyrirtækjum að komast af.

Einnig er hætt við því að hátt gengi krónunnar muni næstu árin reynast mörgum myllusteinn um háls. Hátt gengi geri það að verkum að ferðamenn koma síður, enda verður dvölin þá dýrari og óhagstætt að skipta erlendum gjaldmiðlum í krónur.

Ársæll Harðarson segir nauðsynlegt að fyrirtæki nái þeirri hagkvæmni sem stærðinni fylgir: „Stóra verkefnið í greininni er að fá fyrirtækin til að skila hagnaði, svo þau verði með jákvætt eigið fé og geti komið fjárfestum að rekstrinum."

**FRAMTÍÐIN**

Það er ljóst að ýmislegt má betur fara í ferðaþjónustunni. Þorleifur Þór Jónsson segir að til að svo megi verði þurfi Íslendingar að nýta styrkleika sína. Menntunar- og tæknistig á Íslandi sé hátt og það geri okkur kleift að takast á við breytta tíma í ferðamennsku: „Þú færð aldrei sams konar þjónustu hér og í Suðaustur-Asíu, þar sem þú getur látið tíu þjóna stjana við þig. Styrkleikar okkar liggja í öðru og þá verðum við að nýta."

Þorleifur segir hinn dæmigerða ferðamann vera að eldast og þar liggi tækifæri fyrir okkur. Slíkir ferðamenn vilji aðra hluti en þeir sem yngri eru. Hér séu til að mynda hátæknisjúkrahús í seilingarfjarlægð hvar sem fólk er statt á landinu.

Veikist fólk uppi á hálendi geti það verið komið í hendur færustu lækna innan tveggja klukkustunda: „Ef maður veikist skyndilega, vill maður þá lenda í höndunum á vúdúlækni í moldarkofa eða íslenskum sérfræðingi?" spyr Þorleifur.



Fréttablaðið/Stefán

**ÝMIR ÖRN FINNBOGASON REKSTRARSTJÓRI RAMMAGERÐARINNAR** Ýmir segir Bandaríkjamenn bestu kúnnana. Þeim finnist ekkert athugavert við að greiða uppsett verð fyrir gæðavöru.

## Finnum fyrir hækkun krónunnar

Ýmir Örn Finnbogason rekstrarstjóri Rammagerðarinnar segir fyrirtæki strax finna fyrir því er krónan hækkar: „Sérstaklega fyrirtæki á borð við okkar. Þar sem rúm 80 prósent viðskiptanna eru við ferðamenn,"

Ýmir segir ferðamenn ávallt miða við eigin gjaldmiðil þegar þeir versli: „Þeir versla alltaf fyrir sömu upphæð í sinni mynt. Tekjur okkar minnka því sem hækkun krónunnar nemur,"

Aðspurður hvort viðskiptin séu árstíðabundin segir Ýmir svo vera. Stór hluti sölunnar fari fram yfir sumarmánuðina þrjá og teygi sig aðeins fram í september: „Á sumrin erum við með opið til tíu öll kvöld. Við höfum tekið eftir því að ferðamenn vilja rölta um og skoða í rólegheitum eftir að hafa borðað kvöldmatinn,"

Ýmir segir Bandaríkjamenn bestu kúnnana, þeir víli ekki fyrir sér að greiða uppsett verð fyrir gæðavöru: „Þeir eru reiðubúnir að greiða 5.000 krónur fyrir gott íslenskt fjallalamb. Það er helst verð á vöru eins og áfengi, sem er eins alls staðar í heiminum, sem fer í taugarnar á þeim,"

## Steríótýpur ferðamanna



**RÁÐSTEFNUGESTIR** Líta ekki við hótelum nema þau séu að minnsta kosti fjögurra stjörnu og með heilsulind í kjallaranum.

**RÁÐSTEFNUGESTURINN:**
Ráðstefnugestir koma allan ársins hring, ferðast einungis á fyrsta farrými og líta ekki við hótelum nema þau séu að minnsta kosti fjögurra stjörnu og með heilsulind í kjallaranum.

Ráðstefnugesturinn tekur makann með og sendir í Rammagerðina til að kaupa lopapeysur á stórfjölskylduna á meðan hann situr sveittur við fundarhöld.

Þegar makinn kemur úr Rammagerðinni er síðan borðað og drukkið á fínustu veitingahúsum. Hvalkjöt og vel kælt kampavín er í uppáhaldi hjá ráðstefnugestinum.

Ráðstefnugestir eru oftar en ekki á risnu og líta því ekki á reikninginn áður en þeir kvitta.

Sá galli fylgir þó ráðstefnugestum að þeir stoppa stutt og eru ekki mikið fyrir að skoða landið. Það er helst að þeir skreppi gullna hringinn og í hvalaskoðun.



**BAKPOKAFERÐALANGUR** Dvelur utan alfaraleiða og borðar dósamat.

**BAKPOKAFERÐALANGURINN:**
Bakpokaferðalangurinn kemur á sumrin, dvelur lengi en eyðir litlu. Hann kemur til landsins með lággjaldaflugfélögum. Hann er með fjallahjól, tjald og bakpoka fullan af dósamat í farteskinu.

Það heyrir til undantekninga ef bakpokaferðalangurinn kemur með föt til skiptanna, frekar kýs hann að þvo þau í tærum fjallalindum.

Bakpokaferðalangurinn er umfram allt í ævintýraleit, hann tjaldar utan alfaraleiða og fer helst ekki upp í rútu. Meira að segja þótt blási að norðan.

Bakpokaferðalanginn má helst sjá utan hinna dæmigerðu ferðamannastaða eða á þeytingi eftir þjóðvegi eitt, íklæddan hjólabuxum, neongulum regnstakk og með hjálm á höfði.

Bakpokaferðalangurinn er norrænn að uppruna, oft norskur eða þýskur.

## FÓLK Á FERLI

**Hildur Kristmundsdóttir** hefur verið ráðin útibússtjóri í útibúinu á Seltjarnarnesi frá 1. júní nk. Hildur hóf störf í Íslandsbanka sem verðbréfafulltrúi í útibúinu í Hafnarfirði árið 1998 og varð síðan þjónustustjóri í útibúinu að Suðurlandsbraut árið 2001. Hildur lauk sálfræði frá Háskólanum í Lundi í Svíþjóð árið 1995, rekstrar og viðskiptanámi í Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2001 og MBA, jafnhliða starfi sínu, einnig frá HÍ árið 2004.



**Magnea Þórey Hjálmarsdóttir** hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Flugleiðahótela. Hún lauk námi í hótelstjórnun frá IHTTI, Neuchatel í Sviss árið 1991 og MBA námi frá University of Surrey 2003. Hún hóf hótelferil sinn í Sviss þaðan sem hún fór til Japan áður en hún hóf störf á Holiday Inn Reykjavík 1992-1995, var aðstoðarhótelstjóri Hótels Esju og Loftleiða frá 1996-1998, forstöðumaður landsbyggðarhótela Flugleiðahótela h/f 1998-1999, framkvæmdastjóri ráðstefnunnar „Konur og lýðræði við árþúsundamót“, sem haldin var á vegum ríkisstjórnarinnar 1999. Hún var forstöðumaður Icelandair hotels 1999-2001. Að námi loknu hefur Magnea starfað við Háskólann í Surrey við skipulagningu alþjóðlegra ráðstefna sem og ráðgjafi á sviði markaðsmála og gæðastjórnunar.



**Kári Kárason** hefur verið ráðinn sem aðstoðarframkvæmdastjóri fyrir Icelease. Hann hefur verið framkvæmdastjóri Flugleiðahótela frá árinu 1999, en var áður forstöðumaður á fjármálasviði FL Group frá árinu 1994. Icelease tók til starfa fyrr á þessu ári og er nýtt fyrirtæki innan FL Group sem annast kaup, sölu og leigu flugvéla á alþjóðlegum markaði. Icelease er ætlað útrásarhlutverk á þessum nýja starfsvettvangi innan FL Group og hefur félagið að undanförnu lagt áherslu á Asíumarkað og leigði meðal annars fimm Boeing 737-800 þotur til Air China eins og greint var frá fyrir skömmu.



**Theodóra Þorsteinsdóttir** hefur verið ráðin markaðsstjóri Smáralindar í stað Erlu Friðriksdóttur sem tekur við starfi bæjarstjóra í Stykkishólmi 1. ágúst nk. Theodóra hefur starfað hjá Smáralind frá árinu 2000 og hefur gengt starfi þjónustustjóra undanfarin þrjú ár ásamt því að vinna að markaðsmálum verslunarmiðstöðvarinnar. Hún starfaði áður í innflutningsdeild Byko í átta ár.



Talstöðin
FM 90,9

# Lúxushótel opnar í miðbænum

Radisson SAS 1919 opnar með pompi og prakt í Eimskipahúsinu á föstudaginn. Þetta er eitt glæsilegasta hótel landsins og verður engu til sparað. Svíturnar eru fleiri en hefðbundnu herbergin. *Eggert Þór Aðalsteinsson* bað **Grétu Björgu Blængsdóttur** sölustjóra um að segja frá nýja hótelinu og sérstöðu þess.

Næstkomandi föstudag opnar Radisson SAS 1919 Hotel í gamla Eimskipahúsinu. Eigandi þess er ferðamálafrömuðurinn Andri Már Ingólfsson, hjá Heimsferðum, en hann eignaðist húsið á síðasta ári. Auk þess festi hann kaup á nærliggjandi byggingu, Gjaldheimtuhúsinu við Tryggvagötu 28. Heildarflatarmál hótelsins er um fimm þúsund fermetrar.

Hótelið er fjögurra stjörnu lúxushótel með 70 herbergjum, þar af eru 24 Standard herbergi, 28 Deluxe, sextán Junior-svítur og tvær lúxussvítur. Staðsetningin gerist vart betri; hótelið er í miðri Reykjavík. Það verður rekið innan Radisson SAS hótelkeðjunnar sem hefur einnig Hótel Sögu vinnan sinna vébanda ásamt Park Inn Ísland, fyrrum Radisson SAS Ísland Hotel. Hin norska Nina Thomassen er hótelstjóri Radisson SAS 1919 Hotel. Hún hefur starfað hjá keðjunni samfellt í átján ár.

**Radisson SAS 1919 Hotel**
Hótelstjóri: Nina Thomassen
Fjöldi herbergja: 70
Starfsmenn: Um 70

### ALLT FYRIR GESTINN

Gréta Björg Blængsdóttir, sölustjóri hótelsins, er ein af þeim sem leggja hart að sér dag sem nótt við að opna hótelið á tilsettum tíma. Iðnaðarmenn, ásamt starfsfólki hótelsins, vinna nótt sem dag við að setja upp innréttingar, hengja upp gardínur, bera inn húsgögn, þrífa svo eitthvað sé nefnt. En vert er að nefna að mikið er lagt í öll húsgögn og muni sem er öll sérinnflutt frá Ítalíu, Spáni, Austurríki, Svíþjóð, Bretlandi, Finnlandi svo eitthvað sé nefnt.

„Við erum að byggja upp fyrsta flokks hótel með persónulegri og faglegri þjónustu,“ segir Gréta Björg. Radisson SAS-keðjan leggur mikla áherslu á að starfsfólk veiti persónulega þjónustu við viðskiptavininn en sé samt fagmennskan uppmáluð. „Þjónustuhugtak keðjunnar er: „Yes, I can!“ en í þessum orðum felst ákveðin skuldbinding fyrir okkur starfsfólkið, alveg frá toppi og niður úr. Starfsfólkið er þjálfað í samræmi við hugtakið og þegar á hólminn er komið er ekkert vandamál of stórt að ekki sé hægt að leysa það,“ segir hún.

Annað mottó hjá keðjunni er hugtakið „fresh, host and easy“ og gefur til kynna að það sé auðvelt að eiga viðskipti við Radisson SAS-keðjuna og hótelin í heild sinni. „Það er ekkert þunglamalegt yfir okkur hér á Radisson SAS 1919 Hotel. Hér er gestrisni ávallt til staðar og við viljum umfram allt gera vel við okkar gesti. Ef eitthvað er að, þá björgum við því án málalenginga. Við viljum að gestir okkar kunni að meta andrúmsloftið, starfsfólkið og alla umgjörðina þannig að þeim líði eins og þeir séu heima hjá sér og vilji koma aftur til okkar. Starfsfólkið á að vera vinalegt, glaðlegt en samt látlaust í umgengni við gesti okkar,“ bætir hún við.

### STYRKUR Í MERKINU

Gréta Björg hefur heimsótt fyrirtæki og ferðaskrifstofur, kynnt hótelið og þá þjónustu sem verður í boði. Hún segir að vel gangi að bóka og viðtökur og fyrirspurnir frá fyrirtækjum hafi verið miklar og góðar. Radisson SAS 1919 Hotel höfðar til fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum, sem taki á móti erlendum gestum allan ársins hring.

Hún segir að mörgum finnist vera kominn tími til að fá nútímalegt lúxushótel sem býður upp á þann möguleika fyrir athafnafólk sem stoppar stutt, vill vera miðsvæðis og fá toppþjónustu. Gréta Björg er fús til að viðurkenna að samkeppni milli hótela í Reykjavík er hörð og ekkert gefið eftir. „Styrkur hótelsins liggur meðal annars í því að vera innan Radisson SAS-keðjunnar sem er vel þekkt í Evrópu og einkum á Norðurlöndunum. Það hjálpar auðvitað líka til að mjög margir þekkja til Eimskipahússins, erlendis sem hérlendis.“

Aðspurð um verðið segir Gréta Björg að hótelið bjóði upp á fullkomlega samkeppnishæft verð.

### EINNIG FYRIR ÍSLENDINGA

Það kemur skemmtilega á óvart hversu vel húsið hentar fyrir hótelrekstur. Herbergi sem höfðu verið notuð undir skrifstofur eru af æskilegri stærð sem hótelherbergi og lofthæð er mikil.

Eitt af sérkennum hótelsins er greiður aðgangur að því. Gestir geta gengið inn frá aðalinnganginum Hafnarstrætismegin, Tryggvagötu og Pósthússtræti. Ef gengið er inn frá Pósthússtræti er komið inn á veitingastaðinn Salt, sem tekur um 65 manns í sæti, og bætist við í flóru veitingastaða í miðbænum. Jafnframt er rekinn bar undir heiti Salts. Ragnar Ómarsson matreiðslumeistari mun ráða ríkjum í sérhönnuðu opnu eldhúsi sem er sett upp samkvæmt ströngustu kröfum meistara frá Radisson SAS-keðjunni. Rekstraraðilar hótelsins ætla að beina sjónum sínum að íslenskum gestum og leggja áherslu á að staðurinn sé ekki eingöngu fyrir viðskiptavini hótelsins.

Hverjar eru horfurnar í ferðaþjónustu? „Við erum náttúrlega bjartsýn, annars værum við ekki að þessu,“ svarar hún hlæjandi. Ferðamönnum fjölgar á Íslandi með hverju árinu en því má ekki gleyma að landið er í harðri samkeppni við önnur lönd eins og Norðurlöndin ásamt Austur-Evrópulöndunum, sem eru nánast eins og óplægður akur. Ferðamenn sem koma til landsins vilja ferðast til staða sem eru enn tiltölulega ókannaðir en gera samt kröfur um þægindi. Gréta Björg telur að gæðaþjónusta við gestina geti skipt sköpum. „Við Íslendingar höfum ekki alltaf verið talin þjónustuglöð en nú verðum við heldur betur að bretta upp ermarnar ef við ætlum að standast samkeppnina.“



Fréttablaðið/GVA

**STANDA Í STRÖNGU** Gréta Björg Blængsdóttir (standandi), sölustjóri Radisson SAS 1919 Hotel, og Nina Thomassen (sitjandi) hótelstjóri vinna hörðum höndum að því að opna eitt glæsilegasta hótel landsins sem staðsett verður í Eimskipafélagshúsinu við Pósthússtræti.

## BESTA RÁÐIÐ

# Klára skólann

Kristján Arason, handboltakempa og framkvæmdastjóri einkabankaþjónustu KB banka, segir besta ráð sem hann hafi fengið að klára háskólanám áður en hann hélt í atvinnumennsku: ,,Mig langaði nú strax út til Þýskalands að spila en mamma sagði mér að klára háskólann fyrst,“ segir hann eftir örlítinn umhugsunarfrest.



**KRISTJÁN ARASON** Segir móður sína alltaf besta.

Kristján segir þetta hafa auðveldað honum lífið eftir að hann sneri aftur heim úr atvinnumennskunni: ,,Ég gat valið úr störfum í stað þess að þurfa að setjast aftur á skólabekk.“

Kristján; sem spilaði með FH á Íslandi, Hameln og Gummersbach í Þýskalandi, Teka Santander á Spáni og er markahæsti leikmaður Íslands frá upphafi, segist ekki hafa verið ánægður þegar móðir hans lagði þetta fyrst til en hafi síðan tekið sönsum. Hann hvetur fólk til að hlýða mæðrum sínum: ,,Mamma er alltaf best,“ segir Kristján. - jsk



**ÚR FARSÍMAVERKSMIÐJU SIEMENS** Siemens hefur nú selt taívanska fyrirtækinu BenQ farsímarekstur sinn.

# BenQ kaupir Siemens

Siemens hefur ákveðið að selja taívanska fyrirtækinu BenQ farsímarekstur sinn. Áður hafði verið talið að fyrirtækin tvö myndu sameinast um reksturinn. Verðið fæst ekki gefið upp.

Siemens hefur verið í miklum vandræðum með farsímareksturinn en hlutabréf í fyrirtækinu hækkuðu þó um 2,3 prósent við söluna.

BenQ er stærsti farsímaframleiðandi Taívana og selur síma undir eigin nafni í Kína. BenQ framleiðir jafnframt síma fyrir fyrirtæki á borð við Motorola og NEC.

„Með kaupunum á Siemens færumst við nær því takmarki okkar að verða meðal stærstu farsímaframleiðenda heims," sagði forstjóri BenQ, K.Y. Lee.

BenQ hyggst áfram nota Siemens-nafnið. - jsk

# Auka tengsl við Spán og Frakkland

Í sumar starfa tveir fulltrúar með Verslunarráði Íslands að verkefnum, annars vegar frá spænsk-íslenska og hins vegar fransk-íslenska verslunarráðinu, sem miða að auknum viðskiptum milli landanna.

Að sögn Þórs Sigfússonar, framkvæmdastjóra Verslunarráðsins, hafa þau nú þegar komið á sambandi milli íslenskra fyrirtækja og spænskra og franskra og að hans mati býður samstarf af þessum toga upp á mikla möguleika. „Við myndum vilja sjá miklu fleiri svona verkefni og fyrirtæki sem hafa áhuga á tengslum við frönsk, spænsk eða portúgölsk fyrirtæki ættu að nýta sér tækifærið og hafa samband við Verslunarráðið," segir Þór.

Fréttablaðið/GVA



**PHILIPPE SHALON FRÁ FRAKKLANDI OG IRIA MELON FRÁ SPÁNI** Starfa með Verslunarráði Íslands í sumar við að koma á tengslum milli fyrirtækja á Íslandi og í Frakklandi, Spáni og Portúgal.

# Oddi sækir fram

Tekið hefur verið upp nýtt stjórnskipulag Odda og Gutenberg. Stefnt er að því að sameina skrifstofuhald og fjármálastjórn prentsmiðjustarfseminnar. Einnig á að skilja á milli móðurfélagsins og einstakra afkomueininga. Á þetta ferli að vara til ársloka.

Þorgeir Baldursson, forstjóri Odda, segir verið að straumlínulaga stjórnskipulagið og ná fram meiri samlegð í rekstrinum. Sóknarfærin séu víða og verið sé að sækja harðar fram á ákveðnum mörkuðum. Meðal annars var opnuð ný verslun Odda með skrifstofuvörur í Borgartúni 23. apríl síðastliðinn.



**KÍNVERJAR Á NETINU** Kínverskum netnotendum er gert að skrá vefsíður sínar á lista hjá yfirvöldum, að öðrum kosti verða þeir sektaðir.

# Vafrarar í vanda

Yfirvöld í Kína hafa hótað umsjónarmönnum vef- og bloggsíðna í landinu sektum, skrái þeir ekki síður sínar á sérstakan lista upplýsingaráðuneytisins fyrir 30. júní næstkomandi.

Sektirnar nema allt að átta milljónum króna. Talsmaður upplýsingaráðuneytisins sagði 74 prósent notenda hafa skráð síður sínar: „Það fylgja internetinu mörg vandamál. Til að mynda klám og óæskilegar upplýsingar sem eitrað geta huga fólks," sagði talsmaðurinn.

Í Kína eru 87 milljónir internetnotenda, aðeins eru fleiri í Bandaríkjunum. -jsk

# Cathay best í heimi

Cathay Pacific er besta flugfélag í heimi, samkvæmt könnun breska ráðgjafafyrirtækisins Skytrax. Tólf milljónir manna frá 94 löndum tóku þátt í könnuninni og fór hún að mestu fram gegnum netið.

„Þetta er viðamesta könnun á flugfélögum til þessa og tekur til allra gerða ferðamanna, hvort sem um er að ræða bakpokaferðalanga eða ráðstefnugesti," sagði talsmaður Skytrax.

Cathay Pacific, sem hefur aðsetur í Hong Kong, var hrósað sérstaklega fyrir þjónustulipurð auk þess sem fyrsta farrými í flugvélum félagsins þótti bera af.

Hvorki Icelandair né Iceland Express komust á topp tíu listann. - jsk




ANZA
Öruggur rekstur tölvukerfa

Þú þarft ekki tölvudeild

Þú færð fulla þjónustu hjá ANZA

ANZA sér um öll tölvumál fyrir fjölda íslenskra fyrirtækja. Það er sérgrein okkar.

ANZA sér um tölvukerfið þitt, allan sólarhringinn, alla daga ársins. ANZA fer aldrei í sumarfrí og er aldrei fjarverandi vegna veikinda.

Kynntu þér málið með því að hafa samband við ANZA í síma 522 5000 eða anza@anza.is

ANZA · Ármúla 31 · 108 Reykjavík · Sími 522 5000 · Fax 522 5099 · www.anza.is

ARGUS - 05-0322

Rekstur ANZA er í samræmi við vottað öryggiskerfi sem byggist á staðlinum ISO 17799 um stjórnun upplýsingaöryggis.
Hornsteinn ANZA er starfsfólk með framúrskarandi þekkingu og hæfni.

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Af hverju er ríkisstjórnin að velta fyrir sér álverum?

# Tími bjargráðanna er liðinn á Íslandi

**Þórlindur Kjartansson**

Umræða um hátt gengi krónunnar hefur náð flugi með reglulegu millibili á síðustu vikum. Þetta veldur vanda hjá fyrirtækjum í útflutningi og einnig í ferðamennsku en neytendur njóta hins vegar góðs af stöðunni þar sem verð á aðfluttri vöru lækkar auk þess sem uppihald og ferðalög í útlöndum verða ódýrari.

Þótt hér á landi ríki nú frelsi á flestum sviðum atvinnulífsins er ekki þar með sagt að ákvarðanir stjórnvalda skipti engu um framvindu efnahagslífsins. Ákvarðanir um uppbyggingu stórvirkjunar eru á borði ríkisstjórnarinnar og með áherslu sinni á stóriðju hefur ríkisstjórnin skapað þær aðstæður sem nú eru uppi í gengismálum. Það má þó ekki gleymast að ruðningsáhrifin vegna stóriðjunnar eru alls ekki einu áhrifin af uppbyggingu stóriðju. Miklu mikilvægari áhrif eru hin jákvæðu áhrif sem framkvæmdirnar hafa á efnahagslífið og sjást best á hagvaxtarspám næstu ára.

Þótt stóriðjuframkvæmdirnar fyrir austan eigi án vafa nokkurn þátt í þeirri efnahagsuppsveiflu sem nú ríkir á Íslandi er óvíst að hversu miklu leyti það er. Á mörgum öðrum vígstöðvum í hagkerfinu er blússandi uppgangur og ef einhver hefði getað spáð fyrir um það hefði tímasetning á stóriðjuframkvæmdum hugsanlega mátt vera önnur. Það dugir hins vegar lítið að bölsótast yfir háu gengi nú löngu eftir að allar ákvarðanir hafa verið teknar og framkvæmdir komnar af stað.

**Það er nefnilega mikið til í því sem haft var eftir Níkíta Krútsjoff að stjórnmálamenn vilji ólmir byggja brýr, jafnvel þar sem engin sé áin. Þetta má heimfæra upp á stóriðjuhneigð margra stjórnmálamanna í dag.**

Áframhaldandi uppbygging stóriðju beint í kjölfar Kárahnjúkaframkvæmdanna orkar hins vegar verulega tvímælis. Áhugi stjórnmálamanna á stórkarlalegum framkvæmdum, einkum í eigin kjördæmi, er skiljanlegur út frá pólitísku sjónarmiði. Það er nefnilega mikið til í því sem haft var eftir Níkíta Krútsjoff að stjórnmálamenn vilji ólmir byggja brýr, jafnvel þar sem engin sé áin. Þetta má heimfæra upp á stóriðjuhneigð margra stjórnmálamanna í dag. Íslenska hagkerfið kemst vel af án þess að hver stóriðjuframkvæmdin reki aðra, en aukaverkanir slíkra framkvæmda geta rutt úr vegi tækifærum til raunverulegrar og langvarandi atvinnusköpunar. Stóriðjuframkvæmdir verða ekki grundvöllur framtíðarhagvaxtar þótt tímabundin uppsveifla fylgi uppbyggingunni sjálfri.

Langvarandi hagvöxtur ræðst af öðrum þáttum, svo sem frumkvöðlastarfsemi, nýsköpun og stöðugu umhverfi í efnahagsmálum. Pólitískar ákvarðanir um byggingu stóriðju geta verið til blessunar en það er misskilningur að halda að álver séu eitt allsherjar bjargráð sem skapa muni hagsæld og hamingju.

Tími bjargráðanna í íslenskum efnahagsmálum er blessunarlega liðinn í hugum flestra. Nú þegar íslensk fyrirtæki eru mörg orðin stöndug á alþjóðlegan mælikvarða er kominn tími til að treysta kröftugu atvinnulífi og markaðnum til þess að velja stefnuna í uppbyggingu atvinnulífsins. Þess vegna er mjög áríðandi að álver framtíðarinnar lúti sömu lögmálum og allur annar atvinnurekstur. Engum dettur í hug að ríkisstjórnin eigi að hlutast til um stofnun banka eða kjörbúða. Hví ætti hið sama ekki að gilda um álver?

bjorgvin@markadurinn.is | dogg@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
haflidi@markadurinn.is | thkjart@markadurinn.is

# Arðrán í þróunarríkjum

ORÐ Í BELG



**Þór Sigfússon**
Framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands

„Mikil umbrot eru í landinu þar sem milljónir manna eru að feta leiðina frá kommúnistaeinveldi til markaðshyggju. Þar leynast víða tækifæri fyrir útlend fyrirtæki ef rétt er á málum haldið ...“ Þessi texti birtist í leiðara dagblaðs um miðjan tíunda áratuginn þegar útrásin til Kamsjatka í Rússlandi stóð sem hæst. Síðan hófst Rússlandsútrásin, fyrirtæki settu upp skrifstofur, keyptu kvóta o.fl. Þegar búið var að fjárfesta uppgötvuðu íslensku fyrirtækin að Kamsjatka var ekki bara rík af náttúruauðlindum heldur var í fáum stöðum öflugri svikastarfsemi af ýmsum toga. Fyrirtækin lentu í margvíslegum vandræðum og íslenska útrásin á þetta svæði dróst verulega saman. Bólan hjaðnaði síðan þegar bakslag kom í rússneskt efnahagslíf rétt fyrir aldamót og skrifstofunum var lokað.

Nú er Kína og Asía mest í umræðunni og talað um útrásina þangað og þau miklu tækifæri sem þar bjóðast. Fjölmiðlaumfjöllunin um útrásina er ekki mjög ólík þeirri sem var í kringum rússnesku útrásina en svo virðist sem fyrirtækin hagi sér allt öðruvísi og hafi lært af reynslunni. Það er rík ástæða til að fara varlega og enda þótt tækifærin í Asíu séu gríðarleg er áhættan einnig mikil. Nefnum nokkur dæmi:

Virðing fyrir höfundarétti og einkaleyfum er lítil í mörgum þróunarríkjum. Mikilvægt er fyrir evrópsk fyrirtæki að taka tillit til þess. Stór evrópskur hjólaframleiðandi samdi við kínverska verksmiðju um framleiðslu á nýrri gerð af hjóli sem síðar. Kínverska verksmiðjan fékk teikningar af hjólinu og gengið var frá samningum. Kínverska verksmiðjan stóð ekki við sinn hluta samningsins og hjólin voru ekki afhent fyrir sýninguna ári síðar, en þar voru hins vegar sýnd nákvæmlega eins hjól frá óþekktum söluaðila. Svo vildi einnig til að sama kínverska verksmiðjan framleiddi hjólin. Þetta gæti alveg eins hent íslenska framleiðendur á gervifótum, minjagripum og fatnaði, svo eitthvað sé nefnt.

Eftirlíkingar hafa sést af íslensku útivistarmerkjunum Cintamani og 66° Norður (en meðal annars hafa sést eftirlíkingar af 66° North sem nefnast 66° North Europe) á Asíumarkaði. Þótt gerð eftirlíkinga sé vissulega vísbending um að vörumerki sé að verða þekkt geta eftirlíkingar dregið verulega úr vexti heiðarlegra fyrirtækja sem hafa lagt fjármuni í hönnun og markaðssetningu vörumerkja. Áhætta af eftirlíkingum fyrir íslenska framleiðendur getur verið umtalsverð.

Ýmsar aukagreiðslur til opinberra starfsmanna á Indlandi leiddu til þess að kostnaður íslensks fyrirtækis við stofnun fyrirtækis í landinu jókst um 50%. Þetta fyrirtæki hugðist eins og fleiri nota sér ódýrt vinnuafl og nálægð við markaði en gerði sér ekki grein fyrir þeim „menningarmun“ sem er á opinberri þjónustu hér og í mörgum þróunarríkjum.

Framkvæmdastjóri norska verslunarráðsins sagði í ræðu fyrir skömmu hjá Verslunarráði Íslands að norskt fyrirtæki hefði gert samning við fataframleiðanda í Asíu og fengið afbragðs sýnishorn af vörunni send til Noregs. Þegar gámurinn barst kom í ljós að gæðin voru allt önnur en sýnishornin gáfu til kynna og svo léleg voru fötin að þau töldust ónothæf. Fyrirtækið tapaði 4 milljónum norskra króna.

Íslenskt fyrirtæki hafði pantað upp úr stórum vörulista kínversks framleiðanda um tuttugu vörutegundir sem áttu að berast fyrir jól. Síðar kom í ljós að framleiðandinn var einungis söluaðili og því bárust ekki nema örfáar vörur á réttum tíma og síðustu vörurnar bárust tæpu ári eftir pöntun.

Ferð Útflutningsráðs með forseta Íslands til Kína var afar vel heppnuð og opnar mörg og einstök tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki. Hins vegar verður að muna að íslensk fyrirtæki eru mörg hver afar lítil og veikburða í útrás og mörg fyrirtæki hafa verið „arðrænd“ í þróunarríkjum. Stór íslensk fyrirtæki með töluverða alþjóðlega reynslu hafa eðlilega meiri burði og fjárhagslegt úthald til að stefna á nýja markaði. Eins og sást í Kínaferð viðskiptalífsins taka mörg þeirra nú ákveðin en varfærin skref í austurátt.

Reynsla íslenskra fyrirtækja er ekkert ólík annarra evrópskra fyrirtækja í sambandi við útrás til þróunarlanda og því er alveg ástæða til að fara varlega. Við Íslendingar höfum ennþá fremur takmarkaða reynslu af útrás nema til Lundúna og Skandinavíu og þar höfum við í raun verið á heimavelli. Viðskiptaumhverfi í mörgum þróunarríkjum fer batnandi og mörg tækifæri leynast í þessum löndum. Það er þó full ástæða til að fara varlega og læra af reynslu annarra fyrirtækja af starfsemi og fjárfestingum á þessum svæðum.



**Fjölmiðlaumfjöllunin um útrásina er ekki mjög ólík þeirri sem var í kringum rússnesku útrásina en svo virðist sem fyrirtækin hagi sér allt öðruvísi og hafi lært af reynslunni.**

UM VÍÐA VERÖLD

## *Líkir Evrópusambandinu við Evróvisjón*

**Sunday Times** | David Smith, dálkahöfundur Sunday Times, líkir Evrópusambandinu við Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Hann bendir á að sömu sex þjóðir og skrifuðu undir Rómarsáttmálann, sem markaði upphafið að Evrópusambandinu, hafi stofnað til söngvakeppninnar. Hvoru tveggja hafi verið ætlað að auka samkennd Evrópumanna eftir seinna stríð og að fyrstu árin hafi stofnþjóðirnar skipst á að vinna Evróvisjón og skipt með sér þeim ágóða sem hlaust af Evrópusambandinu. Í dag sé þessu hins vegar öðruvísi farið: gömlu Evrópuþjóðirnar leggi til mestan hluta fjárins en fái ekkert í staðinn. Austantjaldsþjóðir vinni Evróvisjón á meðan nýrri og smærri aðildarþjóðir hagnast af inngöngu sinni í Evrópusambandið. Gamla Evrópa sitji svo eftir með sárt ennið á báðum vígstöðvum.

## *Regluvæðing alþjóðaviðskipta*

**The Economist** | The Economist segir þær viðskiptadeilur sem blossað hafa upp á undanförnum vikum og mánuðum hafa sýnt hversu vel hafi tekist til við regluvæðingu alþjóðaviðskipta. Bandaríkin og Evrópusambandið hafa falið Alþjóðaviðskiptastofnuninni (WTO) að úrskurða í deilu flugvélarisanna Boeing og Airbus. Kínverjar hafa kvartað undan verndarstefnu Bandaríkjamanna og Evrópusambandsins er kemur að innflutningi á textílvarningi frá Kína. Economist telur að sú deila muni leysast af sjálfu sér því samkvæmt aðildarsamningum Kínverja við WTO er ekki leyfilegt að beita Kínverja þvingunum lengur en til ársins 2008. Segir jafnframt að ef ekki væri fyrir reglugerðir WTO hefði Bushstjórnin fyrir löngu látið undan þrýstingi frá þingmönnum um að hækka verndartolla. Blaðið telur að næsta stóra áskorun verði að fá þriðja heims ríki að opna eigin hagkerfi og hætta öllu styrkjabetli.

Teppahreinsun með "Truckmount"

Hin eina sanna "djúphreinsun" nær árangri þegar aðrar aðferðir skilja eftir blettina.



Fyrir öll teppi,
Heimili
Skrifstofur
Stigahús.

Meira afl
betra skol
styttri þurrktími.

SKÚFUR
Kleppsvegi 152, 104 Rvík.
Sími 568-8813 Gsm 663-0553

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Björgvin Guðmundsson, Dögg Hjaltalín, Eggert Þór Aðalsteinsson, Þórlindur Kjartansson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Þensla á fasteignamörkuðum

**Katrín Ólafsdóttir**
skrifar

Það hefur líklega ekki farið framhjá neinum að mikið hefur verið um að vera á fasteignamarkaði hér á landi síðustu mánuði. Þannig hefur hækkun á fasteignaverði verið langt umfram hækkun á byggingarkostnaði. Þá eru mun fleiri íbúðir byggðar nú en fyrir örfáum árum.

Hluta þessarar verðhækkunar á fasteignum má skýra með ýmsum skipulagsbreytingum á markaði sem átt hafa sér stað að undanförnu. Með breytingum á reglum

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

Íbúðalánasjóðs og því að viðskiptabankarnir hófu að bjóða lán til fasteignakaupa fylgdi lækkun vaxta, lenging lánstíma, hækkun veðhlutfalla og afnám hámarksfjárhæða á lánum. Allt þetta leiddi til þess að greiðslugeta fólks jókst til muna. Í stað þess að neytendur fengju að njóta þessara breytinga til fulls hefur hluti ávinningsins farið í að greiða hærra fasteignaverð.

En hversu mikil getur hækkunin orðið? Sérfræðingar Landsbankans telja að rúm sé fyrir meiri hækkun á markaði. En hvað er að gerast annars staðar? Víða í öðrum löndum hefur fasteignaverð hækkað til muna að undanförnu. Sem dæmi má nefna miklar hækkanir í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Ég var að horfa á fréttir þar sem ég er nú stödd í Bandaríkjunum og þá kom frétt um nýja stétt fólks. Þarna er um að ræða fólk sem var í fullri vinnu en sem hliðarbúgrein stunda þessir einstaklingar það að kaupa fasteignir með það fyrir augum að selja þær aftur með hagnaði. Á ensku er þetta kallað „flipping“. Meðal annars var rætt við glaðbeittan barnaskólakennara sem hafði keypt og selt sex fasteignir síðustu mánuði og grætt á þeim öllum.

Eftir að hafa horft á þessa frétt var mér hugsað til þeirrar stéttar sem óx mjög á árunum rétt fyrir 2000 og kallaðist „day traders“. Þetta fólk hafði það fyrir stafni allan daginn að kaupa og selja verðbréf á netinu og reyna að græða á því. Ekkert hefur frést af þessari stétt eftir að verðbréfamarkaðurinn tók dýfu í kringum árið 2000.

Að sumu leyti óttast ég að örlög þessara einstaklinga sem stunda „flipping“ eigi eftir að verða þau sömu og örlög þeirra sem stunduðu „day trading“ á árum áður, sérstaklega í ljósi þess að búist er við að fasteignaverð hætti að hækka á þessu ári. Að hinu leytinu finnst mér ánægjulegt að sjá hversu vel markaðshagkerfið virkar. Það eru alltaf til einstaklingar sem eru tilbúnir að nýta þau hagnaðartækifæri sem myndast á markaði sem hækkar og hækkar.

**Í stað þess að neytendur fengju að njóta þessara breytinga til fulls hefur hluti ávinningsins farið í að greiða hærra fasteignaverð.**

SPÁKAUPMAÐURINN

# Tremma einfalt

Mikið ofboðslega er spákaupmaðurinn kátur að heyra að félögum fari að fjölgja í Kauphöllinni. Íslenska hlutabréfasafnið mitt er orðið svo tremma einfalt, eins og Sylvía Nótt myndi segja. Samanstendur nánast af bönkum og fjárfestingafélögum.

Bankarnir eru reyndar ekki dauðir úr öllum æðum! Allir eru svo uppteknir af átökunum um Íslandsbanka að þeir gleyma KB banka og Landsbankanum. KB banki hlýtur að láta til skarar skríða í Noregi eða Svíþjóð.

Nú er Mosaic Fashions að selja hlutabréf til almennings og hefur kappinn skráð fjölskylduna fyrir einni milljón. Fötin eru ógó-flott og þess vegna er mjög hæpið að þetta kliki. Breski tískubransinn á sér bjarta framtíð, einkum á alþjóðlegum vettvangi, og er ég tilbúinn að veðja á þetta fyrirtæki. Bretar eru nú einu sinni ein mesta verslunarþjóð sögunnar. Svo berast þær fréttir að Atlantic Petroleum frá Færeyjum komi inn á markaðinn í næstu viku.

Þetta hljóta að vera góð tíðindi fyrir íslenska hlutabréfamarkaðinn að erlend félög sýni honum áhuga og auðvitað fyrir þá fjárfesta sem eru tilbúnir að taka meiri áhættu en gengur og gerist. Við Íslendingar látum nú ekki bjóða okkur áhættusamar fjárfestingar tvisvar. Við vitum að því meiri sem áhættan er þeim mun meira græða menn á hugrekkinu.

Önnur bresk verslunarkeðja, Shoe Studio Group, gæti komið inn á markaðinn næsta haust ef vel gengur hjá Mosaic. Öll fjölbreytni er af hinu góða en hér hefur bráðvantað verslunarfélög eftir að Baugur og Húsasmiðjan fóru af markaði.

Svo er ljóst að Avion Group fer á markað fyrir 1. febrúar á komandi ári. Þar verður um risaskráningu að ræða, enda gæti félagið verið metið á fimmtíu milljarða. Ég hef svolitlar efasemdir með kaupin á Eimskip, enda sé ég ekki alveg hvaða tækifæri felast í því að reka félögin saman. Reyndar eru fordæmi fyrir rekstri slíkra félaga án þess að ég hafi kannað það nánar. Magnús og Björgólfsfeðgar eru vafalaust ekki að finna upp hjólið. Fiskarnir sem elta þá hafa uppskorið ríkulega.

Ég verð nánast uppgefinn við að skoða öll þessi félög. Þetta eru alveg ýktir tímar. Maður hefur varla orku til að skoða fasteignamarkaðinn og einbeita sér að íbúðunum í Sjálandinu sem ég ætla mér að selja, nýja húsinu í Vesturbænum, sumarhúsakaupunum á Krít og laxveiðinni og golfinu.

**Spákaupmaðurinn á horninu**



AURASÁLIN

## Verðskuldað tækifæri

**Aurasálinni** berst mikið af ruslpósti og tilboðum um þátttöku í ýmsum fjárfestingum. Mikilvægt er að kunna að greina á milli raunverulegra tækifæra og fjárplógsstarfsemi. Aurasálin lætur til dæmis aldrei aftur blekkjast af pýramídafyrirtækjum.

**Í einu bréfinu** sagði eitthvað á þá leið að þar sem Aurasálin væri „future leader in business and industry“ þá stæði henni til boða „a unique opportunity“ til að „get an invaluable edge on the competition“. Þetta lætur vel í eyrum Aurasálarinnar.

**Það eina sem Aurasálin** þarf að gera er að opna bankareikning og leyfa syni fyrrverandi herforingja í lýðræðisher Afríkuríkisins Kúmar að leggja 250 þúsund dali inn á reikninginn. Fyrir viðvikið fær Aurasálin tíu prósent af upphæðinni – eða fimmtán milljónir. Það eina sem þarf að gera er að senda hundraðþúsundkall inn á reikning í Cayman-eyjum til að liðka fyrir umsýslunni. Einhverjir kynnu að halda að þetta sé svikamylla. En Aurasálin er þess fullviss að svo er ekki.

**Auðvitað ætlar Aurasálin** ekki að sleppa sér í gleðinni fyrr en peningurinn er kominn í hús. Það verða ekki gerð sömu mistök og fyrir nokkrum árum þegar Aurasálin ætlaði að græða milljónir á því að kaupa tvö þúsund lén, meðal annars davidoddsson.com og rikisstjornislands.com. Þetta kostaði ekki mikið, svona fimm dali hvert, en þetta safnaðist saman og aldrei hefði Aurasálinni dottið í hug að ekki væri hægt að selja eitt einasta lén. Aurasálin hafði reiknað það út að ef hægt væri að selja tíu lén á hálfa milljón hvert þá væri gróðinn fimm milljónir.

**Þá fór Aurasálin** beint í bankann og hækkaði yfirdráttinn og keypti sér nýjan bíl og ný jakkaföt til að lúkka rétt fyrir fundina með þeim sem áttu að kaupa lénin. Þannig að í staðinn fyrir að eiga fimm milljónir stóð Aurasálin eftir með þriggja milljóna yfirdrátt og kreditkortaskuld upp á tvö hundruðþúsundkall.

**Aurasálin mun ekki** gera sömu mistökin aftur. Hún mun ekki endurnýja bílinn en það er augljóst að fataskápurinn þarf endurnýjun auk þess sem athafnamenn eins og Aurasálin þurfa að geta fylgst með heimsfréttunum. Þess vegna hækkaði Aurasálin yfirdráttinn, en bara umtvær milur til að geta keypt þrenn ný jakkaföt, gervihnattadisk og 50 tommu plasma sjónvarpsskjá.

**Lærdómurinn sem Aurasálin** dregur af þessu tækifæri er einfaldur: Með eljusemi, útsjónarsemi og þolinmæði munu tækifærin koma. Það eina sem þarf til að græða á þeim er að vera tilbúinn að grípa þau og umfram allt – að láta ekki plata sig.

# Leiðtogahæfileikar lærast

**Nauðsynlegt er fyrir alla að virkja leiðtogann í sér, algjörlega óháð því hvar innan fyrirtækisins þeir starfi. Leiðtogar eru ekki endilega stjórnendur en leiðtogar spyrja spurninga og taka engu sem gefnum hlut. Dögg Hjaltalín hitti Lee Warren yfir hádegisverði.**



Fréttablaðið/Stefán

**FÓLK Á AÐ VIRKJA LEIÐTOGANN Í SJÁLFUM SÉR OG TAKA FRUMKVÆÐI** Oft getur þó verið napurt og einmanalegt á toppnum, segir í kenningum sem Lee starfar eftir.

Leiðtogi er ekki nafnorð heldur sagnorð segir Lee Warren sem kom hingað til lands til að kenna íslenskum nemendum hvað fælist í því að vera leiðtogi.

Lee leggur áherslu á að það sé bæði hættulegt og erfitt að vera leiðtogi. Þeir reyni að stjórna aðstæðum hverju sinni. „Leiðtogar eru ekki endilega forstjórar, stjórnarformenn eða millistjórnendur, þeir eru alls staðar innan fyrirtækisins.“

Lee Warren var gestakennari í MBA-námi við Háskóla Íslands og kenndi íslenskum námsmönnum þá list að vera leiðtogi. Hún ögraði nemendum sínum og lét þá vinna krefjandi verkefni, þó aðallega sem snertu þá persónulega.

Hún bendir á hlæjandi að nú hafi hún útskýrt á tveimur mínútum það sem hafi tekið hana tvo daga að kenna. „Aðalatriði er að nemendurnir taki þetta til sín og nýti sér þetta í starfi. Fólk verður að líta í eigin barm og það er í raun erfiðasti hluti námskeiðsins.“

### KALT Á TOPPNUM

Lee Warren byggir kennslu sína á kenningum þeirra Martins Linsky og Ronalds Heifetz. Þeirra kenningar fjalla um það að það sé hættulegt að vera leiðtogi og þeir benda einnig á leiðtoginn sé alls staðar í fyrirtækinu. Fólk eigi að vinna markvisst að því að virkja leiðtogann í sjálfum sér. Áskorunin og erfiði hlutinn af því að vera leiðtogi felst í því að vera sífellt að fá fólk til að gera eitthvað sem það vill kannski ekki gera. Lee segir manneskjur í eðli sínu íhaldssamar og því séu breytingar alltaf erfiðar fyrir þær. Breytingar eru þó nauðsynlegar fyrir framþróun. Eins benda þeir á oft sé einmanalegt og kalt á toppnum.

Lee skilgreinir leiðtoga á tvenns konar hátt: annars vegur tæknilegur leiðtogi og hins vegar áunninn leiðtogi. Normið sé sífellt að breytast og því þurfi leiðtoginn að breytast með.

### HORFA YFIR DANSGÓLFIÐ

Lee segir að fólk sé ekki annaðhvort leiðtogi eða ekki, það fæðist ekki sem leiðtogi. „Fólk á að þróa leiðtogahæfileikana með sér því að vera leiðtogi fæst ekki með því að fá vald upp í hendurnar.“

Lee útskýrir gjörðir leiðtoga á mjög myndrænan en einfaldan hátt. „Leiðtogi er sá sem fer upp á svalirnar á dansleik og horfir yfir dansgólfið. Frá svölunum sér hann til dæmis hverjir eru að dansa saman, á hvaða hátt, hverjir dansa í takt og hverjir dansa best. Út frá þessum upplýsingum getur leiðtoginn ákveðið hvert næsta skref verður.“

Eitt af því sem Lee leggur mesta áherslu á er að leiðtogi sé ekki endilega stjórnandi, leiðtogi á að búa í öllum starfsmönnum. „Hver starfsmaður á að líta í eigin barm og hugsa hvernig næst betri árangur. Með því að gera eitthvað á betri veg er hann leiðtogi. Hæfni leiðtoga ræðst ekki af því hversu ofarlega í fyrirtækinu hann vinnur heldur hvort honum takist að fá fólk til að eiga frumkvæði og hrífa samstarfsfélagana sína með sér.“

### SKIL MILLI EINKALÍFS OG VINNU

Lee Warren leggur mikla áherslu á að einstaklingar skilji á milli einkalífs og vinnunnar. „Til að ná árangri í starfi þarf fólk að átta sig á því að öll gagnrýni er ekki persónuleg heldur fagleg. Ef fólk skilur þetta ekki er það sífellt fyrir persónulegum árásum og líður illa í vinnunni. Fólk má ekki kikna undir álaginu.

Blaðamaður bendir henni á að í litlu landi eins og Íslandi sé það oft erfitt. Hún segir þvert á móti sé það mikilvægara í litlu landi eins og Íslandi. Fólk verði að komast frá vinnunni.

Aðalatriði leiðtogans er ekki endilega að vita svörin heldur frekar að velta upp spurningum. „Leiðtoginn finnur vandamálin og reynir að leysa þau. Hann kemst á endanum á leiðarenda en ekki endilega þá leið sem hann hélt að hann færi í upphafi.“

Lee segir að allir þurfi að temja sér gagnrýna hugsun og spyrja spurninga. Finna ógnanirnar, sem gætu til dæmis falist í samkeppnisaðila. „Allir ættu að leitast við að tileinka sér hugsunarhátt leiðtoga og reyndar gera það margir án þess að átta sig á því. Mjög nauðsynlegt er að fólk taki frumkvæðið.“

### NÝTA KUNNÁTTUNA

Lee kenndi nemendum í MBA við Háskóla Íslands og sagði hún þá hafa staðið sig vel. Hún hafi greinilega sýnt nemendunum alveg nýja hlið á kennslu. Allir voru látnir vinna í hópum og reyndi kennslan meira á nemendurna andlega en vitsmunalega. „Ég lét þá vinna í leiðtoganum í sjálfum sér. Leiðtoginn verður að leggja sjálfan sig algjörlega í það.“

Lee segir nemendurna hafa verið hissa á því hversu mikið þeir þurftu að leggja af mörkum. „Bandarískir nemendur mótmæla að vísu stundum því þeir eru vanir að leggja eitthvað af mörkum vitsmunalega en alls ekki persónulega.“

Leiðtogafræðin snúist mikið um nýta eigin reynslu á jákvæðan hátt og tengja við eigin upplifun. „Nemendurnir þurftu að finna hvernig þeirra hópur ynni og hvaða tækifæri þau hefðu. Ég lét þau segja sínar reynslusögur og láta þau vinna með sitt eigið líf því hver er tilgangurinn ef þú lærir ekki að nýta þér það sem þú kannt.“

### Á HJÓLI Í FRAKKLANDI

Lee spyr mikið um Ísland og vill fræðast um land og þjóð. Íslenskar bókmenntir heilla hana og hyggst hún festa kaup á bók eftir nóbelsskáldið meðan á dvöl hennar stendur hér. Lee hrífst af sögunni af sjálfstæða, þrjóska bóndanum Bjarti í Sumarhúsum og segir hlæjandi að hann hafi greinilega verið leiðtogi.

Lee ræðir við blaðamann um land og þjóð og segir hún greinilegt að mikill leiðtogi búi í brjóstum Íslendinga. Hún heillast af krafti og dugnaði þjóðarinnar eins og hún segir sjálf.

Lee kennir um leiðtoga við Kennedy School of Government við Harvard og hefur gert það síðustu 20 ár. Hún segist óvart hafa endað þar en henni líki það mjög vel. Áður vann hún fyrir ýmis góðgerðasamtök og segist hún geta nýtt reynsluna frá þeim störfum sínum vel í kennslunni.

Lee ætlar að dvelja hér á landi í nokkra daga og ætlar bregða sér meðal annars í Skaftafell en hún hefur gaman að fjallgöngum. Hún tengir áhugamál sín strax við kenningarnar um leiðtoganna og segir nauðsynlegt fyrir alla að hafa áhugamál, hæfni þeirra til að takast á við vandamál aukist.

Dugnaður og krafturinn einkennir Lee en hún hyggst fara beint til Frakklands frá Íslandi og hyggst hjóla þar um. Líklega ætlar hún að virkja leiðtogann í sér í þeirri ferð.

HÁDEGISVERÐURINN

*Með Lee Warren*

*kennara við Harvard*

*Hádegisverður fyrir tvo á Galíleó*

*Graskerssúpa*

*Sjávarréttasalat með hörpuskel, rækling, rækjum og kapersdressingu*

*Cannelloni með ricottaosti og spínati*

Drykkir:

*Vatn með lime*

*Sódavatn með lime*

*Alls: 3.050*

**Leiðtogi er sá sem fer upp á svalirnar á dansleik og horfir yfir dansgólfið. Frá svölunum sér hann til dæmis hverjir eru að dansa saman, á hvaða hátt, hverjir dansa í takt og hverjir dansa best...**



Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is



Fréttablaðið/E.Ól.

**KVÖDDU ALLA MEÐ HANDABANDI** Sigurður Helgason og kona hans, Peggy Helgason.



**KVÖDDU SIGURÐ** Guðmundur Gústafsson og Guðjón Arngrímsson.



**MJÖG GÓÐ MÆTING VAR Á KVEÐJUHÓFIÐ** Ásdís Jónsdóttir, Ásthildur Sverrisdóttir og Kristín Ingvadóttir.

# Sigurður kveður formlega

## Forstjóri FL Group starfaði í meira en 30 ár hjá félaginu.



**SKÁL** Hörður Sigurgeirsson, fyrrverandi stjórnarformaður Flugleiða, og Indriði Pálsson.



**ALLAR Í FLUGFREYJUBÚNING** Flugfreyjukórinn beið eftir að syngja.

Sigurður Helgason, fyrrverandi forstjóri Flugleiða, kvaddi FL Group formlega með pompi og prakt eftir 30 ára starf hjá félaginu og mættu margir til að þakka honum vel unnin störf.

Mesta kátínu vakti myndskeið sem sýndi viðtöl við Sigurð úr gömlum fréttum. Elstu myndskeiðin voru nokkuð gömul og þar var Sigurður sýndur tjá sig um slakan rekstur Flugleiða. Í lok myndarinnar voru sýndar nýjustu fréttirnar þar sem Sigurður var mjög ánægður með reksturinn.

Ýmsar uppákomur voru í kveðjuhófinu og söng Flugfreyjukórinn meðal annars. Sigurður fékk afhentan virðingarvott frá Boeing, styttu sem ber nafnið Aviator. Einnig færði forstjóri FL Group, Ragnhildur Geirsdóttir, honum málverk eftir Louisu Matthíasdóttur að gjöf frá félaginu.

Sigurður kom til starfa hjá Flugleiðum 1. júlí 1974 í fjárreiðudeild félagsins. Hann var síðan framkvæmdastjóri fjármálasviðs og framkvæmdastjóri starfsemi Flugleiða í Bandaríkjunum. Sigurður varð forstjóri Flugleiða 1. júní 1985 og hefur stýrt starfi félagsins síðan. Sigurður verður stjórn FL Group til aðstoðar og ráðgjafar næstu ár. - dh

GRILLSTAÐUR
Vaxandi sala og nýlegir samningar við stóra matvöruverslun um framleiðslu fyrir þá.
HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - heilshugar um þinn hag -
Suðurlandsbraut 50 - bláu húsin v/Faxafen - 108 Reykjavík
533 4300
Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is
SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS
Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali

LÍTILL REKSTUR Í EIGIN HÚSN.
Góðar tekjur fyrir litla vinnu, góð viðbót við annan rekstur. Komdu við og fáðu upplýsingarbækling um reksturinn.
HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - heilshugar um þinn hag -
Suðurlandsbraut 50 - bláu húsin v/Faxafen - 108 Reykjavík
533 4300
Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is
SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS
Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali

TÍSKUVERSLUN
Verslun sem er að koma fótunum undir sig, er á góðum stað og með góðar vörur. Húsnæði selst með.
HÚSIÐ FYRIRTÆKJASALA - heilshugar um þinn hag -
Suðurlandsbraut 50 - bláu húsin v/Faxafen - 108 Reykjavík
533 4300
Ingvaldur Mar Ingvaldsson viðskiptafræðingur
ingvaldur@husid.is
SÖLUSKRÁ HÚSSINS ER Á VEF WWW.HUSID.IS
Salómon Jónsson • Löggiltur fasteignasali



Fréttablaðið/GVA

**JOHN BRYNJOLFSSON** Segir verðhjöðnum og lítinn vöxt vandamál sem blasi við.

# Timburmenn eftir mikinn uppgang

## Reiknar með samdrætti í Bandaríkjunum og Kína.

Á dögunum stóð ráðgjafarfyrirtækið Pimco fyrir fjárfestanámskeiði hér á landi. Þangað voru mættir fulltrúar helstu lífeyrissjóða Íslands og bankanna. Þar talaði hinn íslenskættaði John Brynjolfsson um horfur í efnahagsmálum heimsins. Hans helstu áhyggjuefni voru lítill vöxtur og verðhjöðnun. Íslendingar eru vanir að hafa áhyggjur af verðbólgu en John sagði heiminn standa frammi fyrir öðrum ógnum.

John gerir ráð fyrir að verðbólga verði lítil sem engin næstu þrjú til fimm ár og reiknar hann með samdrætti í Kína og Bandaríkjunum. Hann líkir ástandinu við timburmenn eftir mikið góðæri. Húsnæðisverð hafi hækkað og vextir hafi lækkað. - dh

Teymi er umboðs- og þjónustusaðili Oracle á Íslandi. Teymi er sjálfstætt félag innan Kögunar samsteypunnar og leggur áherslu á gagnagrunnstækni, vöruhús gagna og samskiptalausnir.

Teymi rekur þjónustu- og kennslumiðstöð fyrir Oracle tækni og veitir ráðgjöf um rekstur upplýsingakerfa.

Teymi er í fararbroddi á sviði gagnameðhöndlunar og veitir viðskiptavinum sínum hágæða þjónustu.

Við erum stolt af árangri okkar á því sviði. Innan Teymis starfar samhentur hópur sem stefnir að því að gera alltaf betur en síðast.

Við bjóðum markvissa endurmenntun og hvetjum starfsfólk okkar til að tileinka sér nýjungar á okkar sviði.

Allir okkar sérfræðingar ganga í gegnum OCP (Oracle Certified Professional) vottun sem er alþjóðleg þekkingarviðurkenning.

Oracle sérfræðingur

**Við leitum** að tæknifólki sem nýtur þess að leysa krefjandi verkefni, er óhrætt við að sýna frumkvæði og skilur hvað það þýðir að veita framúrskarandi þjónustu.

**Starfsvið:** Þjónusta við Oracle hugbúnað. Við gerum kröfu um víðtæka reynslu og þekkingu á rekstri tölvukerfa. Reynsla í hönnun á vöruhúsum gagna og hugbúnaðargerð er kostur.

**Umsóknarfrestur er til 20. júní.**
Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að senda inn umsókn sína til okkar í Ármúla 2 eða í tölvupósti á sisso@teymi.is og láta starfsferilskrá fylgja með.

Nánari upplýsingar gefur Sigþór Samúelsson í síma 864 7104 eða sisso@teymi.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðið hefur verið í stöðuna.

MÁTTURINN & DÝRÐIN 1104

ORACLE

Teymi ehf // Ármúla 2 // 108 Reykjavík // Sími 550 2500 // www.teymi.is

Meðal öflugustu lausna Oracle er Oracle Warehouse Builder. Eitt auðveldasta og skemmtilegasta verkfæri sem völ er á í hönnun vöruhúsalausna á markaðinum.

TEYMI ORACLE Á ÍSLANDI

Rúmlega sextug ekkja óskar eftir að kynnar traustum og góðum manni á svipuðum aldri. Er jákvæð og skapgóð. Uppl. sendist Fréttablaðinu fyrir 16. júní merkt "Góður maður"

**Breyttur opnunartími í afgreiðslu**

Mán.-mið. 8.00 - 18.00
Fim. og fös. 8.00 - 19.00
Lau. 9.00 - 17.00 og sun. 11.00 - 16

Smáauglýsingasíminn er 550 5000
og er opinn alla daga frá 8.00 - 22.00

FRÉTTABLAÐIÐ birta DV Talstöðin vísir

# EINSTAKT TÆKIFÆRI
# SKÓGARHJALLI 23



## Eign á frábærum stað í suðurhlíðum Kópavogs.

ÞINGHOLT
Ella Lilja Sigursteinsdóttir
lögg. fasteignasali

BORGARTÚN 20 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 590 9500

EIGNAMIÐLUN
sími: 588 9090 • fax: 588 9095 • Síðumúla 21
eignamidlun@eignamidlun.is www.eignamidlun.is
Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali

**Reyrengi - glæsilegt**



Vorum að fá í sölu glæsilegt 195 fm nýlegt parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Húsið skiptist m.a. í stofu, borðstofu og 4-5 herbergi. Mikil lofthæð er á efri hæð hússins. Vandaðar innréttingar. Húsið stendur innst í botnlanga á rólegum stað. Stór timburverönd með skjólvegg. Glæsilegt útsýni er úr húsinu. **Verð 40,8 millj.**



Sérhver endir er upphaf að einhverju nýju



María Haraldsdóttir, Sölustjóri, maria@101.is, Gsm 820 8103
Helgi J. Jónsson, Sölumaður, helgi@101.is, Gsm 820 8104
Leifur Aðalsteinsson, Framkvæmdastj./Sölum., leifur@101.is, Gsm 820 8100
Sigtryggur Jónsson, Lögg. fasteignasali, sigtryggur@101.is, Gsm 863 2206
Hrafnhildur Guðmundsdóttir, Skrifstofustjóri, hrafnh@101.is

101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA
T & W / 0031
101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA ER MEÐLIMUR Í FÉLAGI FASTEIGNASALA
Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is

Akkurat - fyrir þig!

## LAUFSKÓGAR 34, HVERAGERÐI



Húsið skiptist í hæð og ris 147,8 fm og óskráðan kjallara, auk 63 fm bílskúrsplötu. Kjallarinn, sem er undir öllu húsinu er ekki talinn með í fermetratölunni (89,7 fm.) Húsið er klætt utan með bjálkapanel og lituðu járni á þaki. Innan íbúðar eru tvær stofur, 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi, þvottahús og eldhús m/ borðkrók. Útg. úr borðstofu í garð og stofu á svalir. Áhugaverð og rúmgóð eign á fallegum útsýnisstað.
Áhugasamir hafi samband við Bjarna, s: 896-3875 **VERÐ 30,0 millj.**

Sími: 594 5000
Akkurat

DP FASTEIGNIR
www.dpfasteignir.is

## OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAGINN 8. JÚNÍ
## SAFAMÝRI 59-JARÐHÆÐ



Vorum að fá í sölu mjög rúmgóða og fallega 3ja herb. 102,6 fm íbúð á jarðhæð/kjallara á þessum vinsæla stað. Komið er inn í anddyri m/geymslu. Íbúðin skiptist í sjónvarpshol, rúmgóða stofu, eldhús m/borðkrók, tvö góð herb. m/skápum og baðherb. m/sturu. Sam. þvottahús á hæðinni auk útigeymslu. Allar lagnir, klóak og dren nýlega endurnýjaðar. FALLEG EIGN Á GÓÐUM STAÐ. **Verð: 18,4 millj.**

**Jóna og Kjartan taka á móti gestum í dag ásamt Ólafi Finnbogasyni sölumanni á DP FASTEIGNUM S: 822-2325 frá klukkan 17-19**

Hverfisgötu 4 - 6 • 101 Reykjavík • Sími: 561 7765 • Fax: 561 7746
DP LÖGMENN • www.dp.is DP FASTEIGNIR • www.dpfasteignir.is

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI: 550 500

FRÉTTABLAÐIÐ






# Álfhólsvegur 16a

## 200 Kópavogur

**Mikið endurnýjað raðhús á 2 hæðum með stórum garði og bílskúr.**
Neðri hæð: Forstofa með flísum og innbyggðum fataskáp. Gestasalerni. Sérsmíðað eldhús úr öl og vönduð tæki. Stofa og borðstofa eru samliggjandi og útgengt í stóran garð með palli.
Efri hæð: 3 svefnherbergi og endurnýjað baðherbergi, flísalagt í hólf og gólf með baðkari, tengi fyrir þvottavél og þurrkara.
Bílskúr með vatni og rafmagni.












RE/MAX MJÓDD
Jónas Örn Jónasson hdl • lögg. fasteignasali.

Heildarstærð: 166,0 fm
íbúð með geymslu: 134,4 fm
Bílskúr 31,6 fm
Herbergi: 4
Byggingarár: 1954
Brunabótamat: 17,0

## Opið hús í dag kl. 17.30 -18.00



Ásdís
Sölufulltrúi
863 0402

www.remax.is asdis@remax.is










# Kjarrhólmi 14

## 200 Kópavogur

Verð: 15.400.000
Stærð: 75,1 m2
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1973
Brunabótamat: 10,3 millj.

## Opið hús í dag kl. 18:30 - 19:00

RE/MAX MJÓDD
Jónas Örn Jónasson hdl • lögg.fasteignasali.

3ja herbergja íbúð á 1. hæð í barnvænu hverfi. Eldhús með innréttingu á 2 veggjum og borðkrók. 2 svefnherbergi bæði með skápum. Baðherbergi með baðkari. Þvottahús innan íbúðar. Stór sameiginlegur garður með nýjum leiktækjum og örstutt í Kópavogs-dalinn



Ásdís
Sölufulltrúi
863 0402
asdis@remax.is










# Rauðarárstígur 7

## 101 Reykjavík

Verð: 11.900.000
Stærð: 53,8 m2
Fjöldi herbergja: 2
Byggingarár: 1944
Brunabótamat: 6,7 millj.

## Opið hús í dag kl. 20:00 - 20:30

RE/MAX MJÓDD
Jónas Örn Jónasson hdl • lögg.fasteignasali.

2ja herbergja íbúð á 2. hæð í miðbænum. Eldhús með ljósri innréttingu og áföstu eldhúsborði. Rúmgott svefnherbergi með föstum skáp. Flísalagt baðherbergi með sturtuklefa. Stofa með plastparketi. Stór sameiginlegur garður fyrir aftan hús.



Ásdís
Sölufulltrúi
863 0402
asdis@remax.is





## Kvennaskólinn í Reykjavík

# Innritun

**Innritun nýnema stendur yfir og er rafræn fyrir þá nemendur sem eru að koma beint úr grunnskóla. Umsækjendur fara inn á www.menntagatt.is og finna þar eyðublað sem þeir fylla út.**

Aðrir umsækjendur sækja um á eyðublaði sem fæst á www.menntagatt.is eða í skólanum og sent er útfyllt ásamt einkunnum úr fyrra námi.

Allar umsóknir þurfa að hafa borist skólanum í síðasta lagi 14. júní. Umsækjendur geta fengið aðstoð við innritun í Kvennaskólanum á skrifstofutíma, kl. 8 til 16 virka daga. Námsráðgjafar verða til viðtals í skólanum 13. og 14. júní frá kl. 8 til 18.

Kvennaskólinn í Reykjavík býður bóknám til stúdentsprófs. Brautirnar eru þrjár:

**félagsfræðabraut**
**málabraut**
**náttúrufræðibraut**

Í skólanum er **bekkjakerfi** en þó mikið val á 3. og 4. námsári.

Inntökuskilyrði eru samkvæmt reglugerð menntamálaráðuneytisins. Þau eru háð brautarvali nemandans.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu skólans, www.kvenno.is eða í síma 580 7600.

**Skólameistari**




## Meiraprófsbílstjórar óskast

**AÐFÖNG óska eftir meiraprófsbílstjórum til sumarafleysinga, viðkomandi þarf að hafa próf á vörubifreið með eftirvagn: Trailer. Unnið er á vöktum við útkeyrslu á vörum í verslanir Haga.**

Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík.

Einnig er hægt að sækja um á www.adfong.is

Nánari upplýsingar veitir Ási í síma: 693-5620

AÐFÖNG

## Leikskólinn Sjáland

**Við leitum að leikskólakennurum til starfa í nýjum leikskóla, Leikskólanum Sjálandi í Garðabæ.**

Frekari upplýsingar veitir Ída Jensdóttir Leikskólastjóri í síma 690 1237 eða á netfangið ida@nysir.is

Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð hjá Nýsi hf, Flatathrauni 5a í Hafnarfirði.

**Umsóknarfrestur er til 16. júní.**

## Forstöðumaður í félagsmiðstöð

**Íþrótta- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar auglýsir lausa til umsóknar stöðu forstöðumanns í félagsmiðstöðinni Verinu sem staðsett í Hvaleyrarskóla.**

Krafist er menntunar og reynslu á sviði æskulýðs- og uppeldismála. Laun eru samkvæmt kjarasamningum STH og Hafnarfjarðarbæjar.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Árni Guðmundsson æskulýðs- og tómstundafulltrúi í síma 585 57 52

Umsóknum ber að skila á skrifstofu Æskulýðs- og tómstundaráðs Hafnarfjarðar Mjósundi 10 220 Hafnarfirði fyrir 20. júní n.k.

**Æskulýðs- og tómstundafulltrúinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR! Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

## Náttúruleikskólinn KRAKKAKOT Álftanesi

**Óskar eftir að ráða starfsfólk í eftirtaldar stöður:**

**Leikskólakennara eða leiðbeinendur.**
Um er að ræða heilsdagsstörf og hlutastörf.

**Umsóknarfrestur er til 1. júlí 2005.**
Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast í Krakkakoti. Einnig er hægt að sækja um störfin á heimasíðu Sveitarfélagsins Álftanes, alftanes.is/Stjónsýsla/umsóknir/umsókn um starf.

**Nánari upplýsingar gefa:**
Erla Thomsen leikskólastjóri í síma 821-5006 og Hjördís Ólafsdóttir aðstoðarleikskólastjóri í síma 692-6648.

MENNTASKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

## Starf enskukennara við Menntaskólann á Ísafirði

Menntaskólinn á Ísafirði auglýsir eftir enskukennara í fullt starf skólaárið 2005-2006.

Skriflegar umsóknir ásamt starfsferilsskrá og staðfestum námsgögnum skulu sendar til skólameistara, Ólínu Þorvarðardóttur, Menntaskólanum á Ísafirði, pósthólf 97, 400 Ísafirði. Umsóknarfrestur er til mánudagsins 20. júní 2005. Öllum umsóknum verður svarað.

Umsækjendur um kennarastarf þurfa að uppfylla skilyrði 6. gr. laga nr. 86/1998 um leyfi til þess að nota starfsheitið framhaldsskólakennari. Starfskjör fara eftir kjarasamningi ríkisins og KÍ.

Allar nánari upplýsingar veita Ólína Þorvarðardóttir skólameistari (s. 4504400) og Guðbjartur Ólason, aðstoðarskólameistari (s. 4504402).

Skólameistari.

## Sölumaður - sælgæti

**484834**
Innflutningsfyrirtæki á sælgæti óskar eftir að ráða til sín starfsmann í sölu og útkeyrslu. Í starfinu felst að keyra á milli viðskiptavina á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni, fylla á sælgæti, taka pantanir og selja.

Leitað er að röskum einstaklingi sem hefur góða framkomu, hefur gaman af mannlegum samskiptum og hefur fimm tonna ökuréttindi. Æskilegt að viðkomandi sé reyklaus. Vinnutími er frá kl. 8:00-16:00 með einhverri yfirvinnu.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is ATVINNUMIÐLUN

## SÖLUFÓLK

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá morgni til kvölds, alla daga vikunnar.

Nánari upplýsingar veitir Ólafía B. Rafnsdóttir í síma 696 6020. Umsóknir með ferilskrá má einnig senda á olafia.b.rafnsdottir@365.is

# Ert þú sá besti?

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

# SVIPMYND



Sofia þýðir viska.

**SOFIA ER HÖFUÐBORG BÚLGARÍU en landið er staðsett á milli Rúmeníu og Tyrklands. Borgin var stofnuð fyrir sjö þúsund árum og er önnur elsta höfuðborgin í Evrópu.**

Rómverjar hertóku borgina árið 29. Borgin var eyðilögð af Húnum árið 447 en byggð upp aftur af keisaranum Byzantine og skírð Triaditsa. Árið 1376 var borgin skírð Sofia sem þýðir viska. Borgin var hertekin af Ottómanveldinu árið 1382 og varð höfuðborg tyrkneska héraðsins Rumelíu. Rússar hertóku borgina árið 1878 og hún varð höfuðborg sjálfstæða ríkisins Búlgaríu árið eftir. Í seinni heimsstyrjöldinni náðu Rússar Sofiu sem og Búlgaríu aftur úr höndum Þjóðverja.

**ÍBÚAFJÖLDI:** 1,208,930.
**HÆÐ:** 550 metrar.
**LANDSVÆÐI:** 1,310 ferkílómetrar.
**ÞÉTTLEIKI BYGGÐAR:** 907 manneskjur á ferkílómetra.
**MEÐALALDUR ÍBÚA:** 38,3 ár.
**KJÖRORÐ BORGARINNAR:** „Það vex en eldist ekki."
**ÚTFLUTNINGSVÖRUR:** Málmur, textíll, gúmmí, leðurvörur og prentverk.

# SJÓNARHORN



**Erlendir ferðamenn njóta lífsins í miðborginni./Ljósmynd: GVA**

## Vissir þú ...

... að 5.327 pör kysstust samtímis í tíu sekúndur 14. febrúar árið 2004 en það var liður í „Close-up Lovapalooza"-hátíðinni í Manila á Filippseyjum?

... að stærsta stjörnuþokan er miðstjörnuþoka Abell 2029 stjörnuþokuklasans í 1.070 milljón ljósára fjarlægð í Meyjarmerkinu en hún er 5,6 milljónir ljósára að þvermáli?

... að dýpsta gljúfur í heiminum er Vikos-gljúfrið í Pindusfjöllum í norðvesturhluta Grikklands en það er níu hundruð metra djúpt og aðeins 11.000 metrar eru á milli gljúfurbarmanna?

... að Apa, sherpi frá Nepal, hefur klifið Everest oftast eða alls þrettán sinnum?

... að mesti hiti sem mælst hefur í sjó er 404°C en hann mældist undan vesturströnd Bandaríkjanna árið 1985?

... að rófulausa broddskordýraætan, Tenrec ecaudatus, sem lifir á Madagaskar hefur gotið 31 afkvæmum og er það mesti fjöldi afkvæma sem um getur meðal villtra spendýra?

... að vænghaf karlfugls hrímtrosans í suðurhöfum er það mesta sem mælst hefur eða 3,63 metrar?

... að háhyrningurinn er hraðskreiðasta sjávarspendýrið en hann mældist á 55,5 kílómetra hraða á klukkustund í Norðaustur-Kyrrahafi 12. október árið 1958?

... að besti hástökkvari í hópi skordýra er froskhopparinn, Philaenus spumarius, en hann getur stokkið upp í sjötíu sentímetra hæð eða meira en 115 sinnum líkamsstærðina?

... að elsta kanína heims heitir Baby og er fædd í ágúst árið 1990 í Bandaríkjunum?

... að miðað við fyrirliggjandi tölur ver Svasíland minnstu fé til hermála eða 1.335 krónum á mann miðað við árið 2003? Íbúafjöldi landsins var 1.104.000 árið 2001.

... að stærsti orkuframleiðandi í heimi er Bandaríkin en þau framleiddu 75.295 júl af orku, þar á meðal óblandað eldsneyti, fljótandi eldsneyti og gaseldsneyti auk raforku?


Heilsuvörur og matstofa
Opið virka daga kl. 10-20
laugardaga kl. 10-17
maður lifandi
Borgartúni 24

ÍS HESTAR
info@ishestar.is
www.ishestar.is
LIFANDI TENGSL VIÐ LANDIÐ

GIMSTEINN NORÐURLANDS - MÝVATN
**27. JÚNÍ TIL 2. JÚLÍ - 5 DAGAR / 5 NÆTUR.** Mývatnssvæðið heillar með fjölbreyttri náttúru, jarðvarma og fuglalífi. Fylgið gömlum leiðum frá Húsavík um Laxárdal og njótið bjartra sumarnótta í fjallakyrrð Þeistareykja.

SNÆFELLSNES MEÐ SIGRÚNU SIGURÐARD.
**4. JÚLÍ TIL 8. JÚLÍ - 5 DAGAR / 4 NÆTUR.** Skemmtileg ferð inn til fjalla og niður á Löngufjörur með hinum þekkta reiðkennara Sigrúnu Sigurðardóttur. Tilvalið að taka eigin hesta með eða nota reyndu ferðahestana á staðnum.

LEYNDARDÓMAR AUSTURLANDS - EGILSSTAÐIR
**4. JÚLÍ TIL 10. JÚLÍ - 6 DAGAR / 6 NÆTUR.** Skoðið Eyjabakkasvæðið og Hafrahvammagljúfur. Þrátt fyrir nálægð við Kárahnjúkasvæðið njótum við óspilltrar náttúru og skoðum þessar slóðir áður en hluti þeirra fer undir vatn.

KJÖLUR - Á SLÓÐIR FORFEÐRANNA
**17. JÚLÍ TIL 23. JÚLÍ - 6 DAGAR / 6 NÆTUR.** Hestaferð á þeim slóðum sem forfeður okkar tróðu í gegnum aldirnar þegar þeir riðu til þings. Fylgið þeirra dæmi og ferðist um hálendið eins og sönnum Íslendingi sæmir.

LANDMANNALAUGAR
**31. JÚLÍ TIL 6. ÁGÚST - 6 DAGAR / 6 NÆTUR. Litrík fjöll, svart hraun, og Hekla gnæfir yfir. Ferðin endar í Skaftártungum þar sem grænn mosi þekur aldargamalt hraun.**







HESTAMIÐSTÖÐ ÍSHESTA Í HAFNARFIRÐI EITTHVAÐ FYRIR ALLA, ALLA DAGA VIKUNNAR







UPPLÝSINGAR UM FERÐIR OG VIÐBURÐI HJÁ ÍSHESTUM Í SÍMA 555 7000

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.063 **-0,29%**

**Fjöldi viðskipta:** 276
**Velta:** 2.102 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Jarðboranir** | +4,29% | **Síminn** | -10,0% |
| **Landsbankinn** | +2,44% | **Actavis** | -2,20% |
| **Straumur** | +2,10% | **KB banki** | -1,68% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,20 -2,20% ... Atorka 6,05 +1,70% ... Bakkavör 35,00 -1,10% ... Burðarás 14,75 +0,30%... FL Group 14,40 -0,70% ... Flaga 4,92 -0,70% ... Íslandsbanki 13,55 +0,70% ... KB banki 527 -1,70% ... Kögun 60,30 -0,30% ... Landsbankinn 16,80 +2,40% ... Marel 56,30 – ... Og fjarskipti 4,00 – ... Samherji 12,10 – ... Straumur 12,15 +2,10% ... Össur 77,50 +0,60%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

# Framleiðsluaukning í Þýskalandi

**Efnahagsástandið hefur ekki verið gott og jafnvel góðum fréttum er tekið með fyrirvara.**

Framleiðsla í Þýskalandi jókst í apríl og er það í fyrsta skipti í þrjá mánuði sem það gerist. Kom það talsvert á óvart enda efnahagshorfur ekki bjartar í landinu.

Þýska hagkerfið reiðir sig nú á útflutning varnings til að keyra hagvöxt áfram. Eftirspurn innanlands hefur minnkað gríðarlega enda atvinnuleysi ekki verið meira í landinu síðan í seinni heimsstyrjöldinni.

„Það mun hægjast á hagvexti það sem eftir lifir árs. Við verðum ánægð ef tekst að koma í veg fyrir stöðnun hagkerfisins," sagði hagfræðingurinn Ralp Wiechers hjá samtökum iðnrekenda í Frankfurt. **-jsk**



**BEÐIÐ EFTIR BÓTUM** Þrátt fyrir að gríðarlegt atvinnuleysi sé í Þýskalandi jókst framleiðsla í apríl.


**SEÐLABANKINN** Krónan heldur áfram að styrkjast eftir að seðlabankastjóri tilkynnti um hækkun stýrivaxta.

## Meiri styrking krónunnar

Gengi krónunnar hækkaði í gær um 0,4 prósent eftir 1,7 prósenta hækkun í fyrradag. Dollarinn er nú í tæpum 64 krónum, evran stendur í 79 krónum og pundið í rúmum 117.

Ástæðan fyrir hækkuninni er sú ákvörðun Seðlabankans að hækka stýrivexti, segir á vef greiningardeildar Íslandsbanka. Búist hafði verið við því að vextirnir yrðu hækkaðir minna en raunin varð og lækkaði gengið á föstudaginn. Styrkingin á fyrstu tveimur dögum vikunnar endurspeglar að gengismunur á milli Íslands og annarra markaða fer vaxandi. **- jsk**

# Umsvif vestanhafs hafa aukist

**Íslandsbanki hyggst auka sókn sína í Norður-Ameríku.**

Umsvif Íslandsbanka í Norður-Ameríku hafa vaxið á undanförnum árum og segir Steinunn K. Þórðardóttir, forstöðumaður Alþjóðalánveitinga hjá bankanum, Íslandsbanka vera leiðandi fjármögnunaraðila hjá mörgum af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum þar.

Í tilkynningu frá bankanum segir að Norður-Ameríka sé einn mikilvægasti markaður bankans með áherslu á fjármálaþjónustu við sjávarútveg og matvælaframleiðslu. Íslandsbanki hafi unnið að því að mynda og efla tengsl við mörg af stærstu fyrirtækjum á sviði sjávarútvegs og matvælaframleiðslu í Norður-Ameríku undanfarin fimm ár svo sem American Seafoods, Fishery Products, Clearwater, og Barry Group.

Í tilkynningu frá bankanum segir einnig að mörg sjávarútvegsfyrirtæki hafi lent í erfiðleikum í kjölfar hruns þorsksstofnsins undan austurströnd Kanada í kringum 1990 og þarfnast fjármögnunar til að ráðast í annars konar rekstur, t.d. humar-, rækju- og krabbavinnslu. Íslandsbanki hefur nýtt sér þekkingu sína og reynslu í sjávarútvegi til að aðstoða fyrirtækin í endurskipulagningu þeirra. **- dh**



**SJÁVARÚTVEGSFYRIRTÆKIN HEILLA** Íslandsbanki er leiðandi fjármögnunaraðili hjá mörgum af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum í Norður-Ameríku.





Mazda 3
fullkominn ferðafélagi

mazda


Mazda3 4 dyra 1.6 l




Mazda3 T 5 dyra 1,6 l kostar aðeins
Aukahlutir á mynd: álfelgur
1.720.000 kr.

Mazda er japanskur bíll, framleiddur í Japan sem vermir nú toppsætið samkvæmt stærstu gæðakönnun Evrópu og skarar fram úr hvað varðar endingu og lága bilanatíðni.

Himinn og haf / SÍA

Komdu, reynsluaktu og gerðu verðsamanburð.
Gæðin eru augljós.

Opið frá kl. 12-16 laugardaga

RÆSIR HF
Skúlagötu 59, sími 540 5400 www.raesir.is

Söluumboð:
Bílás sf., Akranesi - BSA, Akureyri - Betri bílasalan, Selfossi - SG Bílar, Reykjanesbæ



THOMAS PAINE (1737-1809) lést þennan dag.

*„Hugur minn er mín eigin kirkja.“*

***Thomas Paine rithöfundur fæddist á Englandi en varð einn af stofnendum Bandaríkjanna.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Kommúnismi í Hollywood*

Þennan dag árið 1949 gaf alríkislögreglan FBI í Bandaríkjunum út skýrslu þar sem taldir voru upp nokkrir Hollywood-leikarar sem taldir voru til kommúnista. Þessar upplýsingar áttu sinn þátt í því að auka þá móðursýki gagnvart kommúnisma sem réði ríkjum í Bandaríkjunum á fimmta og sjötta áratug tuttugustu aldar. Skýrslan byggði að mestu á upplýsingum frá nafnlausum heimildarmönnum. Þá var því einnig haldið fram að kommúnistaflokkurinn í Bandaríkjunum hefði með góðum árangri notað þjóðþekktar Hollywood-stjörnur til að ná fram markmiðum sínum.

Skýrslan beindist að stórum hluta gegn Óskarsverðlaunahafanum Frederic March. Meðal annarra sem nefndir voru á nafn í skýrslunni voru Edward G. Robinson, Paul Robeson og Dorothy Parker. March hafði gagnrýnt vaxandi kjarnorkubirgðir Bandaríkjanna auk þess sem hann vildi senda hjálpargögn til Rússlands, sem var illa farið eftir stríðið. Skýrslan var hluti af samfelldri herferð bandaríska stjórnvalda til að útmála Hollywood sem bæli kommúnista sem notuðu kvikmyndir til að útvíkka flokkslínu Sovétmanna. Rannsókn á Hollywood hófst þegar árið 1946 og ári síðar úthrópaði þingið tíu rithöfunda og leikstjóra sem kommúnista, en þeir höfðu neitað að gefa upp nöfn annarra sem gætu hugsanlega verið kommúnistar. Þeir voru síðar dæmdir og sendir í fangelsi af mismunandi ástæðum.



**8. JÚNÍ 1949** Frederic March.

## MERKISATBURÐIR

**1783** Skaftáreldar hefjast með eldgosi úr Lakagígum á Síðuafrétt. Aldrei mun jafn mikið hraun hafa runnið úr einu gosi. Í kjölfar eldanna fylgdu Móðuharðindi. Mannfellir af skorti var mikill og fjárfellir geysilegur.

**1949** Hópur þýskra kvenna kemur til landsins með Esju. Alls komu um 400 konur þetta vor til að starfa á sveitabæjum.

**1968** Maður er handtekinn í tengslum við morðið á Martin Luther King.

**1968** Robert Kennedy er jarðsettur.

**2000** Um fimm þúsund manns fylgjast með kröftugu og tignarlegu gosi í Geysi. Vatnssúlan var sextíu metra há.

## ANDLÁT

**Arndís Hannesdóttir** frá Hnífsdal, síðast til heimilis að Austurbrún 4, Reykjavík, er látin. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey.

**Haraldur Einarsson** lést á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 29. maí. Útför hefur farið fram.

**Pétur M. Andrésson**, Hátúni 10b, lést á Landspítalanum í Kópavogi föstudaginn 3. júní.

**Hörður Jónasson**, Hraunvangi 1, Hafnarfirði, lést sunnudaginn 5. júní.

**Harpa Skjaldardóttir** andaðist að kvöldi sunnudagsins 5. júní á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

**Sigríður Brynjólfsdóttir**, Ormsstöðum, Breiðdal, lést á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað laugardaginn 4. júní.

**Jensína Sveinsdóttir** frá Gillastöðum í Reykhólasveit, áður til heimilis að Austurbrún, andaðist á Hrafnistu í Reykjavík sunnudaginn 5. júní.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677

## JARÐARFARIR

**14.00 Guðný Fjóla Ólafsdóttir** frá Múlakoti í Fljótshlíð, Viðarrima 42, Reykjavík, verður jarðsungin frá Hlíðarendakirkju í Fljótshlíð.

**15.00 Skarphéðinn Kristinn Sverrisson**, Ljósuvík 27, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Laugarneskirkju.

**15.00 Björg Hjördís Ragnarsdóttir**, Efstahjalla 21, Kópavogi, verður jarðsungin frá Hjallakirkju í Kópavogi.

**15.00 Erla Magnúsdóttir**, Þórðarsveig 5, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu.

## AFMÆLI

**Smári Guðlaugsson verslunarmaður**, Öldugerði 10, Hvolsvelli, er 80 ára. Hann verður að heiman í dag.



**Eiríkur Tómasson** lagaprófessor er 55 ára.



**Örnólfur Óli Thorsson**, skrifstofustjóri Forseta Íslands, er 51 árs.



**Sigríður Lilly Baldursdóttir** er 51 árs.



**VILL HALDA HLUTLEYSI** Ómar segir að fyrir nokkrum árum hefði verið óhugsandi fyrir sig að taka við þessum verðlaunum.

TÍMAMÓT: ÓMAR RAGNARSSON HLÝTUR UMHVERFISVIÐURKENNINGU

# Íslenskur stríðsfréttamaður

„Þetta er einkennileg aðstaða,“ segir Ómar Ragnarsson sem hlaut á dögunum viðurkenningu tíu íslenskra umhverfis- og náttúruverndarsamtaka fyrir að hafa skarað fram úr í vandaðri umfjöllun um náttúru landsins.

Ómar segir að undanfarin ár hafi hann verið í aðstöðu þar sem óhugsandi hefði verið fyrir hann að taka við slíkum verðlaunum, þrátt fyrir að hann hafi tekið við samskonar verðlaunum árið 1998. „Þá var hins vegar ekki byrjuð öll þessi ólga í kringum mín verk,“ segir Ómar, en síðar hafi hann ekki viljað taka áhættuna á að vera álitinn vanhæfur til að fjalla um þennan málaflokk.

En hvaða þýðingu hefur þessi viðurkenning? „Þetta hefur sömu þýðingu fyrir mig og bókin um Kárahnjúkamálið sem ég gaf út í fyrra,“ segir Ómar en sú bók fékk góðar viðtökur frá báðum deiluaðilum. Viðurkenningin sé í rauninni eðlilegt framhald af því. „Ég lít á þetta sem kvittun fyrir þessa bók,“ segir Ómar og bætir við að það sé mikils virði fyrir hann að geta tekið við viðurkenningunni núna án þess að hún skapi sérstaka umræðu um hæfni hans til að fjalla um þennan málaflokk.

„Ég lít alls ekki á mig sem talsmann náttúruverndar og hef aldrei gert,“ segir Ómar sem lítur á sig sem fréttamann sem hefur sérhæft sig í þessum málaflokki og vill miðla upplýsingum á faglegan og óhlutlægan hátt.

Ómar hefur þegar hafið framhald að þáttunum Á meðan land byggist. Þar verður fjallað um svæðið milli Vatnajökuls og Mýrdalsjökuls. Hann telur að það svæði verði næsti orrustuvöllur náttúruverndar- og virkjunarsinna. Án efa mun Ómar lenda þar í miðri hringiðunni. Hann segir að þó hann kysi sér friðsamlegri vettvang þá hafi hann því miður lent í stríðsfréttamennsku þar sem hann reyni að halda trúnaði við báða stríðsaðila. ■

---

†

*Föðurfaðir og bróðir okkar,*

**Gísli Jósefsson**

málarameistari,

lést að heimili sínu mánudaginn 6. júní. Jarðarförin auglýst síðar.

**Matthildur Hafsteinsdóttir**
**Sævar Hafsteinsson**
**Magnús Jósefsson**
**Ragnheiður Jósefsdóttir**

---



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Björg Hjördís Ragnarsdóttir**

Efstahjalla 21, Kópavogi,

sem lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi miðvikudaginn 1. júní, verður jarðsungin frá Hjallakirkju í Kópavogi í dag, miðvikudaginn 8. júní. Athöfnin hefst kl. 15.00.

**Tómas Ó. Tómasson**
**Ragnar Tómasson** **Sigurveig Björnsdóttir**
**Ólafur Ingi Tómasson** **Anna Pálsdóttir**
**Unnur Ósk Tómasdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

# Fyrsta kvöldganga sumarsins

Fyrsta kvöldganga sumarsins á Þingvöllum verður gengin fimmtudagskvöldið 9. júní. Þetta er fimmta árið í röð sem þjóðgarðurinn á Þingvöllum stendur fyrir kvöldgöngum á fimmtudagskvöldum í júní og júlí þar sem fræðimenn og þjóðþekktir áhugamenn um staðinn fjalla um hugðarefni sín tengd Þingvöllum. Göngurnar hafa mælst vel fyrir og verið vinsælar hjá gestum þjóðgarðsins.

Árni Hjartarson jarðfræðingur ríður á vaðið að þessu sinni og fjallar um hraun, gjár, jarðskorpuhreyfingar og jarðfræði Þingvallasvæðisins á fimmtudag. Árni varði í fyrra doktorsritgerð sína við Kaupmannahafnarháskóla sem fjallar um jarðsögu Skagafjarðar en hann mun í göngunni meðal annars beina sjónum gesta að landreki og myndun nýs lands, sem óvíða er eins sjáanleg og einmitt á Þingvöllum.

Gangan hefst við fræðslumiðstöðina við Hakið fyrir ofan Almannagjá klukkan 20 og gengið verður að Langastíg. Nánari upplýsingar um gönguferðirnar og umfjöllunarefni sumarsins má finna undir dagsskrárdagatali á heimasíðu þjóðgarðsins www.thingvellir.is ■



**ÞINGVELLIR** Þetta er fimmta árið í röð sem þjóðgarðurinn stendur fyrir kvöldgöngum. Það hefur mælst vel fyrir hjá gestum.



Endalaust niðurhal...
sama verð!
4Mb/s
extra light
V16
ADSL
• • Ótakmarkað niðurhal!
V16 extra light
Ótakmarkað niðurhal!
3.890 kr.
á mánuði allt innifalið m.v. 12 mánaða samning!
Kíktu við í næstu BT verslun og fáðu þér áskrift eða hringdu í síma 588-1234 og við sendum þér búnaðinn forstilltann og tilbúinn til notkunar þér að kostnaðarlausu!
• • hafðu hraðann á
taktu fleiri bita!
BT
TÓNLIST.IS
BTNET
www.btnet.is.



## Heyrst hefur ...

... að íslenskum landsliðsmönnum í knattspyrnu sé það ómögulegt orðið að skora gegn Möltu. 21 árs leikurinn í gær var þriðji leikurinn í röð sem Íslandi mistekst að skora og nú er að sjá hvort A-landsliðið geti brotið þennan múr hjá einum af slökustu knattspyrnuþjóðum Evrópu. Malta fékk 35 mörk á sig í fyrstu 13 leikjunum gegn Íslandi en hefur nú haldið hreinu í 270 mínútur.

**sport**

sport@frettabladid.is

**ÓLAFUR STEFÁNSSON:** HEFUR ALDREI UNNIÐ SVÍA OG MISSTI AF SIGURLEIKNUM Í FYRRAKVÖLD

# *Gæti orðið erfitt að slá Einar út úr liðinu*

Það vakti athygli að þegar íslenska karlalandsliðið í handbolta vann sinn fyrsta sigur á fullskipuðu liði Svía í tæp sautján ár gerði liðið það án Ólafs Stefánssonar, sem sat uppi í stúku og horfði á félaga sína eiga góðan leik og yfirbuga gömlu Svíagrýluna. Ólafur var ánægður með leikinn og það að liðið skyldi spjara sig án hans. „Það var tilgangurinn," sagði Ólafur af sínu þjóðþekkta lítillæti en hann hefur leikið ellefu landsleiki gegn Svíum á ferlinum og hefur Ísland tapað þeim öllum.



„Kollegi minn, Einar Hólmgeirsson, spilaði frábærlega og það gæti orðið erfitt fyrir mig að vinna aftur mína stöðu. 6:0 vörnin í seinni hálfleik var líka góð og mér leist vel á það og eins það að spila með tvo línumenn. Sóknarleikurinn var líka fínn og þetta gekk mjög vel," sagði Ólafur þegar Fréttablaðið hitti á hann eftir leik en Einar Hólmgeirsson átti stórleik í hægri skyttunni og skoraði 9 mörk úr aðeins 12 skotum.

Einar hefur skorað 33 mörk og nýtt 63% skota sinna

í fjórum síðustu leikjum án Ólafs og það er því spennandi tvíeyki sem landsliðsþjálfarinn Viggó Sigurðsson getur teflt fram á næstunni. Ólafur Stefánsson hefur ekki spilað með landsliðinu síðan á Heimsmeistaramótinu í Túnis en hann kom ekki strax til móts við landsliðið að þessu sinni þar sem hann tók þátt í kveðjuleik fyrir Talant Dujshebaev um helgina.

Ólafur er klár í næstu leiki og spilar með í seinni leiknum gegn Svíum á Akureyri í kvöld. „Skrokkurinn er í fínu standi og ég verð með í leiknum fyrir norðan enda vona ég að það verði ekki fleiri setur uppi í stúku hjá mér," sagði Ólafur en leikurinn fer fram í KA-húsinu og hefst klukkan 20.

## > Við vonum ...

... að íslenska knattspyrnulandsliðið rífi sig upp í kvöld eftir áföll síðustu daga og rúlli yfir Maltverja. Þetta er besta tækifæri Íslands á sigri í riðlinum en hætt er að við að liðið ljúki keppni í riðlinum án sigurs klári þeir ekki dæmið í kvöld.



## > Við mælum með ...

.... að Akureyringar fjölmenni á landsleik Íslands og Svíþjóðar í kvöld og hjálpi til við að grafa Svíagrýluna endanlega. Það er ekki á hverjum degi sem Akureyringar fá slíkan toppleik til bæjarins og með því að fjölmenna á pallana í kvöld setja þeir pressu á að fá fleiri landsleiki í framtíðinni.





**HARÐUR HÚSBÓNDI** Það er enginn miskunn hjá Guðjóni.

Guðjón Þórðarson:

# Er hér til þess að ná árangri

**FÓTBOLTI** Það gustar um Guðjón Þórðarson í stjórastól Notts County þótt ekki hafi hann setið lengi. Hann er búinn að leggja línurnar fyrir leikmenn liðsins sem hann segir hafa leikið undir getu. Guðjón segir að geti þeir ekki farið eftir því sem hann segir geti þeir fundið sér annað félag.

„Þeir geta farið sínar leiðir en ef þeir gera það verða þeir ekki ánægðir með það hvar þeir enda," sagði Guðjón í samtali við Nottingham Evening Post en hann hyggst beita heraga hjá Notts County. „Ef leikmönnum líkar ekki við aðferðir mínar geta þeir farið annað. Það er ekkert vandamál af minni hálfu. Agi er mikilvægur og menn vita hvenær þeir hafa farið yfir strikið. Ég er ekki í þessu starfi til að eignast vini. Ég er hér til þess að ná árangri."

# Heiðar tæpur vegna veikinda

**Ísland mætir Möltu í kvöld í undankeppni HM. Heiðar Helguson gat ekki tekið þátt í leiknum gegn Ungverjalandi sökum leikbanns og óvissa er með þátttöku hans í leiknum í kvöld vegna veikinda.**

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið æfði í gær fyrir leikinn gegn Möltu sem verður á Laugardalsvelli í kvöld. Þegar um 10 mínútur voru liðnar af æfingunni þurfti Heiðar Helguson að hætta þar sem hann var slappur og sagði Logi Ólafsson, annar landsliðsþjálfaranna, við Fréttablaðið um kvöldmatarleytið í gær að ólíklegt væri að hann yrði alveg tilbúinn í leikinn þó að erfitt væri að meta það á þessari stundu. Metið verður í samráði við lækni hvað gert verður.

### Ný varnarlína

Ljóst er að það verður alveg ný varnarlína í leiknum gegn Möltu í kvöld frá því gegn Ungverjalandi vegna meiðsla og leikbanna. Logi segist aldrei hafa lent í því á sínum þjálfaraferli að neyðast til að skipta um heila vörn.

„Hvorki ég né Ásgeir höfum lent í einhverju líkt þessu, í leiknum á laugardag fór stór hluti fyrri hálfleiks í að gera að meiðslum manna. Þetta var ótrúleg upplifun en við reynum að taka það jákvæða úr leiknum með okkur í leikinn gegn Möltu.

Það er margt jákvætt í okkar leik, góð stemmning og góður vinnuandi í hópnum. Þetta er enn fyrir hendi þrátt fyrir áföllin," sagði Logi.

Þegar Ísland og Malta mættust í fyrri leiknum voru Möltumenn með tvo menn fyrir aftan fjögurra manna línu, þrjá þar fyrir framan og einn fremstan. „Þeir léku aftarlega gegn okkur í fyrri leiknum og við reiknum með að þeir geri það sama nú. Við þurfum að koma af hörku í leikinn og vera með mikla pressu á boltann eins og gerðist gegn Ungverjum. Einnig þurfum við að nýta vel breidd vallarins."

Óhjákvæmilega verða talsverðar breytingar á liði Íslands í kvöld, bæði aftarlega og framarlega að sögn Loga. Bjarni Ólafur Eiríksson, leikmaður Vals, var kallaður inn í landsliðið fyrir leikinn en það er í fyrsta sinn sem hann er valinn. „Bjarni hefur staðið sig vel á æfingum og er framtíðarmaður. Við treystum ungu leikmönnunum fullkomlega til að fara út í þetta verkefni," sagði Logi Ólafsson.

elvar@frettabladid.is



**HEIÐAR TÆPUR** Sveinbjörn Brandsson, læknir landsliðsins, hugar hér að Heiðari fyrir leikinn gegn Möltu ytra.
FRÉTTABLAÐIÐ/DOMENIC AQUILINA






Íslenska 21 árs landsliðið gerði markalaust jafntefli við Möltu í gær:

# Ekki hægt að fá fleiri færi í leik

**FÓTBOLTI** Íslenska 21 árs landsliðið varð að sætta sig við markalaust jafntefli við Möltu á KR-vellinum í gær og jafnteflið er mikill sigur fyrir Möltubúa ef marka má viðbrögð þeirra eftir leik en þeir hafa fengið öll fjögur stigin í riðlinum út úr tveimur leikjum sínum við íslenska liðið. Tveir frábærir heimaleikir í fyrrahaust þar sem Búlgaría og Svíþjóð lágu bæði 3-1 gáfu góð fyrirheit fyrir leikina í þessari törn en þegar upp er staðið fékk íslenska liðið aðeins eitt stig og skoraði ekki mark í leikjunum tveimur.

„Það er ekki hægt að fá fleiri færi í leik og það er alveg með ólíkindum að við höfum ekki náð að skora. Við sköpuðum okkur fullt að færum en náðum bara ekki að setja boltann yfir línuna. Það er að sjálfsögðu mjög svekkjandi því við áttum mikið meira skilið út úr þessum leik," sagði Eyjólfur Sverrisson landsliðsþjálfari. „Þetta datt ekki fyrir okkur í þessum tveimur leikjum en ég er viss um það að við eigum eftir að opna markareikninginn okkar aftur," bætti Eyjólfur við en íslenska liðið á nú eftir þrjá leiki í riðlinum, heimaleik gegn Króötum og útileiki gegn Búlgörum og Svíum.

„Við fengum heilan helling að færum og hefðum átt að nýta eitthvert þeirra. Okkur vantar smáákveðni í að klára sóknirnar og við erum ekki að spila af sömu getu og við eigum að gera og höfum gert hingað til. Það sýnir sig bara að ef við erum ekki að spila 100% leik þá vinnum við ekki þessa leiki. Við ætluðum okkur stóra hluti í þessum tveimur leikjum en þetta gekk ekki upp hjá okkur. Við verðum bara að bæta okkur og koma sterkari til leiks næst. Það voru framfarir í dag frá því í Ungverjaleiknum enda kannski ekki annað hægt og það komu góðir kaflar inn á milli en því miður náðum við ekki að nýta færin," sagði Hannes Þ. Sigurðsson sem skoraði sex mörk í heimaleikjunum tveimur í fyrrahaust en komst eins og aðrir í liðinu ekki á blað í leikjunum gegn Ungverjalandi og Möltu.



**ÚFF** Það má segja að þessi mynd sé táknræn fyrir gengi 21 árs landsliðsins í leikjunum gegn Ungverjum og Möltu. Þar gekk lítið sem ekkert upp. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

### Sigur hjá 19 ára liðinu

Theódór Elmar Bjarnason skoraði bæði mörkin í 2–0 sigri 19 ára landsliðsins í vináttulandsleik gegn Svíum í gær. Fyrra markið gerði Theódór Elmar úr víti. Liðin mætast aftur í Sandgerði í hádeginu á fimmtudaginn.

ooj@frettabladid.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JÚNÍ**

5 6 7 **8** 9 10 11

### Miðvikudagur

**LEIKIR**

☐ 18.05 **Ísland** og **Malta** mætast á Laugardalsvelli í undankeppni HM í knattspyrnu.

☐ 20.00 **Ísland** og **Svíþjóð** mætast í vináttulandsleik í handbolta á Akureyri.

**SJÓNVARP**

☐ 07.00 **Ólíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.

☐ 07.30 **Ólíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.

☐ 08.00 **Ólíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.

☐ 08.30 **Ólíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.

☐ 17.05 **Ólíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.



☐ 17.55 **Landsleikur í fótbolta** á Rúv. Bein útsending frá landsleik Íslands og Möltu á Laugardalsvelli.

☐ 18.20 **HM 2006** á Sýn. Bein útsending frá leik Brasilíu og Argentínu.

☐ 20.00 **HM 2006** á Sýn. Bein útsending frá leik Finnlands og Hollands.

☐ 22.00 **Ólíssport** á Sýn. Bein útsending.

☐ 22.20 **Formúlukvöld** á Rúv.

☐ 23.15 **Tiger Woods** á Sýn. Annar þáttur af þremur.




# ÚTSALA ÚTSALA

## 40 – 60 % afsláttur

### Ótrúlega lágt verð • Hefst í dag

| Dæmi um verð: | Áður | Núna |
|---|---|---|
| Hettupeysa | 6.500.- | 3.900.- |
| Jakkapeysa | 6.100.- | 3.700.- |
| Peysu sett | 8.600.- | 4.900.- |
| Peysa m/v-háls | 6.900.- | 3.900.- |
| Ermalaus toppur | 3.800.- | 2.300.- |
| Siffonbolur m/perlum | 6.600.- | 3.300.- |
| Blúndutoppur | 2.600.- | 1.600.- |
| Vafinn toppur | 2.500.- | 1.500.- |
| Röndóttur bolur | 3.300.- | 2.000.- |
| Stutterma skyrta | 3.300.- | 2.000.- |
| Síð skyrta | 6.200.- | 3.800.- |
| Teinóttur jakki | 6.200.- | 2.900.- |
| Kjóll m/blúndu | 7.100.- | 3.900.- |
| Pils | 3.500.- | 1.900.- |
| Dömubuxur | 5.200.- | 2.900.- |
| Gallabuxur | 4.800.- | 2.900.- |
| Kvartbuxur | 5.700.- | 2.900.- |

Og margt margt fleira
Opið 10:00 – 18:00
www.friendtex.is

friendtex

Síðumúla 13
Sími 568-2870



## Sumarhappdrætti
# Krabbameinsfélagsins

Krabbameinsfélagið
www.krabb.is



**Glæsilegir vinningar:**

**1** Honda CR-V ES
Verðmæti 2.995.000 kr.

**1** Bifreið eða greiðsla upp í íbúð
Verðmæti 1.000.000 kr.

**148** Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun
Hver að verðmæti 100.000 kr.

Upplýsingar um vinningsnúmer í símum 540 1918 (símsvari) og 540 1900 og á vefsíðunni krabbameinsfelagid.is/happ

**150** skattfrjálsir vinningar að verðmæti **18.795.000 kr.**

**900 kr.**

## Vertu með og styrktu gott málefni!

Dregið 17. júní 2005

# Fjölbrautaskólinn í Breiðholti



Í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti er boðið upp á mjög fjölbreytt nám: bóknám, listnám, iðnnám/starfsnám og sérdeild.

Bóknám leiðir til stúdentsprófs og er undirbúningur fyrir háskólanám.

Listnám er undirbúningur fyrir frekara listnám, arkitektúr og annað framhaldsnám.

Markmið iðnnáms/starfsnáms er að undirbúa nemendur fyrir störf í ýmsum greinum atvinnulífsins, veita sérhæfð starfsréttindi og/eða undirbúning fyrir frekara nám í sérskólum.

**Bóknám til stúdentsprófs**
Félagsfræðabraut
Málabraut
Náttúrufræðibraut
Upplýsinga- og tæknibraut
Þriggja ára náttúrufræðibraut

**Listnámsbrautir**
Myndlistarkjörsvið
Textíl- og hönnunarkjörsvið

**Löggilt iðnnám**
Húsasmíðabraut
Rafvirkjabraut
Snyrtibraut

**Löggilt starfsnám**
Sjúkraliðabraut

**Eins til tveggja ára starfsnám**
Grunnnám rafiðna
Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina
Handíðabraut
Íþróttabraut
Viðskiptabraut

**Almenn námsbraut**

Í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti er boðið upp á viðbótaráfanga í raungreinum og stærðfræði til að styrkja stöðu nemenda gagnvart námi í tækniskólum og raunvísindum.

**Með viðbótarnámi er hægt að ljúka stúdentsprófi af öllum brautum.**

**Innritað er á skrifstofu skólans frá 09:00 til 15:00. Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast á vefsíðu.**

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600
Símbréf 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is
**www.fb.is**


# STUÐ MILLI STRÍÐA | Mmmm daa!!

**BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR** GLÁPIR Á AUGLÝSINGAR



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég get vel ímyndað mér að auglýsingatími taki um það bil helming af sjónvarpsglápi mínu. Ég hef reyndar fátt slæmt um það að segja því ég get oft skemmt mér vel yfir auglýsingunum, sem eru til skiptis vel gerðar og húmorískar eða það hallærislegar að þær eru fyndnar. Auglýsingar eins og sú hallærislega um það „hvað klósettið þitt segir um þig“, þegar Ragnhildur Steinunn úr Ópinu labbar á ljósastaur, eða þegar hræðilega Bamboocha-Fanta auglýsingin kemur á skjáinn og fær mig til að hristast af aulahrolli. Reyndar er ég ein af þeim sem gleyma jafnóðum hvað er verið að auglýsa, en það skiptir mig líka minnstu máli.

Verst þykir mér samt þegar ég sé flottar og vel gerðar íslenskar auglýsingar, sem nóg virðist vera af nú á dögum, og eitthvert gott lag með vinsælli hljómsveit glymur undir en það er bara búið að breyta því aaaaðeins. Ég man að minnsta kosti eftir að hafa heyrt lögin Silent Sigh með Badly Drawn Boy, Float On með Modest Mouse og núna síðast lagið High and Dry með Radiohead en það lag er notað í auglýsingu um Sandgerðisbæ. Þarna er lögunum breytt örlítið en samt eru þau auðþekkjanleg. Sennilega sleppur fólk þá bæði við að fá leyfi fyrir að nota lögin og að borga fyrir það. Ég verð að segja að mér finnst þetta ódýr aðferð við að „semja“ auglýsingalög og bara ansi skítt. Það eru margir sem þekkja þessi lög og vita að ekki eru mikil frumlegheit á bak við.

Gamlar auglýsingar geta svo verið hrikalega skemmtilegar og áhugaverðar. Þetta var einmitt liður í 70 mínútum á Popptíví og þá sýndu strákarnir til dæmis hallærislegar auglýsingar frá níunda áratugnum. Mér finnst að einhver ætti að taka þennan lið upp og sýna gamlar og lummó auglýsingar. Ég held að margir hefðu gaman af. Sá hinn sami gæti þá kannski í leiðinni tekið upp sýningar á gömlum vinum eins og Klaufabárðunum og Línunni. Hver vill ekki fá Línuna aftur á

# myndasögur

## PONDUS
Eftir Frode Överli




## GELGJAN
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA
Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR
Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN
Eftir Kirkman/Scott






FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SKIPULEGGJENDUR OG TÓNLISTARMENN** Þriðja kvöldið í viðburðaröðinni Hráefni verður haldið á Pravda í kvöld. „Þetta er tilvalið tækifæri fyrir hiphop-unnendur til að heyra ferska tónlist í góðra manna hópi," segir Ómar Ómar, annar skipuleggjendanna.

# Fersk tónlist úr nýjum hráefnum

Hiphop-aðdáendur ættu að flykkjast á Pravda í kvöld þar sem tónlistarmennirnir Beatmakin Troopa, PTH, Dj B-Ruff og Diddi Fel láta ljós sitt skína. Um er að ræða þriðja kvöldið í viðburðaröð sem kallast Hráefni og munu tónlistarkokkarnir eflaust elda ljúfa tóna úr hinum ýmsu hráefnum. „Þetta eru tónleikar með hiphop-pródúserum og lögum sem þeir hafa smíðað. Pródúserinn er sá sem hefur hvað mest áhrif á tónlistina og því er komið að þeim að láta ljós sitt skína. Þetta er tilvalið tækifæri fyrir hiphop-unnendur að heyra ferska tónlist í góðra manna hópi," segir Ómar Ómar, annar skipuleggjenda kvöldsins, en að hans sögn munu viðburðir af þessu tagi undir nafninu Hráefni verða haldnir einu sinni í mánuði.

Þarna munu líka vera svokallaðir „VJ-ar" eða „Visual Jockeys" sem spila ýmsar sjónlistir á skjávarpa meðan á tónleikunum stendur auk þess sem Dj Mezzias mun sjá um upphitun. „Síðasti sigurvegari í „beatboxi", Bjartur Beat-ur, verður kynnir og á tónleikunum verður hægt að kaupa nýja diskinn með Beatmakin Troopa," segir Ómar Ómar. Húsið opnar klukkan hálfníu og aðgangseyrir er þrjúhundruð krónur til klukkan tíu en fimmhundruð krónur eftir það. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Breski leikarinn **Christian Bale** féll í skugga **Tom Cruise** og **Katie Holmes** á frumsýningu myndarinnar *Batman Begins* í Bandaríkjunum. Bale sem leikur aðalhlutverkið í myndinni þótti ekki jafn spennandi hjá ljósmyndurunum og TomKat, eins og þau hafa verið kölluð, og papparassarnir slógust um að ná myndum af parinu alræmda. Kvikmyndin fjallar um það þegar Bruce Wayne notar arf sinn til að ferðast um heiminn og útrýma illum öflum. Aðrir leikarar í myndinni eru Sir **Michael Caine**, **Morgan Freeman** og **Gary Oldman**.



**Charlotte Church** var kosin uppáhalds stjarna samkynhneigðra í könnun sem tímaritið Attitude gerði. „Mér finnst þetta frábært. Ég elska samkynhneigða menn, mér finnst svo gott að tala við þá," sagði Charlotte þegar hún fékk fréttirnar. Stjarnan, sem á í ástarsambandi við ruðningsstjörnuna **Gavin Henson** segir þetta vera mikinn heiður og þakkar samkynhneigðum fyrir stuðninginn.









**!** **Kl. 19.30**
*Bókakvöld verður haldið á Björtum dögum í Gamla bókasafninu í Hafnarfirði. Rithöfundarnir Andri Snær Magnason og Einar Kárason lesa upp úr verkum sínum.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Leika sér að barnalögum

„Við erum að spinna út frá barnalögum,“ segir Antonia Hevesi organisti um tónleika í Hafnarfjarðarkirkju í kvöld. Hún hefur fengið til liðs við sig Samúel Samúelsson básúnuleikara, Samma í Jagúar, og saman ætla þau að flytja nokkur alþekkt barnalög í nánast óþekkjanlegum búningi.
„Það verður ekki auðvelt að þekkja öll lögin. Samt verður þetta ekkert djassað, heldur frekar þjóðlegt eða klassískt sem hæfir þessum barnalögum. Við verðum í hefðbundnum tóntegundum en leikum okkur að þessu.“
Til gamans ætla þau að dreifa til áheyrenda blaði þar sem nöfnin á lögunum eru skrifuð, en þó ekki í þeirri röð sem þau eru flutt. Áheyrendur geta spreytt sig á að merkja við hvert lag sem þau þekkja.
„Ég hafði nú reyndar ekkert hugsað út í það,“ sagði Antonia þegar hún var spurð hvort þeir sem gætu þekkt öll lögin fengju einhver verðlaun.



Tónleikarnir eru liður í dagskrá Bjartra daga í Hafnarfirði og hefjast klukkan 20 í kvöld.

## EKKI MISSA AF…

… dansleikhúskeppni á stóra sviði Borgarleikhússins annað kvöld þar sem níu verk fyrir leikara og dansara, hvert um sig 10 mínútur að lengd, keppa til sigurs.

… fyrstu Þingvallagöngu sumarsins, sem farin verður annað kvöld. Árni Hjartarson jarðfræðingur ætlar að fjalla um jarðfræði Þingvalla meðan gengið er um svæðið.

… Kórastefnunni við Mývatn núna um helgina, þar sem fjórir kórar auk 50 söngvara úr öðrum kórum halda tónleika á fimmtudag, föstudag og sunnudag. Hápunkturinn verður flutningur á óratóríunni Messías eftir Händel á sunnudaginn.


**ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ**

**ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA ALLRA SÍÐUSTU FORVÖÐ Á FÖSTUDAG!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**
**ÞETTA ER ALLT AÐ KOMA** - *Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur*
Fös. 10/6 **örfá sæti laus. Síðasta sýning.**
**DÍNAMÍT** - *Birgir Sigurðsson*
10. sýn. lau. 11/6 **nokkur sæti laus. Síðasta sýning.**
■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**
**RAMBÓ 7** - *Jón Atli Jónasson*
Fös. 10/6 **nokkur sæti laus. Síðasta sýning í vor.**

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Opið kl. **12:30-18:00** mán.-þri. Aðra daga kl. **12:30-20:00**. Símapantanir frá kl. **10:00** virka daga.
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**






Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18 pantanir í síma 551 4700 www.avaxtakarfan.is

Síðasta sýning fyrir sumarfrí Laugardagur 11. Júní kl: 13:30

www.midi.is




**ARNA FREMUR GJÖRNING SINN** Arna Valsdóttir sýnir myndlistargjörning á Björtum dögum í Hafnarfjarðarleikhúsinu í kvöld.

# Kviksjáin heillar Örnu

**Myndlistargjörningur Örnu Valsdóttur er verk sem er í stöðugri þróun. Hún hefur sýnt þennan gjörning víða og nú er röðin komin að Björtum dögum í Hafnarfirði.**

Arna Valsdóttir flutti í gærkvöld myndlistargjörning sinn „Ég er ögn í lífrænni kviksjá“ í Hafnarfjarðarleikhúsinu og ætlar að endurtaka leikinn í kvöld. Sýningin er liður í dagskrá Bjartra daga, sem er lista- og menningarhátíð Hafnarfjarðar.

Arna segir gjörninginn vera „tilraun til þess að komast inn í kviksjána og gera mannslíkamann að örðunni sem breytir þeirri mynd sem við sjáum. Kviksjáin heillaði mig sem barn og heillar mig sem fullorðið barn. Hún virkjar ákveðið kaos og tekur agnir tilverunnar úr samhengi en skapar á sama tíma sérkennilega rökrétt samhengi og kyrrð“.

Verkið er gagnvirk leikmynd sem byggir á samspili ljóss og skugga, hreyfingar, litar og hljóðs. Hún segir rýmið vera myndflötinn sem hún vinnur með og síðan dregur hún myndina fram með því að leika sér með þá möguleika sem bjóðast á hverjum stað. Áhorfandinn gengur síðan inn í verkið, getur haft áhrif á það og leikið sér með eigin skynjanir.

Arna segir sýninguna í Hafnarfjarðarleikhúsinu vera hluta af langtímaverkefni. „Ég ferðast á milli staða og set verkið upp í mismunandi rýmum. Það tekur lit og lögun af því rými sem það mætir, það þróast og breytir um form og í raun veit ég aldrei hver útkoman verður fyrr en á reynir.“

Verkið hefur hún meðal annars sett upp á Vísindadegi Háskólans á Akureyri, á samnorrænni ráðstefnu leikskólakennara á Akureyri, í Ketilhúsinu á Akureyri, í Nýlistasafninu, og nú síðast í Garðskagavita. ■


**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*
**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Su 12/6 kl 14 **UPPS**, Su 12/6 kl 17 **UPPS**,
Lau 18/6 kl 14, Su 19/6 kl 14 **- UPPS.**,
Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14,
Su 17/7 kl 14, Su 24/7 kl 14

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

**Miðasölusími 568 8000**
**midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is**
**Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:**
**10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudag**

*STÓRA SVIÐ*
**99% UNKNOWN - Sirkussýning**
*CIRKUS CIRKÖR frá SVÍÞJÓÐ*
Þri 14/6 kl 20,
Mi 15/6 kl 20,
Fi 16/6 kl 20,
Fö 17/6 kl 20 ***Aðeins þessar sýningar***
**25 TÍMAR**
*Dansleikhús / samkeppni LR og Íd í samstarfi við SPRON.* Fi 9/6 kl 20 - 2.500,-
***Einstakur viðburður***

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN*
**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Fi 9/6 kl 20 - **UPPS.**, Fö 10/6 kl 20
Lau 11/6 kl 20, Þri 14/6 kl 20, Fi 16/6 kl 20,
Lau 18/6 kl 20, Su 19/6 kl 20
***Síðustu sýningar***






**SÍÐUSTU SÝNINGAR!!!**
**Aðeins 2 sýningarhelgar eftir**
**Missið ekki af einleik Eddu Björgvins í Borgarleikhúsinu • Sími 588 8000**



**GERÐUBERG**

**Gagn og gaman**
Skráning hafin á námskeið
20. - 24. júní
Smiðjustjóri: Harpa Björnsdóttir myndlistarmaður
s. 575 7700,
gerduberg@reykjavik.is

**Lóa Guðjónsdóttir**
sýnir vatnslita- og olíuverk í Boganum

**Stefnumót við safnara II**
Dúkkulísur, kaffikönnur, skrýtnir minjagripir, ælupokar og margt fleira!
Ókeypis aðgangur!

**Sýningar eru opnar virka daga frá kl. 11-17. Lokað um helgar.**
**www.gerduberg.is**








**!** 90,9

**MARKAÐURINN**
Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30



**YGGDRASILL** Færeyingarnir djassa á þjóðlegu nótunum í Norræna húsinu í kvöld.

# Kári í stað Eivarar

Færeyska hljómsveitin Yggdrasill er orðin aldarfjórðungs gömul og hefur gengið í gegnum miklar mannabreytingar. Tónlistin hefur sömuleiðis sveiflast til, en að öllu jöfnu má þó lýsa tónlist Yggdrasils sem djassaðri og þjóðlegri tónlist með heimspoppsívafi.

Eftir hljómsveitina liggja níu plötur og eru mörg laganna á þeim byggð á færeyskum rímnasöngvum, sálmum og þjóðlögum. Einnig sækja liðsmenn sér efnivið í inúítasöngva og þjóðlög frá Hjaltlandseyjum og Norðurlöndunum.

Yggdrasill er nú kominn til Íslands og verður með tónleika í Norræna húsinu í kvöld.

Eivör Pálsdóttir, sem söng inn á tvær síðustu plötur Yggdrasils, syngur ekki með Yggdrasil að þessu sinni enda heldur sólóferill hennar henni þéttbókaðri á öðrum vígstöðvum.

Í hennar stað sér Kári Sverrisson um sönginn. Hann er einn virtasti og dáðasti tónlistarmaður Færeyja og mætti kalla hann færeyskan Bubba. Hann hefur staðið í fremstu víglínu í færeyska músíkbransanum í áratugi, lengst af með nútímalegri þjóðlagahljómsveit sem heitir Enekk, en einnig sinnt sólóferli sínum. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

5 6 7 **8** 9 10 11

**Miðvikudagur**

### TÓNLEIKAR

- 19.30 Upphitunarkvöld harðkjarnahátíðarinnar **MOTU** verður í Hellinum, Hólmaslóð 2.
- 20.00 **Chris Morris Praise-and-Worship Band** og **Fríkirkjukórinn í Hafnarfirði** verða með létta sveiflu í alþjóðlegum anda á sumartónleikum í Fríkirkjunni í Hafnarfirði.
- 20.00 Færeyska hljómsveitin **Yggdrasill** leikur í Norræna húsinu.
- 20.30 **Beatmakin Troopa, PTH, B Ruff** og **Diddi Fel** koma fram á hiphopkvöldi á Pravda Bar.
- 22.00 **Ragnheiður Gröndal** verður með tónleika á ljúfu nótunum á Næsta bar. Með henni spila gítarleikarinn **Ásgeir Ásgeirsson** og bassaleikarinn **Róbert Þórhallsson**.

### BJARTIR DAGAR

- 19.30 Rithöfundarnir **Andri Snær Magnason** og **Einar Kárason** lesa upp úr verkum sínum á bókakvöldi í Gamla bókasafninu.
- 20.00 **Samúel Samúelsson** og **Antonía Hevesi** spinna út frá þekktum lögum á básúnu og orgel á tónleikum í Hafnarfjarðarkirkju. Séra **Þórhallur Heimisson** flytur stutta bænastund fyrir tónleikana.
- 20.00 "Ég er ögn í líffrænni kviksjá" nefnist myndlistargjörningur **Örnu Valsdóttur** í húsnæði Hafnarfjarðarleikhússins að Strandgötu 50. Aðgangur er ókeypis.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.








**SCARVE** Bandaríska hljómsveitin Scarve kemur hingað til lands á laugardaginn.

# Upphitun fyrir harðkjarnahátíð

Upphitunartónleikar verða í kvöld í Hellinum úti á Granda fyrir harðkjarna- og rokkhátíðina MOTU sem haldin verður nú um helgina á Grand Rokk og í gamla Sjónvarpshúsinu.

Í kvöld spilar bandaríska hljómsveitin Paint it Black ásamt Myra, Isidor og Mania Locus, en síðan verður þessum tónleikum fylgt fast eftir með tónleikum á föstudagskvöldið þar sem danska hljómsveitin Urkraft spilar á Grand Rokk ásamt Momentum, The Nine Elevens og Hr. Möller Hr. Möller.

Á laugardaginn verður síðan mikil veisla í gamla Sjónarpshúsinu þar sem dönsku sveitirnar Lack og Urkraft gera allt snælduvitlaust ásamt frönsku metalsveitinni Scarve. Með þeim spilar rjóminn af harðkjarna- og metalböndum Íslands, svo sem Nevolution, Sólstafir og Drep.

MOTU-hátíðin var haldin í fyrsta sinn síðasta sumar og hét þá Mothers of the Universe, en fljótlega fóru allir að nota skammstöfunina MOTU og verður hún hér eftir nafn hátíðarinnar, sem væntanlega verður árviss viðburður í tónlistarlífinu. ■















## FRÉTTIR AF FÓLKI



Unglingastjarnan **Ashley Olsen** hefur landað sinni fyrstu tímaritsforsíðu án systur sinnar, **Mary-Kate**, fyrir júlítölublað Harper's Bazaar. Ashley þykir líta töluvert betur út en systir hennar, sem hefur verið að berjast við átröskun. Þrátt fyrir það er fjallað um báðar stúlkurnar í blaðinu og sérstaklega tískuvitund þeirra. Þær þykja hafa skemmtilegan fatasmekk, þar sem þær blanda saman notuðum fötum og nýjum. Þær klæðast einnig oft fötum sem eru of stór á þær. „Veðrið í New York gefur tilefni til þess að vera í mörgum lögum af fötum. Það sést á myndum af okkur að við erum ekki að reyna að líta út eins og kyntákn," segir Ashley.










**SPENNT YFIR SNOOP** Þetta unga fólk hafði beðið töluvert lengi eftir að komast inn í Skífuna á Laugarveginum. Það varð að ósk sinni og getur séð meistarann í Egilshöllinni 17. júlí.

# Góð byrjun hjá Snoop

Miðasalan á Snoop Dogg fór glimrandi vel stað, að sögn Ísleifs Þórhallssonar hjá event.is sem flytur kappann inn. „Við vorum búnir að selja tvö þúsund miða rétt eftir hádegi og reiknum með að helmingur miðanna verði seldir í lok dagsins," sagði Ísleifur í samtali við Fréttablaðið í gær.

Það verða um sjö þúsund miðar í boði á þessa einstöku tónleika í Egilshöllinni þar sem einungis helmingur hallarinnar verður í notkun auk þess sem sviðið undir Snoop og tólf manna sveit hans, Snoopadelics, tekur mikið pláss. „Þessi byrjun sýnir hversu mikil virðing er borinn fyrir manninum og hversu óhemjuvinsæll hann er," sagði Ísleifur og bætti við að viðtökurnar hafi farið fram úr björtustu vonum. „Við byrjuðum frekar seint og allt gerðist frekar hratt þannig að við erum mjög ánægðir." ■








## FRÉTTIR AF FÓLKI



*American Idol* stjarnan **Carrie Underwood** hefur strax látið frægðina stíga sér til höfuðs. Söngkonan hæfileikaríka var dugleg að segja frá því meðan á keppninni stóð hversu góðan stuðning hún fengi frá kærasta sínum, **Drake Clark**. „Ég hlakka svo til að hitta hann," sagði Carrie um ástina sína, sem hún kynntist í háskólanum heima í Oklahoma. En nú, um leið og hún hefur unnið keppnina, kveður við annan tón og sagði hún í viðtali fyrir skemmstu: „Ég á ekki kærasta, ég hef ekki tíma fyrir svoleiðis."



ATH: A Lot Like Love er leyfð öllum aldurshópum
www.sambioin.is
ashton kutcher
amanda peet
a lot like LOVE
RÓMANTÍK GETUR EYÐILAGT GÓÐA VINÁTTU!
HOUSE OF WAX
FURÐULEGASTA ÆVINTÝRI ALHEIMSINS HEFST ÞEGAR JÖRÐIN ENDAR
The WEDDING DATE
ÁLFABAKKI
A LOT LIKE LOVE KL. 3.45-6-8.15-10.30
A LOT LIKE LOVE VIP KL. 3.45-6-8.15-10.30
HOUSE OF VAX KL. 3.45-6-8.15-10.30 B.I. 16
CRASH KL. 6-8.15-10.30
HITCHHIKER´S GUIDE... KL. 3.45-6-8.15-10.30
THE WEDDING DATE KL. 4-6-8.15-10.30 B.I. 16
SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal KL. 4
KEFLAVÍK
HOUSE OF VAX KL. 10.30
STAR WARS - EPISODE III KL. 8
KINGDOM OF HEAVEN KL. 8-10.30
AKUREYRI
A LOT LIKE LOVE KL. 8-10
HOUSE OF VAX KL. 8-10
KRINGLAN
A LOT LIKE LOVE KL. 6-8.15-10.30
HOUSE OF VAX KL. 6-8.15-10.30 16
THE WEDDING DATE KL. 6-8-10
FRÁBÆR SKEMMTUN
SAMBÍÓIN
ashton kutcher
amanda peet
a lot like LOVE
RÓMANTÍK GETUR EYÐILAGT GÓÐA VINÁTTU!
crash
Í hraða lífsins, kemur að því að við rekumst á hvert annað.
A LOT LIKE LOVE KL. 6-8.15-10.30
VOKSNE MENNESKER KL. 5.45-8-10.15
CRASH KL. 5.45-8-10.15 B.I. 16 ára
HITCHHIKER´S GUIDE TO THE GALAXY KL. 5.45-8-10.15
THE JACKET KL. 8-10.10 B.I. 16 ára
THE MOTORCYCLE DIARIES KL. 5.40
Háskólabíó




„Ég ætla í viðtalið því ég veit að það þýðir ekki einungis að treysta á Guð og lukkuna í fjármálum."
Ása Björk Ólafsdóttir, nýútskrifaður guðfræðingur frá HÍ
Endurfjármagnaðu námsárin
Eftir fjárhagslegt álag háskólaáranna viljum við bjóða þér í viðtal hjá fjármálaráðgjafa þar sem farið er yfir:
• Námslokalán
• Vörðuna – vildarþjónustu
• Íbúðalán og endurfjármögnun
• Greiðsludreifingu og Greiðsluþjónustu
• Lífeyrismál og sparnað
• Persónutryggingar
Pantaðu viðtal í síma 410 4000.
Það kostar ekki krónu.
Nánari upplýsingar í næsta útibúi, þjónustuveri eða á landsbanki.is
Landsbankinn
Banki allra landsmanna
410 4000 | www.landsbanki.is
GOTT FÓLK McCANN

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Allison nýtir sér skyggnigáfu sína til að leysa hin ýmsu sakamál. Þættirnir eru byggðir á reynslu frægasta miðils Bandaríkjanna.

MEDIUM

Í kvöld kl. 20:30



GOTT FOLK McCANN

# VIÐ TÆKIÐ

## Sjónvarpinu stjórnað af veðrinu

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** LEGGUR SJÓNVARPINU ÞEGAR SÓLIN SKÍN

Það er komið sumar. Allir helstu þættirnir eru að renna sitt skeið. Nú er að koma tími endursýninga. Þegar ég var yngri horfði ég varla á sjónvarpið á sumrin. Nema þegar veðrið var vont. Þá lá ég uppi í sófa og góndi á imbann með gult teppi breitt yfir mig.

Væri ekki góð hugmynd að sjónvarpsstöðvarnar réðu til sín veðurfræðinga til að stjórna dagskránni á sumrin? Þegar það kæmi gott veður þá væru sýndir allir verstu þættirnir í sögu sjónvarpsins eða sjónvarpsdagskráin rofin og lifandi myndir frá Austurvelli væru látnar rúlla. Fréttatímarnir væru sendir út frá Nauthólsvík. Þegar kæmi hins vegar rok og rigning, eins og stundum gerist á sumrin, þá færu sjónvarpsstöðvarnar í stellingar, tækju fram gullin sín og héldu landsmönnum límdum við sjónvarpstækin með sínu besta efni. Mér fyndist þetta sniðugt. Fólk á ekki að vera hanga yfir sjónvarpinu þegar veðurblíðan leikur við okkur í þessa blessuðu þrjá sumarmánuði. Um leið og það fer að dropa og blása eiga þær að vera við öllu búnar.

Eitt verð ég þó að viðurkenna. Þótt það væri þrjátíu stiga hiti, glampandi sól og skrúðganga hundrað fallegustu kvenna heims niður Laugaveginn á mánudegi myndi ég ekki sleppa Lost. Ekki að ræða það. Við höfum reyndar rætt þetta félagarnir hvort við ættum ekki að hala niður þáttunum og horfa á þá til þess að geta gert eitthvað annað á mánudögum. Niðurstaðan verður alltaf sú sama: Hvað er annað hægt að gera á mánudögum en að horfa á Lost?



**NAUTHÓLSVÍK** Væri ekki sniðugt ef fréttastofurnar segðu fréttir sínar frá Nauthólsvík á góðviðrisdögum?



▶ 21.25 *Lífsstíll*

Í EINUM GRÆNUM. Guðríður Helgadóttir og Kristinn H. Þorsteinsson fræða áhorfendur um garðyrkju.



▶ 23.25 *Bíó*

HEROES' MOUNTAIN. Sannsöguleg sjónvarpsmynd um náttúruhamfarir í Ástralíu.



▶ 21:00 *Drama*

PROVIDENCE. Lokaþáttaröðin af þáttunum um Hanson-fjölskylduna í blíðu og stríðu.

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir ▶ **17.55** Landsleikur í fótbolta. Bein útsending frá leik Íslendinga og Maltverja í forkeppni heimsmeistaramótsins.

**19.00** **Fréttayfirlit**
**19.05** **Landsleikur í fótbolta** Ísland-Malta, seinni hálfleikur.
**20.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**20.35** **Víkingalottó**
**20.40** **Ed (71:83)** Framhaldsþættir um ungan lögfræðing sem rekur keilusal og sinnir lögmannsstörfum í Ohio.
**21.25** **Í einum grænum (6:8)** Ný garðyrkjuþáttaröð þar sem tekið er á því helsta sem lýtur að fegrun garða. Umsjónarmenn þáttanna eru Guðríður Helgadóttir og Kristinn H. Þorsteinsson.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.20** **Formúlukvöld** Gunnlaugur Rögnvaldsson hitar upp fyrir kappaksturinn í Kanada um helgina.
**22.40** **Lífsháski (7:23)** (Lost)Hér verða endursýndir þættir 7-10. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.

**1.30** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Sjálfstætt fólk **13.40** Hver lífsins þraut **14.10** Að hætti Sigga Hall **14.45** Happy Days **15.15** Summerland **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **Strákarnir**
**20.30** **Medium (13:16)** (Miðillinn)Allison DuBois er þekktur miðill í Bandaríkjunum. Hún sér það sem aðrir sjá ekki. Náðargáfa hennar hefur m.a. varpað ljósi á ófá sakamálin. Bönnuð börnum.
**21.15** **Kevin Hill (10:22)** (Unexpected)Kevin Hill nýtur lífsins í botn. Hann er í skemmtilegri vinnu, býr í flottri íbúð og vefur kvenfólkinu um fingur sér. En í einni svipan er lífi Kevins snúið á hvolf. Hann fær forræði yfir tíu mánaða frænku sinni, Söru.
**21.55** **Strong Medicine 3 (6:22)** (Samkvæmt læknisráði 3)Þáttaröð um tvo ólíka en kraftmikla kvenlækna sem berjast fyrir bættri heilsu kynsystra sinna.
**22.40** **Oprah Winfrey** (Oprah's Bra And Swimsuit Intervention)

▶ **23.25** Heroe's Mountain **1.05** Medical Investigations (8:20) **1.45** Fréttir og Ísland í dag **3.05** Ísland í bítið **5.05** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**17.55** Cheers – 3. þáttaröð **18.20** Brúðkaupsþátturinn Já – Ný þáttaröð (e)

**19.15** **Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30** **Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.45** **Sjáumst með Silvíu Nótt – NÝTT! (e)**
**20.10** **Jack & Bobby** Þættirnir fjalla um bræðurna Jack og Bobby sem búa hjá sérvitri móður sinni, Grace.
▶ **21.00** **Providence** Syd telur sig hafa fundið hinn eina rétta og svo virðist sem Jim hafi náð sér að fullu. Robbie og Joanie myndast við að koma undir sig fótunum með misjöfnum árangri.
**22.00** **Law & Order – Ný þáttaröð** Rannsókn á dauða skokkara sem var drepin af grimmum hundi leiðir lögregluna á spor fanga í Attica, lögmanna hans og hóps sem efnir til hundabardaga.
**22.45** **Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal.

**23.30** CSI: Miami – Ný þáttaröð (e) **0.15** Cheers – 3. þáttaröð (e) **0.40** Boston Public **1.20** John Doe **2.05** Óstöðvandi tónlist

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.15** The Master of Disguise **8.00** Since You Have Been Gone **10.00** Uncle Buck **12.00** Trail of the Pink Panther **14.00** The Master of Disguise **16.00** Since You Have Been Gone **18.00** Uncle Buck **20.00** Trail of the Pink Panther **22.00** Relative Values (Bönnuð börnum) **0.00** Smoke Signals (Bönnuð börnum) **2.00** Ocean's Eleven (Bönnuð börnum) **4.00** Relative Values (Bönnuð börnum)

## OMEGA

**7.00** Blandað efni **7.30** Ewald Frank **8.00** Billy Graham **9.00** Jimmy Swaggart **10.00** Blandað efni **11.00** Robert Schuller **12.00** Maríusystur **12.30** T.J. Jakes **13.00** Blandað efni **14.00** Kvöldljós **15.00** Ísrael í dag **16.00** Blandað efni **17.00** Acts Full Gospel **17.30** Ron Phillips **18.00** Robert Schuller **19.00** Blandað efni **20.00** Believers Christian Fellowship **21.00** Kvöldljós með Ragnari Gunnarssyni (e) **22.00** Blandað efni **23.00** Robert Schuller **0.00** Nætursjónvarp

## AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Aksjón tónlist **21.00** Níubíó **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.
1FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Tennis: ATP Tournament Queen's United Kingdom **15.00** Football: U-21 Festival Toulon France **17.00** Football: UEFA European Women's Championship England **21.00** News: Eurosportnews Report **21.15** Football: World Cup Germany **23.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** Born and Bred **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Angelmouse **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Teletubbies Everywhere **14.35** The Really Wild Show **15.00** Cash in the Attic **15.30** Home Front in the Garden **16.00** The Chelsea Flower Show **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** Location, Location, Location **18.30** A Place in France **19.00** Escape to the Country **20.00** Living the Dream **21.00** Spooks **21.50** Murder in Mind **22.45** Table 12 **23.00** Making Masterpieces **23.30** Painting the World **0.00** Great Writers of the 20th Century **1.00** Cloning the First Human

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Insects from Hell **12.30** Totally Wild **13.00** Frontlines of Construction **14.00** The World's Most Powerful Dam **15.00** Attacks of the Mystery Shark **16.00** Battlefront **17.00** Shipwreckers **18.00** Insects from Hell **18.30** Totally Wild **19.00** Paranormal? **20.00** Frontlines of Construction **21.00** Golden Gate **22.00** Dambusters **23.00** Seconds from Disaster **0.00** Frontlines of Construction

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Austin Stevens – Most Dangerous **13.00** Sharks of the Deep Blue **14.00** Animal Cops Detroit **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Growing Up... **17.00** Monkey Business **17.30** The Keepers **18.00** Austin Stevens – Most Dangerous **19.00** Swimming Lions **20.00** Miami Animal Police **21.00** The Life of Birds **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Austin Stevens – Most Dangerous **1.00** Natural Born Sinners

**DISCOVERY**
**12.00** Building the Ultimate **12.30** Massive Engines **13.00** Weapons of War **14.00** Scrapheap Challenge **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** John Wilson's Fishing Safari **16.00** Super Structures **17.00** A Bike is Born **18.00** Mythbusters **19.00** Why Intelligence Fails **20.00** War Surgeons **21.00** Unwrapped **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Untold Stories – Navy SEALs

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Hit List UK **18.00** MTV Making the Movie **18.30** Making the Video **19.00** The Osbournes **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** MTV Mash **21.30** Pimp My Ride **22.00** The Lick **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80's **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Black In The 80s Def Jam **20.00** Fabulous Life Of... **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Top 5 **22.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Come! See! Buy! **12.40** Other People's Houses **13.30** Hollywood One on One **14.00** Cheaters **14.45** Girls Behaving Badly **15.10** Lofty Ideas **15.35** Retail Therapy **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Innertainment **17.15** Arresting Design **17.40** Retail Therapy **18.05** Matchmaker **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** The Villa **20.15** My Messy Bedroom **20.45** What Men Want **21.10** Spicy Sex Files **22.00** Girls Behaving Badly **22.25** Crime Stories **23.10** Entertaining With James **23.40** Anything I Can Do **0.05** Weekend Warriors **0.30** Awesome Interiors

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! News **12.30** Gastineau Girls **13.30** Life is Great with Brooke Burke **14.00** Style Star **14.30** Gastineau Girls **15.00** Jackie Collins Presents **16.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **17.00** Fashion Police **17.30** Behind the Scenes **18.00** E! News **18.30** Gastineau Girls **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** Dr. 90210 **21.00** The E! True Hollywood Story **22.00** Gastineau Girls **23.00** E! News **23.30** The E! True Hollywood Story **0.30** Behind the Scenes

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Hi Hi Puffy Amiyumi **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.45** Hawaii **15.25** The Burning Bed **17.00** The Program **18.55** Inside Out **20.20** Stitches **21.50** Body and Soul **23.35** Summer Heat **0.55** The Stranger **2.30** The Satan Bug

**TCM**
**19.00** Buddy Buddy **20.35** Cool Breeze **22.20** The Two Mrs Carrolls **0.00** Somewhere I'll Find You **1.50** The Sea Hawk

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

### ÍSLAND – MALTA *Sjónvarpið* kl. 17.55

## Sýnd veiði en ekki gefin

Íslendingar keppa við Möltumenn í forkeppni heimsmeistaramótsins í knattspyrnu á Laugardalsvelli í dag. Þetta er slagur neðstu liðanna í riðlinum en þau gerðu markalaust jafntefli á Möltu í fyrra. Þau úrslit þótti aðstandendum íslenska liðsins mesta hneisa og ljóst er að landinn ætlar sér stærri hluti í þessum leik. Víst er þó að Maltverjar eru sýnd veiði en ekki gefin og eru vissir um að þeir haldi stigi á meðan Íslendingar skora ekki. Leikurinn hefst klukkan 18.05, fréttaágrip er flutt í leikhléi klukkan 19.00, en fréttir eru svo klukkan 20.00, að leik loknum.

***Í dag fá Íslendingar annað tækifæri til að sanna sig eftir 3-2 tap gegn Ungverjum á laugardag.***


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ísland – Ungverjaland síðasta laugardag.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„David St. Hubbins... I must admit I've never heard anybody with that name."**

**Svar:** Marty DiBergi úr kvikmyndinni This is Spinal Tap árið 1984.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið – Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnaþing – Umsjón: Ingvi Hrafn Jónsson.

**14.03** Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason. **15.03** Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson, Helgu Völu Helgadóttur og Helga Seljan.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Úr kvæðum fyrri alda **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Andblær frá Ipanema **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Auðlind **13.00** Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins, Lesið í snjóinn **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Tónaljóð **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.25** Spegillinn **19.00** Los Machucambos og Trio Marakana **19.30** Laufskálinn **21.15** Myndin af manninum **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Tónskáldið Sigvaldi Kaldalóns

**23.00** Fallegast á fóninn

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.05** Fótboltarásin **20.00** Handboltarásin ásamt ásamt Ragnari Páli Ólafssyni **22.10** Popp og ról

**1.10** Ljúfir næturtónar **2.10** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju.

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** TÖLVUR & TÆKNI **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**20.00** *Íþróttir*

**UNDANKEPPNI HM. Bein útsending frá viðureign Finnlands og Hollands.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**19.15** **David Letterman** Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

**20.00** **HM 2006** (Finnland – Holland) Bein útsending frá leik Finnlands og Hollands í 1. riðli. Hollendingar unnu fyrri leik þjóðanna, 3-1, í Amsterdam og berjast við Tékka um sigurinn í riðlinum.

**22.00** **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.

**22.30** **David Letterman** Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

**23.15** Tiger Woods (2:3) **0.10** Olíssport **0.35** HM 2006. Bein útsending frá viðureign Argentínu og Brasilíu í undankeppni HM 2006

## POPP TÍVÍ

**20.00** Game TV **20.30** Sjáðu **21.00** Tvíhöfði (e) **21.30** Real World: San Diego

**HALLMARK**

**12.45** Bridesmaids **14.15** Skylark **16.00** Early Edition **16.45** The Prince and the Pauper **18.15** Ford: The Man and the Machine **20.00** Law & Order Vii **20.45** Hostage Hotel **22.15** Word Of Honor **0.00** Law & Order Vii **0.45** Ford: The Man and the Machine **2.30** Hostage Hotel

**BBC FOOD**

**12.00** Giorgio Locatelli – Pure Italian **12.30** Ready Steady Cook **13.00** The Naked Chef **13.30** Made to Order **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Floyd's India **15.30** Ready Steady Cook **16.00** A Cook's Tour **17.00** The Italian Kitchen **17.30** Coconut Coast **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Ching's Kitchen **19.30** Chefs at Sea **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Street Cafe **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**

**13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR-Derude direkte med S¢ren Ryge Petersen **14.30** Den nye have **15.00** Braceface **15.30** Junior-Dox **16.00** Peter Plys **16.20** Gurli Gris **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være **17.25** Hunde på job **17.50** Drengen der fik et ansigt **19.00** TV Avisen **19.25** Profilen **19.50** SportNyt **20.00** Pollock **21.55** Onsdags Lotto **22.00** Vor Frue by night

**SV1**

**12.15** Vinddriven **14.00** Rapport **14.05** På fisketur med Lars & Bård **14.35** Familjen Anderson **15.00** Folklorefest i Veliko Turnovo **15.30** Krokodill **16.00** Rent hus **16.30** Kalle och hans nalle **16.40** Slut för idag... tack för idag **16.55** Minifixat **17.05** Sagoberättaren **17.30** Rapport **18.00** När storken sviker **18.30** Mitt i naturen **19.00** Dum & dummare **20.45** Musikspecial: Missy Elliott **21.15** Rapport **21.25** Kulturnyheterna **21.35** Fader Ted **22.00** En röst i natten **22.50** Sändning från SVT24


# Atlantsolía
## Reykjanesbæ




## Veljum samkeppni

Atlantsolía hefur opnað fullkomna sjálfsafgreiðslustöð í Reykjanesbæ. Við hverja dælu er kortasjálfsali sem tryggir hraða þjónustu og meira öryggi. Bensínstöðin tekur við öllum gerðum greiðslukorta sem hafa PIN númer(lykilorð).



## Aðstoðum við dælingu

Fram til 1. júlí veitir Ísak Þórðarsson aðstoð við dælingu virka daga milli klukkan 12 og 18 og um helgar milli 12 og 14.

ATLANTSOLIA

Atlantsolía - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

hausverk / SÍA / 5420



## HRÓSIÐ

*...fær Kjartan Jakob Hauksson, sem er lagður af stað á ný hringinn í kringum landið í árabát til styrktar Sjálfsbjörgu.*

## ÞRÍR SPURÐIR

Á AÐ SAMEINA SVEITARFÉLÖGIN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU?



Hanna María Karlsdóttir, leikkona og Reykvíkingur

**Hið besta mál**

Ja, er það ekki bara hið besta mál? Mér finnst alveg að það megi skoða það. Það getur vel verið að það sé skynsamlegt, ég bara hef ekki kynnt mér það nógu vel. Ég kannski hef ekki nógu sterka skoðun á þessu af því að ég er upprunalega Keflvíkingur. Reykjavík er ekki mín fæðingarborg.



Haraldur Freyr Gíslason, trommari og Hafnfirðingur

**Ömurleg hugmynd**

Mér finnst það ömurleg hugmynd. Vegna þess að Hafnarfjörður er hin sanna höfuðborg Íslands. Það á að leggja niður Reykjavík sem höfuðborg Íslands. Reykjavík er bara ljót borg og ég vil sem minnst af henni vita. Og hin sveitarfélögin ekki heldur, það væri ömurlegt ef Hafnafjörður sameinaðist þeim.



Stella Rósenkranz, danskennari og Garðbæingur

**Vil halda í sérstöðu bæjarfélagsins**

Ég get ekki sagt að ég sé hlynnt því að sameina sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Ég vil halda í sérstöðu bæjarfélagsins, í sérstöðu Garðabæjar. Ég myndi vilja halda þessu í núverandi stöðu.

*Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi F-listans hefur lýst því yfir að listinn vilji sameina sveitarfélögin 7 á höfuðborgarsvæðinu*



**Lárétt:** **1** vísdómsfuglinn, **6** ánægð, **7** málm, **8** leikfélag, **9** fæði, **10** mjólkurafurð, **12** ferðalag, **14** verkfæri, **15** kyrrð, **16** drykkur, **17** lærði, **18** kjáni.
**Lóðrétt:** **1** tjón, **2** liðin tíð, **3** tveir eins, **4** eðli, **5** fæða, **9** væntumþykja, **11** hæð, **13** lofa, **14** hik, **17** ónefndur.

**LAUSN.**

**Lárétt:** **1** ugluna, **6** sæl, **7** ál, **8** lr, **9** áta, **10** ost, **12** túr, **14** tól, **15** ró, **16** öl, **17** nam, **18** flón.
**Lóðrétt:** **1** usli, **2** gær, **3** ll, **4** náttúra, **5** ala, **9** ást, **11** hóll, **13** róma, **14** töf, **17** nn.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. 16.
2. Höskuldur Jónsson.
3. Mýrarljós.






FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**ÞÓRUNN HÖGNADÓTTIR** Hún verður nýr ritstjóri Innlit / Útlit og tekur við af „lærimeistara" sínum, Valgerði Mattíasdóttur.

ÞÓRUNN HÖGNADÓTTIR: BREYTINGA AÐ VÆNTA

# Fetar í fótspor Völu Matt

Þegar Valgerður Mattíasdóttir hætti með Innlit / Útlit og færði sig yfir á sjónvarpsstöðina Sirkus, sem rekin er af 365, var ljóst að hefja þyrfti leit að eftirmanni hennar. Henni er nú lokið og var ekki leitað langt yfir skammt. Það verður lærisveinn Völu, Þórunn Högnadóttir, sem mun ritstýra þáttunum en hún hefur aðstoðað Völu undanfarið ár í þáttunum.

Þórunn var reyndar á leiðinni út úr bænum þegar Fréttablaðið náði tali af henni, ætlaði að fara austur á Hótel Geysi til þess að aðstoða þar við margvíslega hluti.

„Já, ég er að taka við hlutverki Völu," staðfestir hún og viðurkennir að það eitt og sér verði allskostar ekki létt verk. „Mér líst bara vel á þetta þótt það verði erfitt að feta í fótspor hennar Völu," segir hún en er þó full sjálfstrausts enda vafalaust fengið góða reynslu af samstarfi sínu með Völu.

Þórunn, sem ekki er menntaður hönnuður, hefur unnið lengi sem stílisti og aðstoðað fólk við að gera híbýli þess smekkleg. „Innanhúshönnun hefur lengi verið ástríða hjá mér," segir hún.

Innlit / Útlit hefur verið einn vinsælasti þátturinn í íslensku sjónvarpi undanfarin ár. Þrátt fyrir það fær þátturinn smá upplyftingu þó að yfirbragðið verði það sama. „Það verður ýmislegt gert til þess að stokka þáttinn upp og áhorfendur munu sjá breytingar," segir hún. „Við erum að vinna að því að fá nýtt og ungt fólk til þess að stjórna þættinum með mér en það er ekkert komið á hreint í þeim efnum," segir Þórunn, spennt yfir þessum tímum en nýju þættirnir munu væntanlega fara í loftið í ágúst. **freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



*Séð og heyrt* lækkaði á dögunum lausasöluverð blaðsins til að mæta samkeppni frá nýja glansritinu *Hér og nú*, sem er í eigu sömu aðila og Fréttablaðið. Sviptingar hafa að undanförnu verið í liðssveit Séð og heyrt en ritstjórar blaðsins, þeir **Kristján Þorvaldsson** og **Bjarni Brynjólfsson**, sitja sem fastast og hafa gert frá upphafi blaðsins. Þeir hafa nýlega fengið til liðs við sig sunnlenska blaðamanninn **Sigurð Boga Sævarsson** til að fylla það skarð sem myndaðist þegar **Hanna Eiríksdóttir**, dóttir hins skelegga blaðamanns **Eiríks Jónssonar**, skipti um vettvang og hóf störf á **DV**.







Innan borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna virðist mikil stemning fyrir komandi átökum við R-listann. Sjálfstæðismenn fengu aðeins sex borgarfulltrúa kjörna í síðustu kosningum en eins og frægt er orðið hirti F-listinn einn og R-listinn hlaut átta. Eins og alltaf þegar kosningar nálgast eru mörg nöfn nefnd en mikil stemning hefur í gegnum árin verið í prófkjörum hjá sjálfstæðismönnum. Allt lítur út fyrir að **Gísli Marteinn Baldursson** ætli sér ofarlega á lista og sama gildir um **Júlíus Vífil Ingvarsson** og **Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson**. Enn hefur engin kona bent á að hún ætli sér ofarlega á lista en einna helst hafa verið nefnd nöfn **Hönnu Birnu Kristjánsdóttur** og **Margrétar Einarsdóttir**.



# Geymir tvo gítara í glerkassa



Á föstudaginn fór fram menningaruppboð á Grand Rokk þar sem fjöldi þekktra hljóðfæra voru seld til safnara. Meðal þess sem boðið var upp var gítarinn hans JoJo, sem Bruce Springsteen tók í á Strikinu 1988.

Það var Guðlaugur Tryggvi Óskarsson, sem rekur fyrirtækið GT Óskarsson í Kópavogi, sem keypti gítarinn á 22 þúsund krónur. Gítarinn verður ekki í slæmum félagsskap hjá Guðlaugi því fyrir á hann Bubbagítarinn sem seldur var í söfnuninni Neyðarhjálp úr norðri. „Ég lét smíða sérstakan glerkassa utan um gítarinn hans Bubba og gítarinn hans JoJo fer sömu meðferð," segir Guðlaugur Tryggvi, sem er nýbyrjaður að safna gítörum. „Þegar byrjað er að safna getur maður ekki hætt," bætir hann við en meðal þess sem Guðlaugur hefur sankað að sér er tveir gamlir bílar, Kadilakk og Rússajeppi, auk nokkurra penna sem hann reyndar er hættur að safna. **freyrgigja@frettabladid.is**

**GUÐLAUGUR TRYGGVI** Fékk gítarinn hans Bubba í söfnuninni Hjálparhönd úr norðri og er nú kominn með Springsteen-gítarinn.

SIGIN GRÁSLEPPA, STÓR HUMAR

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
Opið laugardaga frá 10-14.30


Tækin sem allir eru að tala um og skila raunverulegum árangri!
Flott í sumar!
AFGERANDI ÁRANGUR
Eftir 8 vikna notkun sýndu óháðar rannsóknir :
• að jafnaði 3,5 cm minna mittismál
• 49% styrking kviðvöðva
• 72% aukin uppsetugeta
• 100% þátttakenda staðfestu stinnari og sléttari kviðvöðva
KORTER.IS
VERÐLÆKKUN
SLENDERTONE FLEXMAX
Öflugasta tækið
10 kerfi þar af 2 uppsetukerfi og
2 sportkerfi, auka blöðkusett. Styrkur 0-130
Verð nú kr. 17.900.- Verð áður kr. 26.900.-
"Vinkonupakki"
Kauptu 3 tæki á kr. 44.985.-
eða kr. 14.995.- pr. tæki
SLENDERTONE FLEX
7 kerfi, styrkur 0-99
Verð nú kr. 12.900.- Verð áður kr. 19.900.-
"Vinkonupakki"
Kauptu 3 tæki á kr. 29.985.-
eða kr. 9.995.- pr. tæki
Bjóðum nú einnig á lægra verði:
Slendertone buxur kr. 17.900.-
Baxsolve bakbelti kr. 14.900.-
Sendum í póstkröfu
Opið
Virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-15
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Síðan 1991

**Þakviðgerðir**

PACE ÞAKVIÐGERÐIR

Nánari upplýsingar á www.pace.is

Málarameistari sér um þakið

**555 7500**




BAKÞANKAR SIGURJÓNS M. EGILSSONAR

## Blöndal og ég

Kjarkur og þor eru eiginleikar sem ekki má gera lítið úr. Það er ekki nóg að hafa skoðanir og þora svo ekki að viðra þær. Einkum og sér í lagi þegar gert er á manns hlut, þegar verið er að ofbjóða manni og jafnvel vegið að virðingunni. Það er ekki síst af þessum sökum sem ég fæ varla orðað hvað ég er glaður með Halldór Blöndal, fráfarandi forseta Alþingis, þegar hann lætur garðeigendurna á Austurvelli heyra það. Það sér hver maður að steypukubbar í næsta nágrenni þinghússins munu stórskaða virðingu Alþingis.

**SKIL EKKERT** í borgarstjóranum að gera þetta, sumar eftir sumar eru settir niður þessir ljótu steypukubbar og þeir lagast lítt þótt festar séu myndir á kubbana. Þeir eru samt ljótir. Og afleiðingarnar eru öllum ljósar. Virðing Alþingis hefur beðið hnekki og það er þess vegna sem Halldór Blöndal bregst við af ákveðni og kjarki. Þótt borgarstjórinn ráði yfir Austurvelli er gjörsamlega vonlaust að Austurvöllur sé brúkaður til þess að draga úr virðingu Alþingis.

**SKIL EKKERT** í fólki sem hefur það sem stefnu í lífinu að rífa niður það sem aðrir byggja upp. Þjóðin veit að Halldór Blöndal hefur svo sannarlega farið á undan sínu fólki, þingheimi öllum, og byggt upp óumdeilda virðingu þingsins meðal okkar sem ekki erum á þingi. Þess vegna er eðlilegt að Halldór sendi bréf og bendi borgarstjóranum á hversu langt er gengið í að eyðileggja uppbyggingarstarf þingheims. Einmitt þegar virðingin er í hávegum kemur borgarstjórinn aftur með kubbana.

**SKIL EKKERT** í öðrum, svo sem talsmönnum Dómkirkjunnar og annarra sem lifa við Austurvöll að ganga ekki í lið með forseta Alþingis. Hann sem hefur lagt svo mikið á sig við að viðhalda og auka virðingu þingsins, með svo fínum árangri. Allir vita að brúki þingmaður munn, er hann víttur samstundis. Og virðingin eykst og eykst. Þess vegna væri aldeilis flott ef forseti þingsins gæti vítt borgarstjórann og kirkjuna sem kvartar ekki. Stöndum vörð um virðingu þingsins og krefjumst þess að kubbarnir verði teknir af Austurvelli. Blöndal er minn maður.


# 100% sumar

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 2861



Þegar þú kaupir gjaldeyri fyrir 20.000 kr. eða færð þér kreditkort fylgir fallegt ferðahandklæði!

Gildir meðan birgðir endast.

*Lyklar að áhyggjulausu fríi*

- *Kreditkort* - traustar ferðatryggingar og auðveldur aðgangur að peningum hvar sem er
- *Greiðsluþjónusta* - láttu okkur sjá um reikningana meðan þú slappar af með fjölskyldunni
- *Reglulegur sparnaður* - núna er tíminn til að leggja grunn að næsta fríi
- *Netbankinn* - þú getur sinnt öllum þínum bankamálum á fljótlegan og öruggan hátt um allan heim

**Hafðu það gott í sumar ...**

Íslandsbanki hvetur fólk til að njóta sumarsins og hafa ekki áhyggjur af fjármálunum. Við bjóðum fjölmargar leiðir sem stuðla að þægilegu og áhyggjulausu sumarfríi.

**Þú færð nánari upplýsingar hjá þjónustufulltrúum í útibúum Íslandsbanka, í þjónustuveri í síma 440 4000 og á isb.is.**

**... og mundu eftir handklæðinu!**

ÍSLANDSBANKI | 100%





# Hljómfagur flutningur

Hljómtækja- og skrifstofutækjadeild ORMSSON flytur

Verslunarsvið Ormsson er nú í tvennu lagi:

Á gamla staðnum í Lágmúla eru nú sem áður öll eldhústækin og innréttingar, ásamt þvottavélum og þurrkurum, meðan hljómtækja- og skrifstofutækjadeildin er búin að hreiðra um sig í Síðumúla 9, þar sem Mál og Menning var til margra ára og Bílanaust þar á undan.

Þetta þýðir að nú fer betur um menn og tæki og **Pioneer**, **Sharp**, **Samsung**, **Olympus**, **Nikon**, **Nintendo**, **Jamo**, **Loewe** og öll hin gæðamerki Ormsson njóta sín nú sem aldrei fyrr og þjónustan sömuleiðis. Sama má segja um **AEG**, **HTH** innréttingar og önnur merki í Lágmúlanum.

Sími 530-2800

ORMSSON SÍÐUMÚLA 9

*Hljómtækja- og skrifstofutækjadeild ORMSSON flytur í Síðumúla 9 · Fjöldi tilboða! · Lítið í heimsókn!*